

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. janúar 2005 – 27. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR




UMDEILDUR AÐALFUNDUR Heimildir herma að verið sé að skapa bakland fyrir Pál Magnússon varaþingmann í Kópavogi. Hann sé á leið í bæjarpólitíkina. Sköndin umræða, segir eiginkona Páls. **Sjá síðu 2**

SAMBANDSLAUST Á SÚÐAVÍK Það er ekki á valdi Símans að koma í veg fyrir snjóflóð, að sögn Evu Magnúsdóttur, upplýsingafulltrúa fyrirtækisins. Þetta kom fram í svari Símans við fyrirspurn Ómars M. Jónssonar, bæjarstjóra í Súðavík. **Sjá síðu 2**

SKEYTTI EKKI UM LÍF STÚLKU Maður hefur verið dæmdur í eins og hálfis árs fangelsi fyrir að hafa ekki komið ungrri stúlkunni í bráðri lífshættu til hjálpar. Stúlkun lést vegna barnvænar kólkans- og e-töflu eitrunar. **Sjá síðu 4**

LEKI FORDÆMDUR Utanríkisráðgjafi nefnd fordæmir harðlega að trúnaðarupplýsingar frá fundum nefndarinnar um Íraks-málið hafi komist í hendur Fréttablaðsins. **Sjá síðu 6**

VEDRIÐ Í DAG



ÞAÐ DREGUR ÚR VINDI NORDANLANDS Í DAG EN VERÐUR ÁFRAM VINDSAMT ENGU AÐ SÍÐUR Það hlýnar um tíma á landinu í dag. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG




TÓNLEIKAR Í SALNUM Alina Dubik mezzósópran og Jónas Ingimundarson píanóleikari flytja söngva slavn-eskra tónskálda í Salnum í Kópavogi. Tónleikarnir hefjast klukkan 16.

Kvikmyndir	38	Myndlist	34
Tónlist	34	Íþróttir	30
Leikhús	34	Sjónvarp	40

Meðalrestur dagblaða

Karlar 20-40 ára



Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup's nóvember 2004

Launamunurinn hefur aldrei verið meiri

Samkvæmt útreikningum fjármálaráðuneytisins hefur launamunur aukist á undanförunum árum. Niðurstaðan er samkvæmt staðli sem hefur ekki verið notaður hér á landi síðan Þjóðhagsstofnun var lögð niður. Þingmaður stjórnarandstöðu óskaði eftir útreikningnum.

KJARAMÁL Launamunur hefur aukist mikið hér á landi miðað við alþjóðlega Gini-stuðulinn sem mælir tekjudreifingu. Kvarðinn tekur gildi frá núll og upp í einn, en því hærra sem hann er, því ójafnari er dreifing tekna. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðherra hefur mismunur ráðstöfunartekna hjóna og sambúðarfólks aukist úr 0,206 árið 1995 í 0,3 árið 2003. Það telst mjög marktæk breyting. Útreikningur á stuðlinum byggist á öllum tekjum en ekki einungis launatekjum.

Sigurjón Þórðarsson, þingmaður Frjálslyndra, beiði nýverið fyrirspurn til Geirs H. Haarde fjármálaráðherra um útreikning á stuðlinum, en hann hefur ekki verið gerður hér á landi síðan Þjóðhagsstofnun var lögð niður árið 2002.

Sigurjón Þórðarsson segir að tekjumunur hér á landi sé greinilega að aukast mikið og hann eigi enn eftir að aukast þegar boðaðar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar komi til framkvæmda því þær komi nánast eingöngu hinum efna-meiri til góða. Hann segir tekju-

mun í nágrenniþjóðum stöðugan á meðan hann aukist hér á landi. „Tekjumunur fólks hefur lítið verið í umræðunni upp á síðkastið vegna þess að ríkisstjórnin hætti þessum útreikningum,“ segir Sigurjón. „Þetta er grundvallarbreyting á þjóðfélaginu og í næstu kosningum verður þjóðin að taka afstöðu til þess hvort það sé í þessa átt sem hún vill þróast.“

Pétur Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir að ný starfsgrein hafi orðið til með tilkomu og stækkun fjár-

málastofnana. Starfsfólk þar fái greidd há laun og það kunni að skýra þróun Gini-stuðulsins hér á landi að hluta. „Annars hefði ég átt von á öðru þar sem lægstu laun hafa hækkað umfram önnur og það hefði átt að minnka þennan mun. En há laun í fjármálagæiranum virðast vega þetta upp.“

Talsmenn Alþýðusambandsins höfðu ekki skoðað niðurstöðu fjármálaráðuneytisins þegar leitað var eftir viðbrögðum í gærkvöld og ekki náðist í Geir H. Haarde fjármálaráðherra. **-gh**



VONBRIGÐI HJÁ VIGGÓ OG LÆRISVEINUM HANS Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari og lærisveinar hans, Einar Hólmgeirsson og Guðjón Valur Sigurðsson, voru að vonum svekktir eftir tapið gegn Rússum á HM í handbolta í Túnis í gær. Vonir íslenska liðsins um að komast í milliriðil eru nú nánast úr sögunni. **Sjá bls. 30-31**

Forstjóri Landhelgisgæslunnar um endurnýjun flotans:

Nýtt varðskip á rekstrarleigu

VARÐSKIP Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, vill að nýtt varðskip verði leigt en ekki keypt. Hann telur óskynsamlegt að verja þremur milljörðum króna til kaupa á nýju skipi og segir betri kost að greiða 150 milljónir króna í leigu á ári. Þá telur hann óþarft að nýtt varðskip verði sérhannað fyrir Íslendinga, ekki þurfi annað en að líta til norskra skipa sem notuð eru við svipaðar aðstæður og hér eru. Norska strandgæslan rekur 24 skip en á aðeins þrjú. Hin eru leigð.



NORSKT STRANDGÆSLUSKIP Nýtt varðskip Landhelgisgæslunnar gæti orðið svipað þessu.

Skipaleigu er háttað með svipuðum hætti og flugvéla-leigu og jafnvel rekstrarleigu bíla sem er alþekkt meðal Íslendinga.

Georg segir ýmsa kosti fylgja leigufyrirkomulaginu. „Í stað þess að binda þrjú milljarða í eign sem ónýtt smám saman gætum við greitt ákveðið leigugjald. Það ætti líka að leiða til skilvirkari endurnýjunar á þessum tækjum.“

Georg Lárusson rennir hýru auga til skipa á borð við þau sem meðal annars eru notuð í Noregi, það eru millistór fjölnota skip sem nýtast vel til allra verka sem Landhelgisgæslan sinnir.

- sjá viðtal við Georg á síðu 24. **- bps**

Besta afkomuár bankanna: Hagnaðar-met banka

VIÐSKIPTI Methagnaður var af bönkunum í fyrra. Viðskiptabankarnir þrír högnuðust um tæpa 40 milljarða króna. Ef Straumur er tekinn með er hagnaðurinn rúmur 46 milljarðar króna.

Afkoma Landsbankans kom verulega á óvart, en búist var við slakri afkomu af síðasta fjórðungi ársins vegna lækkandi hlutabréfaverðs. Landsbankinn skilaði einum milljarði í hagnað, en spár gerðu ráð fyrir allt að tveggja milljarða tapi á fjórðungnum.

Arður til hluthafa þessara skráðu banka fyrir árið í fyrra nemur á tólfta milljarð króna.

sjá síðu 11 **-hh**

Hvassviðri: Stormasamt á landinu

VEDUR Mjög hvasst var sums staðar á Vestfjörðum í gær. Lögreglan bað fólk um að vera ekki á ferli að nauðsynjalausu en vindhviður mældust yfir fjórutíu metrar á sekúndu á Þverfjalli. Að sögn lögreglu á Ísa-firði í gærkvöld hafði kvöldið reynst slysalaust.

Í gærkvöldi var einnig ofsaveður á þjóðvegi eitt við Kvísker í Öræfum. Vindhviður mældust þar 44 metrar á sekúndu síðdegis. Að sögn lögreglu urði engin óhöpp vegna veðurs. **-gh**

Kommablót í Neskaupstað

Alþýðubandalagið lifir enn fyrir austan



SÍÐA 28

Af flisum og bjálkum

Kári Stefánsson gengur á hölm við Hallgrím Helgason á ritvellingum



SÍÐUR 26 & 27



SPURNING DAGSINS

Árni, er verið að grafa undan þér?

„Nei, en það hefur skapast tækifæri til að nota þessa ágætu fjölmiðlamenn til að grafa sjálf göngin til Eyja.“

Fréttastofa Stöðvar 2 flutti víðtal við upplýsinga- fulltrúa verktakafyrirtækisins NCC sem sagði að Árni Johnsen færi með rangt mál þegar hann full- yrti að fyrirtækið hefði metið kostnað við gerð jarðganga til Vestmannaeyja.

Vinumálastofnun:

15 leyfi til viðbótar

VINNUMARKAÐUR Vinnumálastofnun gaf í gær út 15 atvinnuleyfi til viðbótar við þau 24 sem gefin voru út fyrir í vikunni. Leyfin eru einkum gefin út fyrir Kínverja og Pakistana sem munu starfa hjá Impregilo á Kárahnjúkum.

Í næstu viku verður fundur með fulltrúum Impregilo til að fara yfir umsóknir frá fólki á EES-svæðinu og framhaldið metið.

Þá hafa verið gefin út nokkur atvinnuleyfi fyrir önnur fyrirtæki, m.a. í þjónustugeiranum.

- ghs

Síminn:

Samningar voru felldir

KJARAMÁL Símsmiðir og rafeindavirkjar hjá Símanum hafa felld kjarasamninga sem Rafiðnaðarsambandið gerðu við fyrirtækið. Á kjörskrá voru 250 manns en 133 greiddu atkvæði. Rúmlega helmingur þeirra, eða 71, greiddi atkvæði gegn samningnum en 61 félagsmaður samþykkti hann.

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir að símsmiðir hafi verið óánægðir með samninginn. Þeir hafi sett ákveðin grundvallarskilyrði sem hafi ekki verið uppfyllt. Hann segir að búið sé að boða til samningafundar með Símanum á mánudagsmorgun.

- ghg

STJÓRNSÝSLA

NÝR FORSTJÓRI Hildur Dungal lögfræðingur hefur verið skipað í embætti forstjóra Útlendingastofnunar frá og með 1. febrúar. Það er Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sem skipar í stöðuna. Hildur er 33 ára og tekur við embættinu af Georg Kr. Lárusyni.

Öryggiskröfur vegna kosninganna í Írak enn hertar:

Útgöngubann lengt og lokað fyrir umferð

ÍRAK, AP Á annan tug óbreyttra borgara og íraskra lögreglumanna létust í árásum uppreisnarmanna í Írak í gær. Þá voru fimm bandarískir hermenn drepnir í þremur árásum í Bagdad.

Uppreisnarmenn súnní-múslima, sem hafa beðið fólk að sniðganga kosningarnar á morgun, hafa hóttað hertum árásum og segja að spjótunum verði beint að kjörstöðum. Vegna þessa á enn að auka öryggiskröfur vegna kosninganna. Útgöngubann hefur verið lengt og landamærum landsins verður lokað, sem og flugvællinum í Bagdad. Þá hefur enn ekki verið tilkynnt hvar kjörstaðirnir eru.

Á kjördag verður lokað fyrir



bílaumferð óbreyttra borgara.

Stuðningsmenn hryðjuverkamannsins Abu Musab al-Zarqawi sögðust í gær hafa myrt einn af frambjóðendum á lista Iyad Allawi, bráðabirgðaforsætisráðherra landsins. Í gærkvöldi höfðu þær fréttir ekki verið staðfestar en mennirnir sögðust ætla að birta myndir af morðinu á vefsíðu sinni.

Í gær kusu um 280 þúsund Írakar búsettir utan heimalands síns utan kjörstaðar í fjórtán löndum. ■

HERMAÐUR FYLGIST MEÐ UMFERÐ

Bandarískur hermaður fylgist með umferð við Kirkuk í Írak. Öryggisgæsla verður enn hert í dag og á morgun.

Páll ekki á leið í bæjarmálin

43 konur skráðu sig í Freyju, félag framsóknarkvonna í Kópavogi, daginn fyrir aðalfundinn. Heimildir herma að verið sé að skapa bakland fyrir Pál Magnússon. Hann sé á leið í bæjarpólitíkina. Skondin umræða segir eiginkona Páls.

STJÓRN MÁL Una María Óskarsdóttir, fyrrum aðstoðarmaður Sivjar Friðleifsdóttur, var felld úr stjórn Freyju, félags framsóknarkvonna í Kópavogi, á aðalfundi á fimmtudagskvöld. Una var varaformaður félagsins.

43 konur höfðu skráð sig í félagið fyrr um daginn með aðstoð Aðalheiðar Sigursveinsdóttur. Aðalheiður er kona Páls Magnússonar, aðstoðarmanns Valgerðar Sværisdóttur viðskipta- og iðnaðarráðherra.

Lögmæti fundarins hefur verið dregið í efa. Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, segir að á framkvæmdastjórnarfundum flokksins í gær hafi verið ákveðið að vísa málinu til laganeftar hans.

Gagnrýnt hefur verið að félagskonur hafi ekki vitað um fjölgunina í félaginu. Konur hafi skráð sig sem ekki séu með heimilisfang í Kópavogi. Meðal þeirra sé Edda Björg Hákonardóttir, eiginkona Árna Magnússonar félagsmálaráðherra, bróður Páls, sem búsett sé í Hveragerði.

Aðalheiður segir konurnar hafa farið að lögum Framsóknarflokksins. Ekkert mæli gegn því að Edda skrái sig í félagið. Aðalheiður meti stuðning hennar mikils.

Heimildarmenn segja að með innkomu kvennanna í félagið sé stuðningsmönnum Páls Magnússonar fjölgað verulega. Þrjú félög starfi í Kópavogi. Þau kjósi full-



UNA MARÍA ÓSKARSDÓTTIR
Var varaformaður Freyju en féll úr stjórn félagsins. Lögmæti fundarins verður kannað.

trúa inn í fulltrúaráð, sem raði á prófkjörlista og ráði leikreglum hans. Stefnan sé tekin á að Páll Magnússon leiði Framsókn í næstu bæjarstjórnarkosningum.

Aðalheiður segir umræðuna skondna. „Ég hef ekki heyrt að Páll sé á leiðinni í framboð í Kópavogi. Hann hefur verið á vettvangi landsmálanna en hann er og



AÐALHEIÐUR SIGURSVÆINSDÓTTIR
Kona Páls Magnússonar segir markmið kvennanna ekki að koma Páli í bæjarmálin.

verður gríðarlega sterkur í Kópavogi.“

Aðalheiður segir markmiðið hafa verið að koma Sigurbjörgu Vilmundardóttur, fyrrum ungliða Framsóknarflokksins, sem settist í bæjarstjórn Kópavogs við fráfall Sigurðar Geirdal, að sem fulltrúa Freyju í næstu bæjarstjórnarkosningum.

gag@frettabladid.is



RÓBERT MARSHALL
Vill starfa áfram sem formaður Blaðamannafélagsins. Aðalfundur er í vor.

Blaðamannafélag Íslands:

Staða formanns rædd

FUNDUR Stjórn Blaðamannafélags Íslands hefur verið boðuð til fundar á mánudag til að ræða stöðu mála eftir að formaður félagsins sagði upp starfi sínu á Stöð 2 eftir að fréttastofa stöðvarinnar dró til baka og baðst afsökunar á frétt hans. Róbert lýsti því yfir að hann hygðist áfram gegn formennsku í Blaðamannafélaginu. Arna Schram varaformaður sagðist ekki geta svarað því hvort Róbert nyti trausts til þess enda hefði stjórnin ekki hist. Fundur hefði verið boðuð til að ræða málið á mánudag.

- ás

LÖGREGLUFRETTIR

ÍTALIR FASTIR Í SKAFLI Átta Ítalir og einn Íslendingur festu bifreið sína í skafl í við Berserkjahraun í umdæmi lögreglunnar í Stykkishólmi. Hún fékk hjálparbeiðni frá fólkinu um hálf fjögur í gær. Björgunarsveitin Berserkir var kölluð til og kom fólkinu úr skaflinum um hálfri stund síðar. Ferðamennirnir voru á fáfarinni leið sem er ófær. Ætluðu Ítalarnir að kvikmynda landslagið.

HRATT KEYRT Á KÁRAHNJÚKUM Fjórir voru teknir fyrir of hraðan akstur á Kárahnjúkasvæðinu fyrir hádegi í gær. Sá sem hraðast ók var á 120 km hraða. Níutíu kílómetra hraðahámark er á veginum upp að Kárahnjúkum.

Veldu létt

... og mundu eftir ostinum!



Ekki á valdi Símans að koma í veg fyrir snjóflóð segir upplýsingafulltrúinn:

Sambandslaus í hættuástandi

FJARSKIPTI Það er ekki á valdi Símans að koma í veg fyrir snjóflóð, að sögn Evu Magnúsdóttur, upplýsingafulltrúa fyrirtækisins. Þetta kom fram í svari Símans við fyrirspurn Ómars M. Jónssonar, bæjarstjóra í Súðavík, sem hann sendi vegna þess að bærinn varð algjörlega símasambandslaus í óveðri 4. janúar síðastliðinn. Á sama tíma var ófært á milli Súðavíkur og Ísafjarðar.

Ómar segir að síminn sé mikilvægt öryggistæki í tilfellum sem þessum þegar hættuástand skapast. Sambandið rofnaði aðfaranótt 4. janúar og kom aftur á um klukkan sex síðdegis. „Á þessum tíma var mikilvægt að vera í sambandi við almannavarnarnefnd á Ísafirði. Einnu samskiptin sem við gátum haft voru í gegnum talstöð björgunarsveitarinnar í bænum.“



SÚÐAVÍK

Bærinn varð símasambandslaus í óveðri í byrjun mánaðar. Ófært var til Ísafjarðar og einu samskiptin við umheiminn fóru fram í gegnum talstöð.

Ómar sendi Símanum fyrirspurn vegna málsins og hann segir fyrirtækið hafa brugðist vel við. „Þeir fullvissuðu okkur um að þetta yrði skoðað af mikilli alvöru. Þeir ætla að lágmarka lík-

urnar á því að þetta endurtaki sig og það kemur til greina að skipta farsíma- og talsímakerfunum á milli fleiri stöðva. Þá heldur annað áfram að virka þó hitt bili.“

- ghg

ÞÚ FÆRÐ MEIRA

VÖ XT UR

Vöxtur er alhliða fjármálaþjónusta sem samanstendur af bankaþjónustu KB banka, tryggingaþjónustu frá VÍS, Lífs og Alþjóða líftryggingarfélaginu og bílafjármögnun frá Lýsingu.

Vöxtur færir þér ekki aðeins aukna þjónustu heldur nýtur þú hagræðisins í beinhörðum peningum.

Þú færð meira með Vexti!

Pantaðu ráðgjöf á
www.voxtur.is og
sjáðu hvað þú færð
meira með VEXTI.



KB BANKI

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 28.1.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	61,99	62,29
Sterlingspund GBP	117,02	117,58
Evra EUR	80,88	81,34
Dönsk króna DKK	10,88	10,93
Norsk króna NOK	9,81	9,86
Sænsk króna SEK	8,90	8,95
Japanskt jen JPY	0,60	0,60
SDR	XDR	94,30 94,86

Gengisvísitala krónunnar
111,25-0,22%

Heimild: Seðlabanki Íslands

4

Þingsályktunartillaga:

Efling vegagerðar með veggjöldum

SAMGÖNGUR Gerð verður úttekt á kostum til að auka fjárfestingar í vegagerð með veggjöldum ef þingsályktunartillaga Einars K. Guðfinnssonar og Halldórs Blöndal, þingmanna Sjálfstæðisflokksins, verður samþykkt.

Í greinargerð með tillögunni segir að Íslendingar verji líklega hlutfallslega meira fé í vegagerð en flestar aðrar þjóðir. Samkvæmt samgönguáætlun 2003 til 2014 eigi að verja tæpum 72 milljörðum króna til málaflokksins. Þó sé ljóst að þörf sé á frekari uppbyggingu og að tugi milljarða króna vanti til að uppfylla allar óskir.

Þingmennirnir nefna að það



VIÐ HVALFIJARDARGÖNG

Eina umferðarmannvirkið á landinu þar sem krafist er veggjalds.

tíðkast víða erlendis að nota veggjald við gerð stórra og dýrra samgöngumannvirka. Hér hafi slíkur kostur hins vegar lítið verið beitt. Því þurfi að hyggja að því hvar megi koma við frekari

veggjöldum til að stuðla að aukinni vegagerð í landinu. Verði tilagan samþykkt verður samgönguráðherra falið að gera úttekt á möguleikum í þeim efnum.

- ghg

Samtök iðnaðarins:

Vilja stöðva „Iceland“

VÍDSKIPTI Samtök iðnaðarins hafa ákveðið að senda inn athugasemdir til bresku einkaleyfastofunnar og Evrópusambandsins vegna áforma verslunarkeðjunnar Iceland Foods í Bretlandi um að skrá vörumerkið Iceland í fjölmörgum vöruflokkum í Bretlandi og innan ESB.

Telja samtökin að áformin stangist á við viðskiptahagsmuni íslenskra fyrirtækja. Utanríkisráðuneytið hefur mótmælt umsóknunum og telur þær trufla markaðsstarf íslenskra fyrirtækja og kynningarstarf á vegum ríkisstjórnarinnar. Fleiri hagsmunasamtök hyggjast gera athugasemdir. ■



Í HÆSTARÉTTI

Aðgangur nýbúa að lögfræðingum hér á landi verður greiddur hér eftir.

Nýbúar:

Listi á nýu tungumálum

LÖGMENNSKA Aðgengi nýbúa á Íslandi að lögmönnum hefur batnað mikið eftir að Lögmannafélag Íslands þýddi lögmannaalista á heimasíðu sinni á sex ný tungumál. Áður var listinn einungis á íslensku, ensku og dönsku en hefur nú verið þýddur á þýsku, frönsku, spænsku, serbnesku, taílensku og pólsku.

Með listanum gefst almenningi kostur á að leita að lögmönnum eftir ákveðnum málaflokkum sem þeir sérhæfa sig í. Vefslóðin á heimasíðu Lögmannafélagsins er www.lmf.is. ■

Hæstiréttur:

Höggvið á launahnút

DÓMSMÁL Hæstiréttur sneri dómi héraðsdóms á fimmtudag og gerir fyrirtækin Umhverfissrannsókn-um að greiða VSÓ ráðgjöf um 130 þúsund krónur.

Umhverfissrannsóknir unnu við skýrslugerð um Norðlingaölduveitu og kröfðust um 2,6 milljóna í greiðslu fyrir. VSÓ ráðgjöf hafði greitt rúma 1,5 milljón og átti samkvæmt dómi héraðsdóms að greiða upp skuld sína.

Í dómi Hæstaréttar segir að í óundirrituðum samningi milli fyrirtækjanna hafi ekki verið samið um alla þá vinnu sem reidd var af hendi.

- gag

Maður hefur verið dæmdur í eins og hálfis árs fangelsi fyrir að hafa ekki komið ungri stúlku í bráðri lífshættu til hjálpar. Alvarlegt brot sem ber vott um skeytingarleysi gagnvart lífi stúlkunnar, segir í dómnum.

DÓMSMÁL Ríflega 32 ára Reykvik-ingur hefur verið dæmdur í 18 mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa ekki komið stúlku sem var í bráðri lífshættu vegna fíkniefnaneyslu til hjálpar. Stúlkun lést mánuðagskvöldið 25. ágúst í íbúð við Lindargötu 12.

Áður en stúlkun lést höfðu maðurinn og stúlkun bæði verið við fíkniefnaneyslu í íbúðinni frá því snemma að morgni mánuðags og fram eftir degi. Maðurinn bar því við fyrir dómi að eftir klukkann fjögur síðdegis hefði hann farið í annað hús að sækja hass. Þegar hann hefði komið til baka fimmtán mínútum síðar hefði stúlkun verið í krampakasti eftir að hafa sprautað sig með fíkniefnum. Maðurinn sagðist hafa sett hendur sínar undir handarkrika stúlkunnar og gengið með hana

um gólf. Síðan hefði hann tvisvar sett hana í kalda sturtu og lagt hana í rúm inni í svefnherbergi. Þar hefði hún skolið í krampa og verið með froðu í báðum munnvikum. Maðurinn sagðist hafa beitt blástursaðferð og hjartahnoði áður en hann hringdi í Neyðarlínuna um klukkan 20.30.

Þegar lögreglan kom á vett-

vang lá stúlkun nakin í rúminu með breitt upp að vanga. Lögreglan segir að húð stúlkunnar hafi verið orðin gul að lit, köld viðkomu og enginn puls fundist.

Í krufningarskýrslu kemur fram að stúlkun hafi látist vegna banvænnar kókaíns- og e-töflu eitrunar. Í skýrslunni kemur einnig fram að hugsanlegt hafi verið að stúlkun hefði lifað eitrunina af, hefði henni verið strax komið undir læknishendur. Fyrir dómi sagðist maðurinn ekki vera ábyrgur gerða sinna umræddan dag því hann hefði verið í losti vegna þess sem komið hefði fyrir stúlkuna og undir áhrifum bæði áfengis og fíkniefna. Í niðurstöðu dómsins segir að framferðir mannsins þennan umrædda dag beri vott um skeytingarleysi hans gagnvart lífi ungrar stúlkunnar sem í ástandi sínu hafi verið honum að öllu leyti háð um líf sitt. „Er hér um alvarlegt brot að ræða,“ segir í dómnum.

Frá því árið 1993 hefur maðurinn nokkrum sinnum verið dæmdur fyrir auðgunar- og fíkniefnabrot. Síðast gekkst hann undir dómssátt vegna fíkniefnabrots í apríl árið 2003.

trausti@frettabladid.is



VIÐ LINDARGÖTU

Ljóst þykir að stúlkun hafi verið í losti í þrjá til fjóra klukkutíma áður en hringt var í Neyðarlínuna.



CONDOLEEZZA RICE

Rice heimsækir átta Evrópulönd í næstu viku.

Bandaríkin:

Rice til Palestínu

BANDARÍKIN, AP Fyrsta opinbera heimsókn Condoleezza Rice sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna verður til Mið-Austurlanda. Háttsettir menn innan ráðuneytisins segja að vegna batnandi samskipta Ísraela og Palestínanna vilji Rice leggja áherslu á að koma friðarviðræðum á skrið.

Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraela, hefur hrósað Mahmoud Abbas, forseta Palestínu, fyrir að ná að semja um vopnahlé við öfgamenn og banna almenningi að bera vopn. ■

Evrópa:

Kúariða í geit

BRETLAND Evrópskir vísindamenn hafa staðfest að í fyrsta skiptið hafi Creutzfeldt-Jakob sjúkdómurinn (kúariða) greinst í geit. BBC greinir frá þessu.

Þetta mun vera í fyrsta skiptið sem veikin finnst í öðrum dýrum í kúm. Sjúkdómurinn var greindur í geit sem slátrað var í Frakklandi árið 2002. Vísindamenn segja mjög slæmt að sjúkdómurinn hafi nú greinst í annarri dýrategund sem maðurinn leggur sér til munnis.

Meira en hundrað manns hafa látist af Creutzfeldt-Jakob sjúkdómnum. ■

Súr hvalur
Harðfiskur að vestan
og hákarl frá Bjarnarhöfn
Stór humar
og risarækjur
opið laugardaga frá 10-14.30


Fiskbúðin Vör
- Fiskikóngurinn -

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70


Veðrið

Áfram vindasamt. Það má reikna með talsverðum vindi áfram í dag, þótt eitthvað dragi úr vindi norðanlands. Það er töluvert hvasst á miðunum norður af landinu og þá er hættu á að það veður gangi yfir norðurströndina. Hitatölur eru þokkalegar í dag en það gæti kólnað á morgun fyrir norðan en það verður áfram frostlaust syðra. Það má búast við rigningu sunnan- og vestanlands í dag og einhverri vætu þar næstu dagana.


Í dag



Á morgun



Mánudagur



Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	-1°C sk.m.köflum	Þórshöfn	9°C skýjað
Oslo	3°C skýjað	London	9°C skýjað
Stokkhólmur	-3°C léttskýjað	Glasgow	12°C sk.m.köflum
Helsinki	-5°C skýjað	Paris	4°C sk.m.köflum

Kveðja,
Guðrún,
Arnardóttir
náttúrufræðingur.



Svæði þar sem búast má við talsverri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Frábært
verð

Innimálning, 10 ltr
Jotun. Hefðbundin plast málning á
stofur og herbergi gljástig 7
7119866-74



Málningarfata/bakki, 12 lítra
25 sm.
7006205



Flíspeysa, dökkblá
Stærðir S-4XL
5860331-43

Flíspeysa, ólífugræn
Stærðir S-4XL
5860191-97



Pvottavél, Amica
1000 sn.
1805213



Örbylgjuofn
Bomann
1840896

Með grilli



Úlpa, Matrix
Svört/grá. Stærðir M-XXL
5868922-25

Verð áður 6.995
3.500

e6
TILBOÐ
eign greiðsla í 6 mánuði

Húsasmíðjan býður nú vaxtalaus lán á völdum
vörum. **e6 tilboðið** stendur fyrir enga
útborgun og enga vexti í 6 mánuði.*
*e6 tilboðin gilda aðeins fyrir korthafa Visa.

Gerðu góð kaup



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál



KJÖRKASSINN

Fylgist þú með HM í handbolta?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	62%
Nei	38%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefurðu sótt um launahækkun í vetur?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Eigendur fyrirtækja í Vesturvör 30b í Kópavogi: Vilja efnablöndun Mjallar Friggjar burt

KLÓRGAS Fjórir eigendur fyrirtækja í Vesturvör 30b í Kópavogi hafa afhent bæjaryfirvöldum skrifleg mótmæli vegna klórframleiðslu Mjallar Friggjar í húsinu á móti.

Í bréfi eigandanna til bæjaryfirvalda stendur: „Við eigendurnir að Vesturvör 30b í Kópavogi lýsum andstöðu okkar á að eigendur í Vesturvör 30c geti verið með efnaverksmiðju í okkar nálægð.“

Eyjólfur Bergþórsson, einn eigendanna fjögurra að Vesturvör 30b, segir þá ekkert hafa á móti fyrirtækinu sem slíku. Þar starfi gott fólk.

Þeir lýsi þó furðu sinni á því að Mjöll Frigg fái óreiðu að starf-



rækja efnaverksmiðju á staðnum.

Eigandi Mjallar Friggjar hefur sótt um bráðabirgðaleyfi til umhverfisráðuneytisins til klórframleiðslu næstu sex mánuðina. Umhverfisráðuneytið bíður upplýsinga frá Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.

Eyjólfur segir ekki hvarfla að sér að fyrirtækinu verði leyft að vera með efnablöndun á svæðinu.

- gag

MJÖLL FRIGG Í KÓPAVOGI Eigendurnir að Vesturvör 30b á móti Mjöll Frigg vilja ekki starfa við hlið efnaverksmiðju.

LÖGREGLUFRETTIR

MARGIR ÖLVADIR UNDIR STÝRI

Fjórir ökumenn voru teknir grundaðir um ölvun við akstur í Reykjavík aðfaranótt föstudags. Lögreglan segir það heldur mikið á fimmtudagskvöldi. Fólkið hafi verið tekið vítt og breitt um borgina.

BRÆLA Á MIDUNUM Fáir bátar voru á sjó í gær. Tilkynningar-skylda skipa skráði 151 bát á hádegis. Að meðaltali hafa um 300 bát-

ar verið á sjó á þessum tíma í janúar, mest rúmlega 420. Fæstir hafa þeir verið nítján en það var á nýársdag.

HRADAKSTUR UNDIR HAFNARFJALLI

Ungur ökumaður, fæddur 1983, var tekinn á 146 kílómetra hraða undir Hafnarfjalli á fimmtudag. Lögreglan í Borgarnesi segir aðstæður hafa verið mjög slæmar, myrkur og slæmt skyggni.



FRÁ FYRSTA FUNDI UTANRÍKISMÁLANEFNDAR EFTIR ÁKVÖRÐUNINA VIÐ STUÐNINGINN VIÐ ÍRAKSSTRÍÐIÐ

Fundargerðir nefndarinnar eru jafnframt merktar sem trúnaðarmál og dreift til tiltekins hóps manna, sem er 32 einstaklingar. Þagnarskyldan gildir um alla sem fá trúnaðargögn afhent og felst meðal annars í því að þeir mega ekki miðla upplýsingum til annarra, hvorki þingmanna eða óviðkomandi aðila.

Fordæmir lekann

Utanríkismálanefnd fordæmir að trúnaðarupplýsingar um Íraks málið hafi komist í hendur Fréttablaðsins. Hætt verður að dreifa fundargerðum. Stjórnarandstaðan fer fram á að trúnaði verði aflétt af ummælum forsætisráðherra.

ÍRAKSMÁLID „Allir nefndarmenn utanríkismálanefndar voru sammála því að fordæma þennan leka og líta hann mjög alvarlegum augum,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna.

Utanríkismálanefnd samþykkti á fundi sínum í gær að hætt yrði að dreifa fundargerðum nefndarinnar heldur yrðu þær einungis aðgengilegar til aflestrar á fundum nefndarinnar. Ástæðan er sögð vera fréttaskýring í Fréttablaðinu föstudaginn 21. janúar síðastliðinn þar sem skýrt var frá orðaskiptum á fundum nefndarinnar 19. febrúar og 21. mars 2003.

„Þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem upp hafa komið tilvik sem varða meðferð trúnaðarupplýsinga. Því er ástæða fyrir utanríkismálanefnd að taka þessi mál

mjög föstum tökum,“ segir í bókun frá utanríkismálanefnd í gær.

Samkvæmt lögum um þingsköp Alþingis og áralangri venju um þagnarskyldu nefndarinnar er allt það sem fram fer á fundum nefndarinnar trúnaðarmál nema annað sé tekið fram.

„Utanríkismálanefnd átelur harðlega þann trúnaðarrest sem átt hefur sér stað með því að trúnaðarupplýsingar virðast hafa komist í hendur óviðkomandi aðila. Nefndin beinir því til formanna þingflokka á Alþingi að þeir taki málið upp á fundi með þingmönnum sínum og brýni fyrir þeim þau lagaákvæði sem um meðferð trúnaðargagna gilda og nauðsyn þess að virða trúnað. Að gefnu tilefni bendir utanríkismálanefnd á að brot af þessu tagi getur varðað refsingu

samkvæmt almennum hegningarlögum,“ segir í bókuninni.

Stjórnarandstaðan lagði fram formlega beiðni um það á fundinum í gær að trúnaði af ummælum Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra í utanríkismálanefnd er vörðugu Íraks málið yrði aflétt. „Við höfum jafnframt áhuga á að ræða við Eirík Tómasson lagaprófessor, sem vann greinargerð fyrir ríkisstjórnina um lögmæti ákvörðunarinnar um stuðninginn við Íraksstríðið. Við viljum vita hvort ríkisstjórnin hafi sýnt honum meiri gögn en utanríkismálanefnd fær aðgang að í málinu. Þá hef ég sérstakan áhuga á að ræða við hann um hvernig hann getur tjáð sig um samráðsskyldu við utanríkismálanefnd án þess að hafa fundargerðir undir höndum,“ segir Steingrímur. sda@frettabladid.is



Sendiráð Ítalíu í samstarfi við Ítalsk-Íslenska verslunarráðið, Klink og Bank og Samtök ítalskra arkitekta efna til sýningarinnar



Klink&Bank

FRÁ FÚTÚRISMA TIL MÖGULEGRAR FRAMTÍÐAR Í ÍTÖLSKUM SAMTÍMA ARKITEKTÚR

Opnun Laugardaginn 29. janúar. kl. 17
Klink og Bank, Brautarholt 1, Reykjavík

Í Norræna húsinu kl. 14.00 þann sama dag býður Arkitektafélag Íslands í samvinnu við aðstandendur sýningarinnar til fyrirlesturs með Livio Sacchi, arkitekt og sýningarstjóra. Pallborðsumræður um sýninguna og samspil ítalsks og íslensks arkitektúrs fylgja í kjölfarið.

Opið fimmtudaga til sunnudags frá kl 14.00 - 18.00
Sýningin stendur til 13. mars 2005

Klink&Bank er samstarfsverkefni Landsbanka Íslands og Gallerí Kling&Bang



Landsbankinn

Kling & Bang gallerí

Skíðasvæði landsins:

Ört minnkandi snjór

SKÍÐI Í hlýindunum undanfarna daga hefur snjó tekið verulega upp á flestum skíðasvæðum landsins. Töluverður vindur er í veðurkortum helgarinnar og getur brugðið til beggja vona með opnun. Að sögn starfsmanns í Bláfjöllum er þar þó enn nægur snjór og ef veður leyfir verður svæðið opið um helgina.


Skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli við Akureyri hefur verið lokað vegna hlýinda og snjóleysis. „Það verður lokað að minnsta kosti í viku, jafnvel lengur ef veðurfarslegar aðstæður verða okkur óhagstæð-

ar,“ segir Guðmundur Karl Jónsson, staðarhaldari í Hlíðarfjalli.

Snjórinn á skíðasvæði Ísfröðinga hefur minnkað verulega en stefnt er á að hafa þar opið frá kl. 11 til 17 um helgina.

Nægur snjór er á tveimur efri skíðasvæðum Siglfirðinga. Að sögn starfsmanns svæðisins er veðurútlitið ekki gott á Norðurlandi um helgina og því óvíst að hægt verði að hafa svæðið opið. Sömu sögu er að segja frá Dalvík.

Ef veður leyfir verður skíðasvæðið í Oddsskarði opið frá klukkan 12 til 17 um helgina.



SKÍÐASVÆÐIÐ Í HLÍÐARFJALLI
Búið er að loka skíðasvæðinu þangað til aðstæður til skíðaiðkunar lagast.

Nægur snjór er í sólskinbrautinni og stefnt á að opna stóru lyftuna um eða eftir helgina.

- kk



Bylting í
Internetþjónustu

ADSL reikningurinn þinn kemur þér aldrei framar á óvart!

Tilboð á
búnaði fyrir
þráðlaust
Internet



Verð:

2.490 kr.

BÚNAÐURINN

Miðað við 12
mánaða bindingu




Tilboðið gildir út febrúar 2005.

Veldu úr nýjum áskriftarleiðum fyrir Internet um ADSL hjá Símanum þar sem reikningurinn þinn fer aldrei yfir ákveðna hámarksupphæð en þú getur notað netið eins og þú vilt.*

Núverandi ADSL áskrifendur Símans ganga sjálfkrafa inn í nýju þjónustuna.

Síminn býður þráðlausan endabúnað á tilboðsverði til þeirra sem hann þurfa. Í öllum áskriftarleiðum er innifalin fyrirtaks vörn gegn vírusum og ruslpósti.

Kynntu þér málið á siminn.is



MEGANE

Mest seldi bíllinn

Veistu af hverju Renault Megane er mest seldi bíllinn í Evrópu annað árið í röð?

Skemmtilegur í akstri • Rásfastur og lipur • Hlaðinn áhugaverðum tækninýjungum

5stjörnu öryggi • Lág bilanatíðni • Hönnun af fremstu gerð • Rúmgóður • Ótrúlega vel búinn

Hagstætt verð • Efnisval og frágangur fyrsta flokks • Veitir aðgang að traustri þjónustu

Gæði • Öryggi • Áreiðanleiki • Mjög hagstæður í rekstri

Komdu í reynsluakstur í dag og finndu af eigin raun hvers vegna 1.176.955 manns ekur um á Renault. Höfum opið til frá kl. 12 til 16 í dag.

Renault Megane II
Verð frá kr. 1.770.000



Renault Megane II 5 dyra, 1600 / 16V
115 hestöfl, beinskiptur.
Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,2 ltr/100km
Þú eignast hann fyrir kr. 1.920.000
Bílasamningur kr. 19.690 á mánuði*

Kr. á mánuði

19.690

RENAULT

B&L

Grjóthálsi 1

575 1200

www.bl.is



Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílas Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Keykjanesebæ sími 421 4444
Bifreiðaverkstæði Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bifreiðaverkstæði Borgþórs Egilsstöðum sími 471 1436

Með bíllinn handa þér

Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% úthorun. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjafa í síma 575 1200.


*Bíll á mynd: Renault Megane 5 dyra með áföngum.

Kolsýrt vatn

2 LÍTRAR

89 KR.

Helgartilboð meðan birgðir endast

KOLSÝRT VATN
HREINT EÐA MEÐ
SÍTRÓNUBRAGÐIKARAMELLU
KAKA159
370g KR.

Kjúklingabitar

Ferskir
bitarFERSKIR BLANDAÐIR
HOLTA KJÚKLINGABITAR299
KR/kg

Bónusís

199
2 lítrar KR.

Ungnautahakk

699
kg KR.

Fjöldi tilboða á bonus.is

Ný bjórframleiðsla: Fjármögnun hefst í febrúar

SKAGAFJÖRÐUR Undirbúningi bjórframleiðslu í Skagafirði hefur miðað vel áleiðis og er stefnt að því að bjórframleiðsla hefjist þar í haust. Viðskipta- og rekstraráætlun liggur fyrir og verður kynningarbæklingur sendur til fjárfesta í febrúar.

Gert er ráð fyrir að 145 milljónir þurfi til að koma brugghúsinu í gang, 95 milljónir í hlutfé sem skipt verður milli einstaklinga og fagfjárfesta og 50 milljónir í lánum.

Leitað hefur verið tilboða í vélar, tæki, flutninga og hráefni.

Vilhjálmur Baldursson, stjórnarformaður Brugghússins ehf., segir að stefnt sé að því að

ná sjö prósentum af íslenska markaðnum. Markaðurinn í heild veltir um 1,6 milljörðum króna. 65 prósent þeirrar upphæðar eru innlend framleiðsla og afgangurinn innflutningur og er því stefnt að veltu upp á 112-115 milljónir króna.

Uppskrift að bjórnum liggur ekki fyrir en vonast er eftir samstarfi við lítil brugghús á Norðurlöndunum; í Noregi, Danmörku eða jafnvel 100 ára gamalt brugghús í Færeyjum.

- ghs

VILHJÁLmur BALDURSSON
Stjórnarformaður Brugghússins ehf.



Hafa stjórnvöld sofið á verðinum?

Félagsmálaráðherra vill reyna til þrautar að leysa deiluna við Impregilo og segir að starfshópur eigi að fjalla um stöðu erlendra starfsmannaleiga. Formaður Samfylkingarinnar telur að stjórnvöld hafi sofið á verðinum.

ALÞINGI Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, telur að stjórnvöld hafi sofið á verðinum og ekki sinnt ítrekuðum kröfum verkalyðshreyfingar og stjórnarandstöðu um að grípa í taumana og setja lög og reglur um starfsmannaleigur meðan alþjóðleg stórfyrirtæki á borð við Impregilo hafi stundað félagsleg undirboð og grafið undan samfélagsgerðinni.

Þetta kom fram í utandagskrárumræðu á Alþingi í gær um félagsleg undirboð á vinnumarkaði en Össur var málshefjandi þeirrar umræðu.

Össur gagnrýndi einnig stjórnvöld fyrir að hafa ekki tryggt að lögum um iðnréttindi væri fylgt við Kárahnjúka þar sem óbreyttir starfsmenn gengju í störf iðnaðarmanna svo að hundruðum skipti. Þá hefðu þau ekki enn tryggt að skattskylda væri hér á landi. Að-



**ÖSSUR
SKARPHÉÐINS-
SON**



**ÁRNI
MAGNÚSSON**

Árni Magnússon félagsmálaráðherra svaraði því til að það væri áhyggjuefni ef ekki væru greidd laun í samræmi við kjarasamninga. Lög eigi að tryggja að það sé gert óháð þjóðerni. Deilan geti farið fyrir félagsdóm og komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að samningur hafi verið brotinn sé undanþága til vinnustöðvunar.

Ráðherra vill viðhalda því vinnumarkaðskerfi sem hér er og láta reyna á málið til þrautar innan þess en mælir gegn opinberri eftirlitsnefnd. Starfshópur hafi fengið það hlutverk að fjalla um stöðu erlendra starfsmannaleiga og hann líti meðal annars til annarra landa.

ghs@frettabladid.is

stæður hér væru gróðrarstía fyrir starfsmannaleigur.

Heilu íbúðablokkirnar væru byggðar með því að greiða fimmtung af eðlilegum kostnaði.

Miskinn væri margs konar, til dæmis rýrir samkeppnishæfi starfsmanna og fyrirtækja auk þess sem samfélagið tapaði skatttekjum og ætti erfiðara með að standa undir velferðarkerfinu.



Umhverfisvernd við Akureyri:

Krossanesborgir friðlýstar

UMHVERFID Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra undirritaði í gær auglýsingu um friðlýsingu Krossanesborga við Akureyri. Markmiðið er að vernda svæðið og auka gildi þess til útivistar fyrir almenning, náttúruskoðunar og fræðslu. Svæðið er mikilvægur varpstaður fjölda fuglategunda, búsvæði sjaldgæfra plöntutegunda og þar eru ýmsar sérstæðar jarðmyndanir.

Á svæðinu var um tíma kotbýlið Lónsgerði og enn sést móta fyrir húsatóftunum. Einnig er hægt að sjá ummerki um vatnsveituskurð sem gerður var um aldamótin 1900 og fyrsti akvegur í norður frá Akureyri, lagður 1907, liggur um svæðið. Er það nánast eini búturinn sem enn er eftir af þeim vegi. Á tímum síðari heimsstyrjaldar voru



KRISTJÁN ÞÓR JÚLIÚSSON OG SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR
Undirritunin fór fram á Krossanesborgum og auk ráðherra fluttu þar stutt ávörp bæjarstjórninn á Akureyri og forstöðumaður náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar.

hermannabraggar á svæðinu, byssuhreiður og gaddavírsflækjugirðingar og sjá má leifar af þeim stríðsmannvirkjum.

Ætlunin er að laga aðkomuna að svæðinu á næstunni, merkja gönguleiðir og bæta aðstöðu fyrir vettvangsnám.

- kk

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 3.655 +0,75%

Fjöldi viðskipta: 351
Velta: 7.083 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Landsbankinn 6,06%
Atorka 2,59%
Síminn 2,50%

MESTA LÆKKUN

↓ Austurbakki -4,05%
Hampiðjan -1,69%
Actavis -0,96%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVISITÖLU: Actavis 41,10 -0,96% ... Atorka 5,95 +2,59% ... Bakkavör 25,10 +0,80% ... Burðarás 12,85 +0,78% ... Flugleiðir 13,45 +1,13% ... Íslandsbanki 11,50 +1,77% ... KB banki 497,50 -0,30% ... Kögun 46,50 - ... Landsbankinn 14,00 +6,06% ... Marel 53,20 -0,56% ... Medicare 5,85 - ... Og fjarskipti 3,40 +1,49% ... Samherji 11,25 -0,88% ... Straumur 10,15 +1,50% ... Össur 82,00 +0,61%

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is

nánar á visir.is

Sexföldun hagnaðar

Hagnaður fjárfestingarfélagins Atorku nam tæpum 2,9 milljörðum króna í fyrra, sem er um sexfalt meiri hagnaður en árið áður. Hagnaður fjórða ársfjórðungs var 419 milljónir króna.

Forsvarsmenn félagsins telja rekstrarárangur á fjórða ársfjórðungi góðan þegar lítið sé til þess að hlutabréfamarkaður á Íslandi lækkaði verulega á fjórðungnum. Afkomuna þakka þeir fyrirtækja-verkefnum.

Atorka hefur fjárfest nokkuð á erlendum mörkuðum að undanfögnu, en helstu eignir fyrirtækisins hér á landi eru Jarðboranir og lyfjafyrirtækið Lif.



SEXFALDUR HAGNAÐUR
Gott ár er að baki hjá Styrmí Þór Bragasoni, framkvæmdastjóra Atorku. Hagnaður félagsins sexfaldaðist.

- hh

Breyting hjá Íslandsbanka

Björn Björnsson, aðstoðarforstjóri Íslandsbanka, hefur óskað eftir því að láta af störfum af heilsufarsástæðum. Björn hefur verið einn af forystumönnum bankans frá því að hann var stofnaður. Hann var áður bankastjóri Alþýðubankans, sem var einn þeirra banka sem stóðu að stofnun Íslandsbanka.

Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, segir Björn hafa verið lykilmann í uppbyggingu bankans. „Hann hefur átt stóran þátt í að móta þann fyrirtækjabrag sem einkennist af heilindum og fagmennsku.“

Björn hefur stýrt lánaeftirliti og lögfræðisviði og munu þeir þættir nú heyra undir Tómas Kristjánsson, framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Þá mun starfsmannasvið heyra undir Bjarna Ármannsson, forstjóra bankans.

- hh

Kaupir í Flugleiðum

Baugur tvöfaldaði hlut sinn í Flugleiðum í gær úr rúmum þremur prósentum í rúm sex prósent. Seljandi bréfanna var Íslandsbanki.

Bréf Flugleiða hafa hækkað mikið frá áramótum og segir Skarphéðinn Berg Steinarsson, framkvæmdastjóri hjá Baugi, að menn hafi trú á því sem félagið sé að gera. Baugur átti um tíma stóran hlut í félaginu sem var seldur á síðasta ári.

Flugleiðir keyptu í vikunni flugvélar fyrir 40 milljarða króna og hyggst fyrirtækið efla þá starfsemi sem lýtur að viðskiptum með flugvélar. Gengi bréfa Flugleiða hefur hækkað um rúm 36 prósent frá áramótum.

- hh

Hagnaðurinn fjörutíu milljarðar

Afkoma bankanna var gríðarlega góð á síðasta ári. KB banki setti Íslandsmet og hinir eru ekki langt undan.

Hagnaður viðskiptabankanna þriggja á síðasta ári nam tæpum fjörutíu milljörðum króna. Landsbankinn og Íslandsbanki birtu uppgjör sín í gær og voru þau yfir væntingum greiningardeilda. Landsbankinn kom meira á óvart og var hagnaður hans tæpum þremur milljörðum meiri en spáð var.

Hagnaður Íslandsbanka á fjórða ársfjórðungi nam 1,3 milljörðum og hagnaður ársins nam 11,4 milljörðum

HAGNAÐUR Í MILLJÖRÐUM KRÓNA:

KB banki	15,8
Íslandsbanki	11,4
Landsbankinn	12,7
Samtals	39,9

króna. Tap varð af tryggingastarfsemi hjá Íslandsbanka upp á rúmar 650 milljónir á fjórða ársfjórðungi. Hagnaður Landsbankans á fjórða ársfjórðungi nam rúmum milljarði og varð hagnaður ársins 12,7 milljarðar króna.

KB banki hagnaðist um 15,8 milljarða og er því samanlagður hagnaður bankanna tæpir fjörutíu milljarðar. Íslandsbanki greiðir hluthöfum sínum hæstan arð, 4,5 milljarða króna, auk þess sem starfsfólk bankans fær 207 þúsund krónur í kaupauka vegna afkomunnar. Landsbankinn greiðir 1,6 milljarða og KB banki 3,3 milljarða króna til hluthafa.

- hh



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLU

FRÁBÆRT ÁR

Það er létt yfir stjórnendum viðskiptabankanna, en hagnaður þeirra hefur aldrei verið meiri, var tæpir 40 milljarðar króna.

40%
afsláttur af öllum pottaplöntum

10 túlipanar 799 kr.

Orkideur 999 kr.

10 ltr. gróður-mold 249 kr.

ÚTSALA

Heilsársseríur 499 kr.

Verðsprengja
fimmtudag-sunnudags



Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is

SANNKÖLLUÐ SAFAMYLLA

EKKERT BRUÐL

Blandari

SÉVOR
VERSLANIR

250w

1.5 lítra BLANDARI

1599 KR.

Örbylgjupoppið

249 KR.

Örbylgjuofninn

ÓTRÚLEGT VERÐ!

4899 KR.

750w

JDV ÖRBYLGJUOFN

Súpur, sósurnar, grænmetið, poppið smjórið, skyndiréttirnir, nefndu það!

Eyrnafónn mp3

Söluastaðir:
Akureyri
Holtagarðar
Smáratorg
Hafnarfjörður
Spöng
Njarðvík
Selfoss

5999 KR.

4 MACH3 RAKBLÖÐ



ÓTRÚLEGT VERÐ!

499 KR.

Ekki endastöð heldur upphaf

Kosningarnar í Írak á sunnudag kunna að skapa sátt um uppbyggingu stjórnkerfis landsins. Þó eru margar hættur fyrir hendi og eftirleikur kosninganna getur leitt til enn verra ástands en nú ríkir í landinu.

Kosningarnar í Írak sem haldnar verða á morgun leysa ekki þann vanda sem Írakar standa frammi fyrir. Reyndar er sú hættu jafnvel fyrir hendi að þær muni gera illt verra þó ekki skuli gert lítið úr því að þær kunni að vera hluti, og reyndar upphaf, ferlis sem leiðir til friðsamlegrar sambúðar í Írak í stað þeirrar óaldar sem nú ríkir.

Kosningar á stríðssvæði

Írak verður ekki lýst öðruvísi en sem stríðssvæði undanfarin misseri. Óöldin færir á aukana og andstæðingar kosninganna gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir að þær fari friðsamlega fram.

FRÉTTASKÝRING
FRAMTÍÐIN Í ÍRAKBRYNJÓLFUR ÞÓR GUÐMUNDSSON
BLAÐAMAÐUR

Ástandið er sérstaklega slæmt í Bagdad. Í síðustu viku voru gerðar sjö bílsprengjuárásir, 37 sprengjur voru sprengdar í vegaköntum og 52 árásir gerðar af vígamönnum vopnuðum hrískotariðflum eða sprengjuvörpum. Samanlagt tæplega hundrad árásir á einni viku og bílsprengjuárásirnar einar sér kostuð 60 manns lífið og 150 slösuðust samantekt The New York Times. Síðustu daga hafa árásirnar haldið áfram og kostað tugi manna lífið í Bagdad einni og sér.

Kosningarnar nauðsynlegar

Við þessar kringumstæður er ekki óeðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort það sé yfir höfuð verjandi að kosningar fari fram.

„Ef maður hugsar sér Írak sem þrjú ríki í einu gæti maður sagt að tvö af þremur væru reiðubúin fyrir kosningar, en hið þriðja ekki,“ segir Dr. Philip Robins við St.

Anthony's College í Oxford háskóla, sérfræðingur í stjórnmálum Mið-Austurlanda. „Á svæðum Kúrda og sjá má búast við vel heppnuðum kosningum með mikilli kjörsókn og lýðræðislega kjörnum fulltrúum. Þetta er gott þar sem það veitir kerfinu sem á að semja stjórnarskrá, það er að segja að draga upp reglur til frambúðar, lögmæti. En að sjálfsgöðu þýðir það, að ástandið á svæðum súnnía er hvergi nærri nógu gott og að útkoman þar verður óásættanleg.“

„Ætti að fresta kosningunum?“ spyr Robins og svarar sjálfur neitandi. „Með því væri verið að refsa 80 prósentum landsmanna. Að auki væri verið að verðlauna ofbeldisverk með því og þar með yrði það hvatning til frekari ofbeldisverka í stjórnmálalífi landsins.“

Hvað með súnnía?

Líkt og Robins bendir á leikur mestur vafi á þátttöku súnnímúslima í kosningunum. Hvort tveggja hafa ýmsir áhrifamenn í þeirra röðum hvatt til þess að þeir hunsu kosningarnar og eins er óöldin mest á þeim svæðum þar sem þeir eru fjölmennastir. Því er hættan einna mest fyrir þá að taka þátt í kosningunum og hætta er á lítilli kjörsókn.

Verði þessi raunin eins og allt bendir til verða menn að gera upp við sig hvort súnníar eigi að verða af málsvörum sínum á stjórnlagaþinginu eða hvort koma eigi til móts við þá með öðrum hætti. Bæði Robins og Magnús Þorkell Bernharðsson, sagnfræðingur við Williams College í Massachusetts og sérfræðingur í sögu Mið-Austurlanda, eru sammála um að koma verði til móts við súnnímúslima ef friður á að komast á.

„Ef margir súnníar hafa ekki tekið þátt í kosningunum og ljóst er að aðeins nokkrir hópar innan Íraks hafa tekið þátt í þeim er hægt að ímynda sér nokkrar lausnir,“ segir Magnús Þorkell og bendir á að taka megi frá nokkur sæti innan

þingsins fyrir súnníana sem taka ekki þátt í kosningunum „og stuðla þannig að því að þetta nýja þing, nýja ferli, lýsi vilja þjóðarinnar“.

„Það má alls ekki líta á þessar kosningar sem endastöð heldur upphaf ákveðins ferlis,“ segir Magnús, eftir sé að skrifa stjórnarskrá, kveða á um stöðu Bandaríkjahers og semja um auðæfi landsins.

„Stóra málið snýst um hvað skuli gera við súnní-araba,“ segir Robins. „Vonin er sú að þeir taki þátt í lýðræðisþróuninni þegar þeir sjá að þeir hafa ekki neitunarvald yfir því hvernig stjórnmálin þróast. Það ætti að reyna að nýju að tryggja þátttöku þeirra í stjórnmálakerfinu.“

Hættur fylgja sambandsríki

Ein af hugmyndunum sem hafa verið settar fram um framtíðarskipulag Íraks er að það verði sambandsríki þar sem einstakir landshlutar ráða miklu um eigin mál og sérstaklega er kveðið á um fyrirkomulag sameiginlegra mála. Kúrdar eru sérstaklega fylgjandi þessu en meiri andstöðu gæti meðal sjá og súnnía. Magnús Þorkell hefur efasemdir um að þetta stjórnarform reynist vel í Írak.

„Ef maður metur þetta út frá sögu Íraks hafa þeir reynslu af miðstýrðu valdi en sambandsríki er algjörlega óþekkt fyrirbæri,“ segir Magnús. „Ég held að eins og sakir standa núna sé það frekar neikvæð þróun af því að það leggur frekar áherslu á það sem skilur á milli en það sem landsmenn eiga sameiginlegt.“ Því kunni sambandsríki að auka á sundrun og kemur þar að stærstu ógninni sem Írakar standa frammi fyrir, hættunni á borgarastríði.

Getur farið sömu leið og Líbanon

Áhrif trúarleiðtoga hafa aukist mjög frá falli Saddams Hussein og skipting landsmanna eftir þjóðarbrotum hefur orðið meira áberandi en áður. Takist ekki vel upp við kosningarnar og stjórnlagaferlið í framhaldi þess er hættu á því að borgarastríð brjótist út sem lætur óöldina til þessa líta út eins og tiltölulega rögligt tímabil.

„Ég held að þetta komi til með að verða mjög táknræn stund fyrir framtíð þjóðarinnar hvernig sem fer,“ segir Magnús Þorkell um kosningarnar. „Ef ofbeldi einkennir kosningarnar og næstu vikur þar á eftir gæti það verið ákveðin vísending um það sem er fram undan fyrir þjóðina. Ef þetta fer tiltölulega friðsamlega fram, sem mér finnst ákaflega ólíklegt eins og sakir standa, er það kannski ákveðin von.“

Magnús segir eina hættuna vera þá að sjár, sem hingað til hafa haldið sig til hlés þrátt fyrir árásir súnnía, láti til skarar skriðar ef þeim finnst staða þeirra ekki jafn sterk eftir kosningar og fyrir þær. Taki þeir upp vopn og svari vígamönnum úr röðum súnnía geti niðurstaðan orðið blóðugt borgarastríð sem minni um margt á borgarastríðið í Líbanon á áttunda og níunda áratug síðustu aldar.

„Fólk er nú allt í einu orðið sjár eða Kúrdar eða súnní-arabar. Það er ekki beint nútímaleg leið til að skipta fólki upp í þjóðríki,“ segir Magnús og segir þetta minna á Líbanon. „Allt í einu, árið 1975, var fólk ekki lengur sameinað um hugtakið Líbanon heldur fór það að leggja ríkari áherslu á þá mismunandi aðstöðu sem það var í,“ segir hann og tekur fram að skipting Íraks í sambandsríki gæti einnig leitt til þessarar þróunar, það óttist margir sjár og súnníar.

„Það er ekki hægt að útiloka annað ástand eins og það sem varð raunin í Líbanon,“ segir Robins sem segir sjálfstæðisviðleitni Kúrda og myndun klerkastjórnar sjá eldfimustu þróun mála sem Írak og nágrannaríkin standa frammi fyrir. ■

Valið milli lista

Írösku kosningarnar eru bundnar við lista frekar en einstaklinga. Rúmlega hundrad stjórnmálaflokkar og aðrar einingar bjóða fram nokkuð færri framboðslista. Pólitísk bandalög bjóða fram níu lista og 74 listar eru boðnir fram af einstökum framboðum. Á 27 framboðslistanna 83 er aðeins einn framboðandi.

Helstu framboðslistar fyrir kosningarnar

FJÖLDI FRAMBOÐENDA	ÞJÓÐERNI	LEIÐTOGAR
Sameinaða íraska 228	Sjár	Stutt af Ali al-Sistani helsta trúarleiðtoga sjá-múslima. Abdel-Aziz al-Hakim, leiðtogi stærsta stjórnmálahóps Íraks, Aðstaráðs íslömsku byltingarinnar í Írak er meðal framboðenda.
Íraski listinn 233	Sjár og súnníar	Ayad Allawi, forsætisráðherra bráðabirgðastjórnarinnar. Ekki jafn trúarlegur og Sameinaða íraska bandalagið.
Flokkur Íraka 80	Sjár og Súnníar	Ghazi al-Yawer, forseti bráðabirgðastjórnarinnar. Nýtur stuðnings súnnía sem voru hlyntir ákvörðun al-Yawer að leggja gegn árásum Bandaríkjahers á Falluja og Mosul.
Kúrdíska bandalagið 165	Kúrdíska bandalagið	Massoud Barzani, leiðtogi Lýðræðisflokks Kúrdistan og Jalal Talabani leiðtogi Þjóðernissambands Kúrdistan. Talinn öruggur um atkvæði meginhluta Kúrda í Norður-Írak.
Þing óháðra lýðræðis-sinna 78	Sjár og súnníar	Adnan Pachachi, áhrifamaður meðal súnnía. Búist er við að menntafólk og millistétt í dreifbýli styðji flokkinn.
Þjóðarlýðræðisflokkurinn 48	Súnníar	Nýtur stuðnings meðal menntaðs súnnímillistéttafólks fyrir tilstilli Naseer Kamel al-Chaderchi sem sat í framkvæmdaráði Íraks.
Rafidain-listinn 28	Kristnir Assyriú-menn	Yonadem Kana, fyrrum meðlimur íraska framkvæmdaráðsins. Nýtur einhvers stuðnings kristinna manna sem eru fámennir í Írak.
Alþýðubandalagið 275	Óháð trúarbrögðum	Enginn leiðtogi. Búist við stuðningi trúlausra Íraka. Hamid Moussa, leiðtogi Kommúnistaflokks Íraks, og Hikmat Hakim eru meðal framboðenda.



BLÁA BOMBAN ER SPRUNGIN

20%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

af útsöluverði reiknast við kassa

Komdu og gerðu ótrúleg kaup - áður en allt klárast!

DEBENHAMS

SMÁRALIND

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Bylting hefur orðið í fasteignasölu á Austurlandi.

Uppgangur og bjartsýni eystra

Þeir sem fara um Austurland um þessar mundir verða áþreifanlega varir við þau breyttu viðhorf sem þar eru vegna stórfremkvæmdanna eystra. Þetta á einkum við um Egilsstaði og nágrenni og svo Fjarðabyggð. Áhrifanna verður líka vart þegar sunnar dregur vegna jarðganganna sem verið er að gera á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Göngin munu þegar fram í sækir hafa mikil áhrif á byggðirnar bæði sunnan og norðan þeirra og tengja Héraðið betur við Suðurfirðina. Þetta verður allt orðið eitt atvinnusvæði áður en við er litið, ekki aðeins í kringum álver Alcoa á Reyðarfirði heldur varðandi ýmsa aðra starfsemi í þessum landshluta.

Deilurnar við Kárahnjúka hafa varpað skugga á það sem er að gerast í byggðarlögunum á Héraði og í Fjarðabyggð. Þar er allt annað hljóð í fólki en fyrir nokkrum misserum.

Að undanförunum hafa birst margar fréttir og ljósmyndir í Fréttablaðinu frá Kárahnjúkum, af Héraði og úr Fjarðabyggð, eftir ferð blaðamanns og ljósmyndara blaðsins um svæðið. Athygli manna hefur sem eðlilegt er mjög beinst að vinnusvæðinu umhverfis Kárahnjúka. Þar hefur á undanförunum mánuðum víða verið pottur brotinn, en svo virðist sem loksins nú séu að komast á eðlileg samskipti milli verkaldsforystunnar og hins umdeilda ítalska verktakafyrirtækis Impregilo. Heimsókn forystumanna þeirra og fulltrúa alþjóðaverkamannasambandsins á virkjunarsvæðið fyrir rúmri viku ætla að marka þáttaskil – og sannarlega tími til kominn. Íslenskur vetur í öllu sínu veldi hefur væntanlega skerpt skilning gestanna á aðstæðu starfsmanna við Kárahnjúka.

Deilurnar við Kárahnjúka hafa varpað skugga á það sem er að gerast í byggðarlögunum á Héraði og í Fjarðabyggð. Þar er allt annað hljóð í fólki en fyrir nokkrum misserum. Dæmi um það er að bylting hefur orðið í fasteignasölu á Austurlandi. Hilmar Gunnlaugsson fasteignasali sagði í viðtali við Fréttablaðið af þessu tilefni: „Markaðurinn er orðinn eðlilegur. Fasteignaverð hér er ágætt. Menn geta nú byggt til að selja án þess að tapa á því. Verðmyndunin er orðin eðlileg“. Síðar í viðtalinu sagði Hilmar: „Það er svo stutt síðan markaðurinn var lélegur, að það er kannski ákveðin vantrú ríkjandi. Það tekur tíma að venjast þessum breytingum“.

En það er ekki aðeins að ýmis þjónustustarfsemi hafi tekið kipp heldur hefur orðið bylting í flugsamgöngum. Nú eru farnar margar ferðir á dag til og frá Egilsstöðum, og þannig njóta allir Austfirðingar og þeir sem eiga leið austur stórfremkvæmdanna. Sama er að segja um samgöngur á landi. Það eru ekki mörg ár síðan slæmar vegsamgöngur um fjallgarðana milli Mývatnssveitar og Héraðs komu í veg fyrir eðlilegar samgöngur á landi milli landshluta. Nú eru komnir þarna uppbyggðir vegir, sem haldið er opnum hvernig sem víðar.

Þegar undirbúningur að stórfremkvæmdunum eystra stóð sem hæst vöktu Vestfirðingar athygli á einhæfu atvinnulífi í þeirra landshluta, en jafnframt að þeir hefðu ekki áhuga á stóriðju. Nú þegar góður skriður er kominn á Kárahnjúkavirkjun og undirbúningur að álverinu á Reyðarfirði að komast á skrið er rétt að ráðamenn beini augm sínum að Vestfjarðakjálkanum. Þar þarf að tryggja búsetu og blómlegar byggðir, ekki síður en í öðrum landshlutum. Vestfirðingar sjálfir verða líka að hafa frumkvæði um hvað skuli gert. ■

MCPLANET

MCPLANET VERSLUN
Austurhraun 3
210 Garðabær
s: 533 3805

OPIÐ:
mán - fös 10-18
lau 12-16

Við erum hér!

ÚTSALAN ER HAFIN!

FRANSKT OG GLÆSILEGT

	FRÁ DEGI TIL DAGS	
<p>Stirðleikar</p> <p>Á kaffihúsunum er talað um aukinn stirðleika í sambúð stjórnarflokkanna. Tilefnið er meint kúvending sjálfstæðismanna varðandi umsókn Íslands um sæti í Öryggisráðinu. Um er að ræða sérstakt hugðarefni Halldórs Ásgrímssonar og hefur tugum milljóna af almannaþé þegar verið varið til verkefnisins. Skrif í vefrit Framsóknar benda til þess að þeir séu gramir sjálfstæðismönnum vegna þessa og hugsja þeim þegjandi þörfina. Það vekur upp þá spurningu hvort þeir láti til mótvægis sverfa til stáls í öðrum ágreiningsmálum eins og til dæmis spurningunni um hvort grunnnetið eigi að fylgja Símanum. Einnig kynnu þeir að teifa eða stöðva væntanleg skólamálafrumvörp menntamálaráðherra.</p>	<p>Framsóknarhjartað</p> <p>Hákon Skúlason, vefstjóri hjá Framsókn, fjallar um Sunnudagsþáttinn á Skjá einum í pistli á suf.is og staðsetur umsjónarmennina pólitískt. Auðvelt er að afgreiða Illuga Gunnarsson og Ólaf Teit Guðnason og Katrín Jakobsdóttir er varaformaður VG. En hvað með Guðmund Steingrímsson? Hákon talar um hann sem „hlutlausan R-listamann“ en bendir á að hann sé sonur Steingríms Hermannssonar fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins. „Framsóknarmenn binda vonir um það að framsóknarhjartað flytjist frá föður til sonar og Guðmundir styðji málefnalega það sem Framsóknarflokkurinn stendur fyrir“, skrifar Hákon. Hlutleysi er greinilega ekki hátt skrifað í Framsókn.</p>	<p>Ekki í fyrsta sinn</p> <p>Ítalska fyrirtækið Impregilo er ekki fyrsti útlendi verktakinn við virkjunarframkvæmdir hér á landi sem veldur ólgu. Eldri menn í röðum atvinnurekenda og verkaldsforingja minnst þess að á áttunda áratugnum var hér jógóslavneskur verktaki við Sigölduvirkjun, Energoprojekt, sem gerði Vinnuveitendasambandi Íslands, fyrirrennara Samtaka atvinnulífsins, mjög gramt í geði. Ástæðan var sú að verktakinn greiddi mun hærri laun en þá tíðkuðust og olli það vandræðum annars staðar á vinnumarkaði. Þá lét hann heimamenn njóta forgangsréttar til starfa með nokkuð einstrengislegum hætti.</p> <p><i>Klausu hér í gær um blogg Össurar Skarphéðinssonar var ranglega merkt stöfunum sme; átti að vera gm.</i></p> <p style="text-align: right;">gm@frettabladid.is</p>

Menning og mannaudur

Hagfræðiprófessorarnir Ágúst Einarsson og Þorvaldur Gylfason hafa nýlega gert grein fyrir athyglisverðum rannsóknum sínum á tveimur ólíkum sviðum: Ágúst með bók sinni „Hagræn áhrif tónlistar“, og Þorvaldur með háskólafrýrilestri sínum um „Gangráða hagvaxtar“. Með bók sinni ryður Ágúst brautina hér á landi fyrir þá grein hagfræðinnar sem kölluð hefur verið menningarhagfræði og hefur verið að þróast á síðustu fjórum áratugum. Þar er verið að fjalla um beitingu hagfræðinnar á framleiðslu, dreifingu og neyslu á menningarlegum vörum og þjónustu.

Nokkrir áratugir eru síðan að sú skoðun tók af ryðja sér til rúms hér á landi að bókverkið verði látið í askana, hvað sem líður spakmælum fyrri tíðar manna. En með því er þó oftast átt við að nú geti menn með löngu námi sérhæft sig í einhverjum þeim greinum, sem geri okkur kleift að auka framleiðslu á áþreifanlegum gæðum, sem síðan megum selja innanlands og utan. Eftir sem áður hafa margir talið að listir hverskonar séu bara baggi á þjóðfélaginu og þeir sem þær stunda styrkþegar á almannaframfæri, iðja þeirra niðurgreidd af þrautpíndum skattgreiðendum, og þeim oft skipað á bekk með atvinnugreinum sem haldið er uppi með stórfelldum niðurgreiðslum þegar í ljós kemur að þær geta ekki með nokkru móti borið sig af eigin rammleik.

Þannig verður frjálshyggju-mönnum tíðrætt um hversu óréttlátt það sé að starfsemi Sinfóníuhljómsveitar, Þjóðleikhúss og óperu sé stórlega niðurgreidd til hagsbóta fyrir menningarsnobba í stað þess að láta það líð borga fyrir þessa áráttu sína sjálf.

Ágúst sýnir hins vegar fram á það í bók sinni, að hlutfallslegt framlag menningar til landsframléiðslu hér á landi sé um 4%, þrisvar sinnum meiri en t.d. landbúnaðar annars vegar og ál- og kísiljárnsmálverkunar hins vegar. Þegar kemur að fjölda starfsmanna

í einstökum atvinnugreinum leiðir hann í ljós að í menningarstarfsemi starfa um 5.000 manns, álka og við fiskveiðar og litlu færri en í landbúnaði, hótél- og veitingarekstri eða í fjármálaþjónustu. Menningin er með öðrum orðum blómleg atvinnugrein, sem skapar mikil – og oft varanleg – verðmæti, auk þeirrar nautnar, sem hún veitir öllum þegn-um samfélagsins.

Þorvaldur Gylfason er á nokkuð

Í DAG
UM HAGVÖXT

ÓLAFUR
HANNIBALSSON

öðrum slóðum í sínum rannsóknum. Ásamt erlendum samstarfsmönnum hefur hann leitast við að greina það sem hann kallar „gangráða hagvaxtar“, þ.e.a.s. finna hvað valdi því að sum hagkerfi ná sér á strik og síðan á flug með örum hagvexti meðan önnur halda áfram að hjakka á botninum eða miðar jafnvel afturábak. Hér er ekki rúm til annars en að stikla á stóru um þetta víðfeðma efni.

Ýmsir þættir eru gamalkunnir og óumdeildir. Til þarf fjármagn, sem fengið er með sparnaði innanlands – eða utan, ef flutt er inn erlent fjármagn. Útflutningur vöru og þjónustu er þýðingarmikill. En það sem virðist gera gæfumuninn er þó hvort við bætast gangráðar af öðrum toga. Þar ber fyrst að nefna menntun og mannaud. Þá lýðræði, virkt lýðræði og félagsauð. Og loks fjölbærni í atvinnulífinu. Allt helst þetta þó í hendur, þannig að erfitt er að segja hvað kemur fyrst heldur leiðir hvað af öðru.

Menntun er að sjálfsögðu ómissandi undirstaða virks lýðræðis og hornsteinn fjölbærni í atvinnulífinu. Þjóðir með einhæfa atvinnuvegi, hvort sem það er landbúnaður

og sjávarútvegur eða til dæmis vinnsla olíu eða annarra náttúruauðlinda úr iðrum jarðar vanrækja oft menntun þegna sinna, telja hana óþarfa og lúxus, sem ekki eigi erindi við aðra en þá sem tilheyrja fámennri og auðugri yfirstétt. Náttúruauðlindagnægd verður því oft til að veikja lýðræðið og draga ofstopfulla einræðisseggi að stjórnvellingum, þar sem þeir fá aðstöðu til að moka þjóðarauðnum í eigin vasa.

Þótt þeir séu til sem telja einræði flokks eða fámennrar yfirstéttarklíku fljótarnari leið til velmegunar sýnir reynslan þó ótvírátt að lýðræði hefur þar yfirborði, því meiri því virkara sem lýðræðið er. Þekkingarstígr þjóðar, mannaudurinn, skiptir miklu máli, en það gerir ekki síður félagsauðurinn. Með því er átt við öll þau tengsl – önnur en efnahagsleg – sem tengja einstaklingana og hópa þjóðfélagsins saman. Því þétríðnari sem sá vefur er, því meiri líkur eru á að hagkerfið endurnýi sig, eflist innan frá með fjölbreyttum hætti og stækki með útrás.

Því miður eru ráðamenn þessa lands fastir í fornfrálegum hugmyndum um „þjóðlega atvinnuvegi“ sem skylda ríkisins sé að hlúa sérstaklega að, jafnframt því sem ríkisbáknid Landsvirkjun, þenur sig yfir hálandið og stefnir að álveri í hverjum firði. Þeir virðast enga trú hafa á vaxtarmöguleikum frjáls hagkerfis og getu til að skapa ný og fjölbreytt störf án handleiðslu ríkisvaldsins. Og það sem verra er. Menntakerfið er að staðna í höndum þeirra, heilbrigðiskerfið hjakkar í sama farinu og lýðræðið er bælt og bugað af ofvöxnu og hrokafullu ríkisvaldi. Þannig eru bremsurnar settar á sjálfa gangráða hagvaxtarins og lífskjör framtíðarinnar lækkuð.

Hér þarf að taka til hendi og fyrsta skrefið er að lýðurinn fái möguleika á að setja þeim, sem með stjórn landsins fara í hans umboði, stjórnarskrá sem setji valdi þeirra skorður við hæfi, en veiti einstaklingunum vaxtarmegn og frelsi til orða og athafna. ■

	ORÐRÉTT	
<p>Hættulegur staður. Að mínu mati er fólk nánast rænt borgaralegum réttindum sínum og sjálfræði þegar það flyst á öldrunarstofnun.</p> <p>Sigríður I. Danielsdóttir þroskaþjálfari. Morgunblaðið 28. janúar.</p>	<p>Annar hættulegur staður. Í martröðum mínum dreymir mig að ég tynist í IKEA, ráfi þar um ganga í eilífri leit að útgangi sem aldrei finnst.</p> <p>Jónas Haraldsson ritstjóri. Viðskiptablaðið 28. janúar.</p>	<p>ur sem enginn kys en er samt alltaf í stjórn.</p> <p>Dr. Gunní.</p> <p>Aga-legt. Í stuttu máli sagt skortir aga á héraðsdómurum. Þeir leika lausum hala. Einn þeirra sagði mér, að hann hefði sýknað verktaka af hraðakstri, af því að hann teldi verktaka vera í svo miklum önnum, að það væri ekki hægt að ætlast til, að þeir væru á ferðinni á löglegum hámarkshraða eða undir honum.</p> <p>Jónas Kristjánsson fyrrverandi ritstjóri. DV 28. janúar.</p>
<p>Eða bara rangt? Síðast sagði ég að Langa trúlofunin væri eina myndin á frönsku kvikmyndahátíðinni sem sýnd væri með íslenskum texta. Það er bull.</p> <p>Silja Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur. Viðskiptablaðið 28. janúar.</p>	<p>Meira af þessu! Feitt sætabraud án samvisku-bits.</p> <p>Fyrirsögn lesendabréfs frá Ólafi Siguróssyni. Morgunblaðið 28. janúar.</p>	
	<p>En hver er galdurinn? Framsóknarflokkurinn er flokk-</p>	

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skatthlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFONG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Verðsprenngja



69.990 kr

legend G-532

- Transmeta TM-8600 1Ghz
- 256 MB DDR 333 vinnsluminni
- Combo CDRW skrifari og DVD lesari
- XGI XP5 128 bita skjástýring allt að 32 MB
- Hitachi 40 GB harður diskur
- 5,1-Ch hljóðkort
- 14" XGA 1024x768 TFT skjár
- 10/100/1000 GB netkort
- Þráðlaust netkort 802,11 b/g
- USB 2,0 8cell Li-Ion rafhlaða
- Öflug veiruvörn með Lyklapéttri fylgir frítt í 90 daga



Eingöngu fáanleg í Smáralind

3ja ára
ÁBYRGÐ
á vélbúnaði

legend Internet-PC

- Intel Celeron 2,4 Ghz örgjörvi
- 128 MB DDR vinnsluminni
- 52x geisladrif
- Intel extreme skjástýring
- 40 GB harður diskur 7200RPM
- 6-Ch hljóðkort
- 10/100 netkort
- Multimedia lyklaborð og Logitech optical mús
- Windows XP-Home stýrikerfi
- Open Office ritvinnsluhugbúnaður
- Öflug veiruvörn með Lyklapéttri fylgir frítt í 90 daga
- 6XUSB 2,0

Eingöngu fáanleg í Smáralind

3ja ára
ÁBYRGÐ
á vélbúnaði



69.980 kr

17" LCD



NÝTT útlit

PlayStation 2

NET
TENGI

DVD
VIDEO


COMPACT
DISC
DIGITAL AUDIO

DC
SERVO

USB



14.999 kr



2.299 kr

Fáanlegt í Smáralind, Kringlu,
Spöng og á Akureyri.

Gildir til 1. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Leiðréttum kjör aldraðra

UMRÆÐAN
KJÖR
ELLILÍFEYRISPEGA



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Eldri borgari, sem nýtur einungis lífeyris frá almannatryggingum en hefur engan lífeyri úr lífeyrisjóði, kom að máli við mig og sagði: Það er ekki rétt, að við sem höfum engan lífeyri úr lífeyrisjóði, fáum 100 þús. kr. á mánuði frá Tryggingastofnun ríkisins. Ég fæ ekkert úr lífeyrissjóði en fæ þó ekki nema 79.400 kr. frá Tryggingastofnun ríkisins í ellilífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka fyrir skatta. (Hækkaði lítilliga um áramót). Og hann rétti mér launaseðil Tryggingastofnunar þessu til áréttingar. Og þetta var vissulega rétt. Hér er um kvæntan mann að ræða og því fékk hann ekki heimilisuppbót. Einungis þeir sem eru einhleypir fá heimilisuppbót, í kringum 18 þús kr. á mánuði. Ég hef einkum í greinum mínum fjallað um einhleypa ellilífeyrisþega þar eð aðstæður þeirra eru yfirleitt mjög erfiðar. Þeir geta komist í rúmar 100 þús. kr. á mánuði frá almannatryggingum með heimilisuppbót.

En víkjum aftur að eldri borgaranum, sem kom að máli við mig. Hvernig á hann að lifa af rúmunum 79 þús. kr. á mánuði? Af þeirri fjárhæð verður hann að greiða allan framfærslukostnað, matvæli, fatnað, síma, tekjuskatta, rafmagn, hita, húsnæðiskostnað, fasteignaskatta, rekstur á bíl o.fl. Að vísu er húsnæðis-

kostnaður, rafmagn, hiti og sími sameiginlegur fyrir hann og konu hans. En þetta dugur hvergi nærri til framfærslu enda langt undir þeim framfærslueyri, sem Hagstofa Íslands telur, að fólk þurfi sér til framfærslu. (Samkvæmt neyslu-könnun Hagstofunnar nema meðaltalsútgjöld einstaklings 161 þús. kr. á mánuði fyrir utan skatta.)

Ég tel, að þegar í stað eigi að hætta öllum skerðingum vegna sambýlis og hjónabands og vegna tekna maka. Það á ekki að fella niður heimilisuppbót, þegar ellilífeyrisþegi, sem búid hefur einn, fer í sambýli eða í hjónaband. Þessar uppbætur eiga að haldast. Og það á ekki að skerða tekjutryggingarauka eins og gert er. Ellilífeyrir er svo lágur að hann þolir engar skerðingar. Það liggur einnig fyrir Hæstaréttardómur um það, að óheimilt sé að skerða bætur vegna tekna maka. Dómurinn grundvallaðist m.a. á því, að hver maður væri sjálfstæður einstaklingur og vegna jafnréttisákvæða stjórnarskrárinnar væri óheimilt að skerða örorku- eða ellilífeyri einstaklings vegna tekna maka. Ég tel, að vegna dóms þessa séu allar skerðingar óheimilar. En ríkisstjórnin komst samt að þeirri niðurstöðu, að hún gæti haldið áfram skerðingum að hluta til! Þess vegna er tekjutrygging vegna tekna maka áfram skert að hluta. Mér er til efs, að það standist lög og stjórnarskrá. Og þó lagaákvæði segi, að einungis eigi að greiða heimilisuppbót til einhleypa ellilífeyrisþega tel ég það fráleitt, þar eð það byggir á gömlum hugsunarhætti um að hver einstaklingur sé ekki alveg sjálfstæður og því megi skerða bætur hans, ef hann er í hjónabandi eða í sambúð. Þetta verður að leiðrétta. ■

Áræðinn og talnaglökkur

MAÐUR VIKUNNAR

HANNES SMÁRASON
STJÓRNARFORMAÐUR FLUGLEIDA

spreyta sig frekar í viðskiptalíf-
inu og varð úr að hann réðst í að
kaupa stóran hlut í Flugleiðum



með þáverandi tengdaföður sín-
um, Jóni Helga Guðmundssyni,
sem yfirleitt er kenndur við

Byko. Þeir fjárfestu einnig víðar,
svo sem í Gildingu og Kaupási.

Mál þróuðust þannig í kjölfar skilnaðar að Hannes eignaðist hlut tengdaföður síns í Flugleiðum og er nú orðinn sá maður sem ræður ferðinni í fyrirtækinu. Í dag er hann starfandi stjórnarformaður og vera má að hann ákveði að verða forstjóri fyrirtækisins innan skamms. Raunar er rétt um að ráða tvo forstjóra, annan að eignarhaldsfélaginu Flugleiðum og hinn að Icelandair sem hefur með daglegan flugrekstur að gera.

Hannesi er lýst sem mjög áræðnum manni en glökkur á tölur og vandvirkum í fjárfestingum. Þótt hann teljist vel efnadur á íslenskan mælikvarða segist hann ekki láta peningana stýra lífi sínu eða samskiptum við annað fólk. Hann virkar hógvæm og yfirvegður í samtölum. Í viðtali sem birtist hér í blaðinu fyrir stuttu kom fram að vinnudagur hans er langur. Hann fer snemma á fætur og gengur seint til náða. Um miðjan dag reynir hann að komast í líkamsrækt en fyrir utan vinnuna eru það íþróttir og veiðar sem eiga hug hans. Hann segist ekki hafa neinn áhuga á því að verða „opinber persóna“ og hefur ekki orð á sér fyrir að berast á eða trana sér í sviðsljósið. En með jafn athafnasömum manni er fylgst og kastljós fjölmiðla á eftir að fylgja honum hvort sem honum er það ljúft eða leitt. ■

TEKNI: HELGI SIG. WWW.HUGVERKALIS

**Tvöfaldir
Tvöfaldir***

Vildarpunktur

Veltupunktur til viðbótar

Auk tvöfalda punkta fá Vildarkortshafar Visa og Icelandair alltaf veltupunkta aukalega.



ódyrt bensín

14 stöðvar

*Tvöfaldir Vildarpunktar til 11. febrúar hvort sem þú greiðir með peningum eða Vildarkorti.

Handahófskenndir dómur

Þann 10. september síðastliðið haust var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Norðurlands eystra á hendur öikumanni sem hafði samkvæmt ákæru sýslumanns ekið samfellt í sjö daga annars vegar og níu daga hins vegar án þess að taka sér hvíld eins og honum ber að gera samkvæmt reglugerð um aksturs- og hvíldartíma o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ökumaðurinn var dæmdur til greiðslu sektar auk þess sem allur sakarkostnaður féll á hann. Þessi dómniðurstaða í fyrrgreindu máli er vægast sagt afar furðuleg. Áður hafði ökumaður verið sýknaður í Héraðsdómi Reykjaness og gengur því norðlenski dómurinn þvert á niðurstöðu hans. Ekki get ég, undirritaður, lesið annað en það úr þessum niðurstöðum og reyndar fleirum sem ég tæni hér til en að dómurinn sé á engan hátt vissir um hvernig þeir eigi að dæma í þessum málum og niðurstöður þeirra því handahófskenndar þó ekki sé nú meira sagt.

Fyrir nokkru var ökumaður stöðvaður fyrir of hraðan akstur í Vestur-Húnavatnssýslu og honum gefið að sök að hafa ekið á 108 km hraða. Í bifreið þess sem stöðvaður var, er ökuriti sem skráir ökuhraða bifreiðar á ökuritaskífur og sýndu þær að hann ók á 98 km hraða. Afhenti hann lögreglunni þessar skífur máli sínu til stuðnings og var það ljóst að þarna var ósamræmi á hraðamælingu bifreiðar sem nam 10 km. Ökumaðurinn sem stöðvaður var af lögreglu vildi að sjálfsgöðu ekki viðurkenna mælingu lögreglunnar og taldi sig réttilega hafa verið á 98 km hraða og ákvað að láta reyna á þetta fyrir dómstólum. Það er skemmt frá því að segja að dómari Héraðsdóms Norðurlands vestra taldi að ökuriti bifreiðarinnar væri ekki áreiðanlegt mælitæki og dæmdi hann sekan

UMRÆÐAN
HVÍLDARTÍMI
ÖKUMANNA



ÓSKAR STEFÁNSSON
BIFREIÐASTJÓRI

Eftir þessa tvo dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra og Héraðsdóms Norðurlands vestra er ljóst að öikumenn geta á engan hátt áttað sig á fyrrnefndum reglum og er ósamræmi í dómum eins og að framan er lýst algerlega óþolandi.

um hraðaakstur og auk sektar lenti á honum allur sakarkostnaður. Nokkru seinna, í undæmi héraðsdómara Vestfjarða, voru tveir öikumenn stöðvaðir fyrir of hraðan akstur. Í þeirri mælingu lögreglunnar reyndist einnig mismunur á hraðamælingu lögreglu og bifreiða sem mældar voru, en í þeim var einnig ökuriti sem skráði hraða bifreiða á ökuritaskífur með sama hætti og að framan er lýst.

Öikumenn í báðum þessum tilvikum voru sýknaðir á þeirri forsendu að ekki væri hægt að alhæfa um að mælingar lögreglunnar væru réttari en mælingar bifreiðanna. Þarna var aftur um að ræða mismun á mælingu lögreglu og ökuriti bifreiða og lét vestfirski dómurinn öikumennina njóta vafans. Enn eitt málið kom upp á Austfjörðum fyrir nokkrum árum þar sem lögregla og eftirlitsmaður

Vegagerðarinnar gerðu upptækar ökuritaskífur hjá öikumanni og báru á hann þær sakir að hafa ekið of hratt, en ekki var um hraðamælingu af hálfu lögreglunnar að ræða. Visuðu þeir eingöngu á þessar ökuritaskífur bifreiðarinnar þar sem sjáanlega var um að ræða akstur fyrir ofan leyfilegan hámarkshraða. Ökumaður þeirrar bifreiðar fékk sektarboð fyrir of hraðan akstur og stuðst var við ökuritaskífurnar sem áður höfðu verið gerðar upptækar sem fyrr sagði. Ákvað hann að mótmæla þessu og hugðist láta reyna á þetta fyrir dómstólum. Spurðist hann nánar fyrir um það hjá fulltrúa sýslumannsins á Seyðisfirði sem hafði sent út sektarboðið, hvort þetta gæti á nokkurn hátt staðist. Þar kom fram að um brot væri að ræða og á þeirri forsendu hefðu þeir sent út sektarboðið og ráðlögðu honum eindregið að láta ekki reyna á þetta fyrir dómstólum heldur greiða þá sekt sem upp hafði verið sett, sem hann og því miður gerði.

Það skal tekið fram að það geta verið fjölmargar ástæður fyrir því að ökuritaskífur sýna of hraðan akstur bifreiðar, t.d. ef bifreiðin spólar í snjó eða hálfu, kemur það fram á ökuritaskífunni sem sýnir miklu meiri hraða en bifreiðin er raunverulega á; mistörir eða of litlir hjólbarðar geta einnig breytt skráningu á hraða, en ekki er ástæða til þess að telja þær upp hér. Miðað við það sem er upp talið hér að framan og eftir þessa tvo dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra og Héraðsdóms Norðurlands vestra er ljóst að öikumenn geta á engan hátt áttað sig á fyrrnefndum reglum og er ósamræmi í dómum eins og að framan er lýst algerlega óþolandi. Nauðsynlegt er að setja skýrari reglur um þessi mál.

Höfundur er formaður Bifreiðastjóræðis.

LEONARDO DICAPRIO

3 Golden Globe VERÐLAUN
14 tilnefningar til BAFTA verðlauna

AVIATOR

Viltu 2 bíomiða á 99 kr? Sendu SMS skýtið JA ABF á númerið 1900 og þú getur unnið.

9. hver vinnur. Vinningar eru: Miðar á myndina • DVD myndir gesiliskar og margt fleira. Vinningar verða afhendir hjá BÍ Símsíðunni, Kópavogi. Með því að taka þitt eru skortur í SMS kúðu. 99 krónaeyki




Lottó er í eigu UMFÍ, ÍSÍ og ÖBÍ



ÖBÍ

Allur hagnaður af sölu Lottósins fer til Íþróttá- og Ólympíusambandsins, Ungmennafélaganna og Öryrkjabandalagsins.



7

**MILLJÓNIR
Í FYRSTA
VINNING**

VIÐ ERUM ÖLL Í SAMANLIÐI

– liðinu sem vinnur þegar þú spilar LOTTÓ.

Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is
– þú gætir unnið litlar 7 milljónir króna.



UMMÆLI VIKUNNAR

„Á Alþingi er Össur í essinu sínu, fastagestur í kvöldfréttunum, standandi í ræðustól þingsins, stórsöngvaralegur í fasi, ryðjandi út úr sér stóryrðum um ríkisstjórn og ráðherra meðan forseti Alþingis leikur undir á bjölluna sína.“
Pétur Gunnarsson, skrifstofustjóri þingflokks Framsóknarflokksins, Tímanum 21. janúar 2005.

„Yuschenko stakk verulega í stúf við mannföldann í Evrópuráðinu því hann er ennþá áberandi grænn í framan...“
Siv Friðleifsdóttir á heimasíðu sinni 25. janúar 2005.

stjórnmmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

Úr bakherberginu...

Raforkureiði

Óhamingju Framsóknar verður flest að vopni. Strandir hafa löngum þótt öruggt vígi flokksins en útlit er fyrir að það sé að breytast ef marka má skoðanakönnun á vefsíðunni strandir.is. Þar kvarta menn sáran yfir 40% hækkun á raforku. Spurningarnar eru með nokkuð öðrum hætti en tíðkast fyrir sunnan en þær tala sínu máli og sama gildir um svörin: Framsóknarflokkurinn? Hef aldrei kosið Framsókn 28,1%. Áfram Kristinn! 27,8%. Styð Framsókn aldrei framar 12,2%. Áfram Halldór! 9,9%. Styð flokkinn minn við síurt og sætt 9,1%. Áfram Valgerður! 1,1%. Slæmt að hafa fjórðung af fylgi Framsóknar í Reykjavík en Valgerður er jú ekki úr þessu kjördæmi.

Bræður munu berjast

Spunalæknar Framsóknarflokksins, Björn Ingi Hrafnsson, Pétur Gunnarsson og Steingrímur Ólafsson, hafa gripið til vopna gegn blaðamannastéttinni og sýnist ýmsum þeir vera formanni sínum engir skapbetrungar. Eitt sinn stóð skrifað bræður munu berjast og má það til sanns vegar færa í erjum spunastofu Framsóknar gegn blaðamönnum. Spunastofan er skipuð þekktum fjölmiðlungum: Björn Ingi var ungur munstraður háseti á Eintaki af Gunnari Smára Egilssyni, forstjóra 365, sem nú stýrir Stöð 2 og útgáfu Fréttablaðsins og DV, Pétur var fréttastjóri Fréttablaðsins og Steingrímur einn helsti fréttahaukur Stöðvar 2. Tímarnir breytast og mennirnir með.

Undarleg málalok

Litið er á yfirlýsingu forsætisráðherra eftir þá Steingrím Ólafsson og Björn Inga Hrafnsson sem einhverja harkalegustu árás á blaðamannastéttina í heild sem sést hefur í langan tíma. Sú undarlega staða virðist nú vera komin upp að Þórólfur Arnason verði eina fórnarlamb olíumálsins og Róbert Marshall eina fórnarlamb Íraks málsins...



VIKA Í PÓLÍTÍK

ÁRNI SNÆVARR SKRIFAR



Þegar fingurinn bendir á tunglið....

Guðni Ágústsson kveikti mikla elda á dögnum þegar hann endurtók gömul ummæli sín um að Davíð og Halldór hefðu einir tekið ákvörðun um að setja Ísland á lista hinna vígfúsu þjóða. Málið vakti athygli enda allt hey í harðindum á fréttapýrstum íslenskum fjölmiðlum á sunnudögum. Hvort spunalæknar Halldórs Ásgrímssonar ráðlögðu honum að reyna að slökkva þennan sinueld með bensínbrúsa á mánudegi veit ég ekki. Hitt er vist að yfirlýsing hans daginn eftir var klaufaleg og virtist þjóna þeim tilgangi einum að slá Guðna Ágústsson utan undir og vekur það vissulega spurningar um hvort ótti varaformannsins við mótframboð á væntanlegu flokksþingi eigi við rök að styðjast.

Hins vegar er ljóst að Halldóri hefur enn einu sinni mistekist að hafa stjórn á atburðarásinni. Yfirlýsingar hans og röksemdafærsla um Íraks-stríðið er nánast óskiljanleg og sumt fær alls ekki staðist. Sá sem þessi orð skrifar kvittar að visu ekki upp á allan fréttatvöng um þetta mál og sýnist fleiri en framsóknarmenn ekki sjá skóginn fyrir trjánum, svo fastir sem menn eru í formsatriðum og dagsetningum.

Svo uppteknir sem Halldór og félagar eru í átökum sínum við fjölmiðlamenn yfirsést þeim að það er enginn reykur án elds. Eins og yfirlýsti friðarsinninn Guðni Ágústsson benti á í viðtali við Fréttablaðið á dögnum barðist hálfur Framsóknarflokkurinn um áratugaskeið gegn veru bandaríska hersins á Keflavíkurlugvelli. Og það á þeim tíma sem Bandaríkin voru sannarlega útvörður lýðræðis, réttarríkis og mannréttinda í heiminum. Nú eru breyttir tímar og hver læs maður veit að Bandaríkstjórn treður mannréttindi fótum jafnt heima fyrir sem erlendis, fangelsar fólk án dóms og laga og stundar blygðunarlaust pyntingar í Írak í stríði sem háð er í nafni vígfúsra þjóða, þar á meðal okkar Íslendinga.

Íslendingar hafa skömm á George Bush og utanríkisstefnu hans. Það eru ekki orð höfuðvina Halldórs Ásgrímssonar í íslenski blaðamannastétt heldur varaformanns hans Guðna Ágústssonar. Íslenskum blaðamönnum verður á í messunni eins og öðrum: Errare humanum est og því miður hefur einn af okkar betri fréttamönnum ákveðið að taka pokann sinn uggandi um að eiga sér annars ekki víðreisnar von í því gjörningaveðri sem seiðkarlar Halldórs Ásgrímssonar hafa hótað að magna upp gegn honum og vinnuveitendum hans.

En í þessu Íraks máli ættu spunalæknar Halldórs að hafa hugfast (þótt honum sé kannski ekki viðbjargandi úr því sem komið er): Þegar fingurinn bendir á tunglið horfir fíflíð á fingurinn. Íslenskir fjölmiðlar eru ekki vandamál Halldórs í Íraks málinu, heldur óútskýrður viðsnúningur hans á 14. mars þar sem hann gerbreytti áratugagamalla stefnu flokks síns í utanríkismálum á einni nóttu og misbauð kjósendum sínum með því að ganga til liðs við þá sem reyna að grafa undan Sameinuðu þjóðunum.

Fjölmiðlar eru aðeins að spyrja þeirra spurninga sem 84% íslensku þjóðarinnar og 80% kjósenda Framsóknarflokksins spyrja sjálf sig: hvernig gat Halldór tekið svo örlagaríka ákvörðun í hugsunarleysi og hvers vegna reynir hann að kæfa alla umræðu og gagnrýni með hroka, hótunum og dónaskap? Halldór getur horft á fingurinn benda á tunglið eins lengi og honum sýnist og lamið á íslenskum blaðamönnum með tilstyrk gamalla féлага þeirra. En Halldór Ásgrímsson og spunalæknar hans ættu ekki að hrósa sigri þótt þeir hafi fengið Marshall-ástoð. Það kemur dagur eftir þennan dag.



HELMINGUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS BARÐIST GEGN HERNUM
Hér sést Hjálmar Arnason ganga gegn hernum.

Víglína þvert yfir eldhúsbörðið

Svilfólkið Össur Skarphéðinsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir háir sitt fyrsta einvígi í formannskosningu Samfylkingarinnar í kvöld á Akureyri. Mikill ótti er við átök í flokknum á næstu mánuðum.

Merði Arnasyni, alþingismanni Samfylkingarinnar, er vandi á höndum. Vinir hans til margra ára – ef ekki áratuga – Össur Skarphéðinsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir munu næstu fjóra mánuði takast á um pólitískt líf eða dauða. Mördur hefur átt frumkvæði að því að fá landsfundi flokksins flýtt enn meir en orðið er og segir að jafnvel þótt kosningabaráttan yrði stytta um mánuð væri það til vinnandi: „Það yrði á hvorugt þeirra hallað“. Mördur hefur enn ekki gert upp hug sinn og segist ekki munu gera það fyrr en nær muni draga.

Margar Samfylkingarfjöl-skyldur eru klofnar í afstöðu sinni. Og allir eru sammála um að sá klofningur eigi eftir að aukast.

Mördur bendir á að þarna sé tekin mjög tilfinningaleg afstaða: „Það er mjög erfitt að sjá ákveðna hópa fylkja sér undir merki frambjóðendanna eftir tilteknum straumum, aldri, kyni, búsetu og alls ekki eftir því hvar menn voru í gömlu flokkunum.“

Óskar Guðmundsson blaðamaður er sérfróður um málefni vinstrihreyfingarinnar og hann talar um klofning við eldhúsbörðið. Hann bendir á úr hve líku umhverfi Ingibjörg Sólrún og Össur séu sprottin og á þá ekki aðeins við að makar þeirra Árný og Hjörleifur Sveinbjörnsson séu systkini: „Þau voru bæði leiðtogar róttækra stúdenta og hafa meira eða minna verið í sömu kreðsum þótt þau hafi ekki orðið flokks-systkini fyrr en tiltölulega nýlega.“

Það er ekkert nýtt í íslenskum stjórnmálum að boðið sé fram á móti sitjandi formanni í stjórnmálaflokki. Langoftast hefur það gerst í Alþýðuflokknum og oft var það varaformaður sem hjólaði í



INGIBJÖRG OG ÖSSUR

Ekki aðeins fjölskyldur þeirra tveggja heldur margra annarra klofna í formannskjörinu.

formann sinn þótt ekki væri það regla. Þannig steypti Kjartan Jóhannsson Benedikt Gröndal, Jón Baldvin Kjartani og Jóhanna Sigurðardóttir reyndi að leika sama leikinn við Jón Baldvin, að ekki sé minnst á uppgjör Hannibals Valdimarssonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar og svo Hannibals og Haraldar Guðmundssonar.

Í hinum helsta forvera Samfylkingarinnar, Sósíalístaflokki, og síðar Alþýðubandalagi tíðkaðist ekki að bíta um formannsembætti. „Formaður mátti bara sitja tvö kjörtímabil í Alþýðubandalaginu og það leysti vandann að hluta,“ segir Óskar Guðmundsson, höfundur sögu Alþýðubandalagsins. Engu að síður varð Ólafur Ragnar Grímsson formaður eftir hatramma baráttu gegn Sigríði Stefánadóttur – fulltrúa „flokks-eigendaklikunnar“ – og Margrét Frímansdóttir arftaki hans eftir afdrifaríkan kosningasigur gegn Steingrími J. Sigfússyni. Þetta kom ekki upp á af eðlilegum ástæðum í formannslausum Kvinnalista

Kosningin á milli Össurar og Ingibjargar Sólrúnar er hins vegar fyrsta kosning á milli formanns og varaformanns í íslenskum stjórnmálaflokki í hálfan annan áratug.

Óskar Guðmundsson bendir á að ekki sé jafn langsótt og ætla mátti að bera þessar kosningar saman: „Davíð Oddsson og Þorsteinn Pálsson voru vinir og komu úr sama hópi í flokknum, rétt eins og Össur og Ingibjörg Sólrún.“

Og raunar er það ekki einsdæmi að kosið sé á milli venslaðra vina og nægir að horfa til Danmerkur. Þar vék Poul Nyrup Rasmussen ekki aðeins úr leiðtogasæti jafnaðarmanna fyrir Mogens Lykketoft heldur vék einnig fyrir honum í hjónarúminu því Lykketoft tók saman við fyrri konu forvera síns. Lykketoft á nú á brattann að sækja í kosningabaráttunni í Danmörku, sem stendur aðeins í mánuð. Baráttan í Samfylkingunni mun að óbreyttu standa í fjóra mánuði og þar er ást við innbyrðis jafnt í fjölskyldu sem stjórnmálaflokki.

a.snaevarr@frettabladid.is

Útsölulok

MIRALE

Síðasti dagur útsölunnar, allt að 50% aflsáttur.

MIRALE
Grensásvegi 8
108 Reykjavík
sími: 517 1020

Opið:
mán. - föstud. 11-18
laugard. 11-15

ALESSI

LSA

driade

Cassina

YNHPJW

QJ é ZWX» YN

%
8 OF %X» YF %e; 3= 55%PW3% ôé ZW679355%PW3
73 %X» YF %e; 3 55%PW3% ôé ZW65= 355%PW3
XYú QQ% : 63= 55%PW3% ôé ZW% 9355%PW3



S NR KF

GFXYXYú QQ

6>3 55%PW3%
ôé ZW8> 355%PW3



GT Wé XYTKZ XJ YY

GT Wé XYTKZ GT Wé %TL% QJ é ZWQ=PXXYú QFW



; = 3955%PW3XJ YY%
ôé ZW669355%PW3

UNXF QJ é ZWXú KN

8of %Ë yf %zsl z xkn



66= 3= 55%PW3
ôé ZW6>= 355%PW3

J KYNWOU QF y YX< QZ QT P &

< 5* %FKXQ6 YYZ W%F K%F QQWNOú QF [< WZ %TL% < QI ZR %XR ôMQZ YZR
85* %FKXQ6 YYZ W%F K%XUJ L QZ R

A.H

QF L J WXF QF %F é %P WF QNS I %

-LJSLN%SS %F é %J é FS [JWé Z.

F QQY%R J é % 52 5* %FKXQ» YYN

F é JNS X% QFZLFW FL %TL %XZSSZI FL

TEKK

COMPANY

ðQ S L %MJ QL N%T UN% QFZLFW FL %652 = %TL %XZSSZI FL %682 =

G» OFVQNS I %692; %756%Puf {tl %X%er%; 9%955%Kf} %; 9%98: %%j ppE yj pp3x% | | 3j pp3x

ALEXANDER SERGEJEVITS
PÚSKÍN (1799-1837)
lést þennan dag.



„Sælan er fólgin í glasi fullu af
tei og sykurmola í munni.“

- Púskín var eitt ástsælasta ljóðskáld Rússa og af mörgum
talinn upphafsmaður rússneskra nútímabókmennta. Hann
skoraði ástmann eiginkonu sinnar á hölm. Báðir særðust
og skáldið lést tveimur dögum síðar.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Milljónir sáu banaslys í beinni

Austurríska skíðakonan Ulrike Maier, tvöfaldur heimsmeistari í bruni, fórst þennan dag árið 1994 í skíðakeppni sem haldin var í Þýskalandi. Ulrike, sem var aðeins 26 ára gömul, hafði ráðgert að láta af keppni í lok keppnistímabilsins, en aftréð að keppa þennan dag þrátt fyrir slæmar aðstæður í von um að krækja í nokkur stig í keppninni um heimsmeistaratítillinn.

Milljónir manna sáu hörmulegt slysið í beinni útsendingu í sjónvarpi. Ulrike hálsbrotnaði eftir að hafa kastast út af brautinni í Garmisch-Partenkirchen á um 105 kílómetra hraða. Talið er að henni hafi hlekkst á eftir að hafa lent í kafla á brautinni með mjúkum



29. JANÚAR 1994 Ulrike Maier

snjó. Hún missti vald á öðru skíðinu, missti af sér hjálminn á ísuðum snjónum, rak höfuðið harkalega í uppistöðu fyrir millitíma-tökutæki og rann síðan á bakinu niður hlíðina. Reyndar voru lífgunartilraunir á staðnum en hún var svo flutt með þyrlu á sjúkrahús nærri München. Þremur klukkustundum

eftir slysið var Ulrike Maier úrskurðuð látin. Áður en keppnin hófst hafði skíðakonan í útvarpsviðtali gagnrýnt aðstæður í Garmisch-Partenkirchen og taldi brautina hættulega vegna ísingar og svells. Í viðtalinu sagði hún að laga þyrfti brautina ef ekki ætti illa að fara.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1688 Emanuel Swedenborg, heimspekingur



1737 Thomas Paine, rit-höfundur



1860 Anton Tsjekov, leikritaskáld

1863 Frederick Delius, tónskáld



1939 Germaine Greer, feministi og rithöfundur

1940 Katharine Ross, leikkona

1945 Tom Selleck, leikari



1947 David Byron, söngvari Uriah Heep

1949 Tommy Ramone, trommari í Ramones

1954 Oprah Winfrey, leikkona og sjónvarpsáttastjórnandi



1970 Heather Graham, leikkona

1975 Sara Gilbert, leikkona

TÍMAMÓT: SLYSAVARNAFÉLAG ÍSLANDS STOFNAÐ

Stofnað eftir hörmungar

Í dag er 77 ára afmæli Slysavarnafélags Íslands, sem stofnað var í Reykjavík 29. janúar árið 1928 árum síðan. Félagið heitir í dag Slysavarnafélagið Landsbjörg eftir sameiningu við björgunarsveitir Landsbjargar árið 1999. Fyrsti formaður félagsins var Guðmundur Björnsson landlæknir.

„Félagið var stofnað í kjölfar mikillar umræðu í landinu, sérstaklega um sjóslys,“ segir Þorsteinn Þorkelsson, fjármálastjóri hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu, en hann er að auki félagi í Björgunarsveitinni Ársæli í Reykjavík og sagnfræðimenntaður. „Það voru ákveðnir menn sem nefna mætti forkólfa í málinu, svo sem Oddur V. Gíslason í Grindavík. Hann gaf út slysavarnablað sem nefndist Sæbjörg og beitti sér fyrir slysavörnum til sjós.“

Þá segir Þorsteinn að mann-skæð sjóslys í aprílmánuði árið 1906 hafi orðið til þess að umræða um slysavarnir jókst til muna. „Það var ekki sist fyrir Ingólfs-slysið við Viðey þar sem Reykvik-ingar þurftu að horfa upp á menn farast án þess að geta komið þeim til hjálpar,“ segir hann, en kúttur Ingólfur fórst eftir að hafa kastað akkeri við Viðey vegna þess að ófært var inn í Reykjavíkurhöfn. Gríðarlegir brimskaflar gengu yfir



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÞORSTEINN ÞORKELSSON Þorsteinn er fjármálastjóri hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu auk þess að vera félagi í Björgunarsveitinni Ársæli í Reykjavík.

skipið og tíndu menn útbyrðis einn af öðrum þannig að öll 20 manna áhöfn skipsins fórst. „Þá sáu menn að til þyrfti að vera búnaður til að koma mönnum til bjargar og var þá helst horft til svokallaðs fluglínutækis, þar sem skotið er línu með björgunarstól.“ Samfélags-umræða um nauðsyn þess að koma á fót samtökum sem héldu utan um slysavarnarmál skilaði sér svo að

lokum með stofnun Slysavarnafélags Íslands. „Á Alþingi var lagt fram frumvarp til laga um lög félagsins og greinargerð um þau,“ segir Þorsteinn og bætir við að þáverandi landlæknir, sem varð fyrsti formaður félagsins, hafi verið í forsvari undirbúningsnefndar um stofnun félagsins. „Þetta er auðvitað hörkusaga sem sjálfsagt væri efni í heila bók.“ ■

Allir hvattir til fuglaskoðunar

Núna um helgina stendur Fuglavernd í annað sinn fyrir almennti garðfuglaskoðun og hvetur landsmenn til að taka þátt. Markmiðið er að fá sem flesta til þess að skoða fugla í gördum sínum og vekja áhuga á fuglaskoðun og hversu auðvelt það er að stunda hana. Hliðarmarkmið er svo að afla upplýsinga um fugla í gördum landsmanna, hvaða tegundir eru til staðar og í hve miklu magni. Á vef félagsins kemur þó fram að staðið hafi verið fyrir garðfuglaskoðun frá árinu 1994 en þær hafi félagsmenn annast.

Í fyrra stóð Fuglavernd fyrir garðfuglaskoðun dagana 24. og 25. janúar. „Þátttaka var ágæt, fylgst var með fuglum á 40 athugunarstöðum. Í garðfuglaskoðun 2004 sáu 13 fuglategundir og alls 3.640 fuglar. Snjótittlingur sást í flestum gördum og var jafnframt langalgengasti fuglinn, alls sáust 2293. Starar sáust víða í fyrra og enn fremur skógarprestir,“ segir í tilkynningu félagsins. Þar kemur jafnframt fram að Konunglega



SKÓGARPRÖSTUR Skógarprestir sáust víða í gördum landsmanna í garðfuglaskoðuninni í fyrra.

breska fuglaverndarfélagið, RSPB, hafi staðið fyrir garðfuglaskoðun allt frá árinu 1979 og að hún sé mjög vinsæl á Bretlandi. Þar munu síðast hafa tekið þátt yfir 400 þúsund manns. Fuglaskoðun fer líka fram í Bretlandi núna um helgina, en upplýsingar um hana er að finna á vefslóðinni: rspb.org.uk/birdwatch/index.asp. Nánari upplýsingar um garðfuglaskoðunina hér heima er hins vegar að finna á vef Fuglaverndar, fuglavernd.is. ■

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfirir í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

MERKISATBURÐIR

- 1820 Georg III konungur Bretlandast geðsjúkur í Windsor-kastala, en í valdatíð hans voru gerðar byltingar bæði í Frakklandi og Ameríku.
- 1905 Verulegt tjón verður í Krýsuvík vegna stórs jarðskjálfa með upptök við Kleifarvatn.
- 1942 Bandarísku strandgæsluskipi sókkt undan Garðskaga. Íslensk skip bjarga 85 mönnum en 28 farast.
- 1949 Bretar viðurkenna nýtt ríki Ísraels.
Námsstyrkjaneftnd

Sýslumaðurinn á Húsavík

UPPBOD

Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir

Brúnagerði 1, neðri hæð, Húsavík, ásamt vélum og tækjum, þingl. eig. Meindýravarnir Íslands ehf, gerðarbeiðandi Íslandsbanki hf, fimmtudaginn 3. febrúar 2005 kl. 11:30.

Hesthús í Traðargerði, Húsavík, fastanr. 215-3552, talinn eig. Björn Sigtryggsson, gerðarbeiðandi Aðalsteinn Skarphéðinsson, fimmtudaginn 3. febrúar 2005 kl. 10:30.

Sýslumaðurinn á Húsavík,
25. janúar 2005.



heilsa o.fl.

Á ÞRIÐJUDÖGUM
✓ Auglýsingasíminn er 550 5000

auglysingar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesna blað landsins -

F2

Með
Fréttablaðinu
alla
fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir

HB FASTEIGNIR

Hús Verslunarinnar · Kringlunni 7 · 103 Reykjavík
Sími 534 4400 · Fax 534 4410 · www.hbfasteignir.is



Valdimar Óli Þorsteinsson
Sölufulltrúi
822 6439



Kristinn R. Kjartansson
Sölufulltrúi
897 2338



Hrafnhildur Bridde Lögg.
fasteignasali
821 4400



Teitur Lárusson
Sölufulltrúi
894 8090



Kári Kort
Sölufulltrúi
892 2506



Kristján Axelsson
Sölufulltrúi
821 4404



Pétur Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
Löggiltur verðbréfamiðlari
893 9048



Sigríður Hvönn
Karlsdóttir
Sölufulltrúi
692 1010

OKKAR METNAÐUR
ÞINN HAGUR



NJARDVÍKURBRAUT Í INNRI NJARDVÍK

EINBYLISHÚS 24 MILLJ.

- 282 fm á tveimur hæðum
- 4.svefnherb. á efri hæð
- Rúmgóð stofa og borðstofa
- Efri hæðin er í útleigu
- Neðri hæðin er m/bráðabirgða innréttingum
- Fallegur staður

892-2506 Kári Kort sölufulltrúi



GRASHAGI - EINBYLISHÚS Á EINNI HÆÐ

SELFOSS 17,3 MILLJ.

- 163 fm m/bílskúr
- 3.svefnherb. + 2.stofur
- Fallegur arinn í stofu
- Stórt bjart eldhús
- Stór bílskúr m/rafm. og hita
- Gróinn garður

892-2506 Kári Kort sölufulltrúi



AUÐVELD KAUP - 190 VOGAR

HAFNARGATA 8,3 MILLJ.

- Efri sérhæð í 2ja íbúða húsi.
- Röleggt hverfi
- Stutt í skóla
- Fallegt umhverfi.
- Hátt brunabótamat
- Auðveld kaup

821 4404 Kristján Axelsson, sölufulltrúi

RANGÁRSEL - 109 REYKJAVÍK

ATVINNUHÚSNÆÐI 11,4 - 18,5 M.

- Verslunarhúsnæði 131,1 m² = 11,4 millj.
- Húsnæði m/ innréttingum = 18,5 millj.
- Þrássið skiptist í verslun og baksvæði
- Góð aðkoma
- Góð bílastæði
- Húsnæði er til afh. við kaupsamning.

894-8090 Teitur Lárusson sölufulltrúi



GLÆSILEGT EINBYLISHÚS TILBOÐ

- Hrísholt-Garðabær *363,3 fm
- 4 svefnherbergi
- 3 stofur
- Inni sundlaug
- Garðstofa
- 2 faldur bílskúr

8972338 Kristinn R. Kjartansson



FALLEG TVÖ PARHÚS Í GRÓNU HVERFI

FURUGRUND, SELFOSSI 15,9 MILLJ.

- Heildarstærð 122 fm m/ bílskúr
- Á einni hæð
- 2 svefnherb.
- Á góðum stað í grónu hverfi
- Afhent tilbúið undir tréverk
- Mögulegt er að fá annað húsið fókelt að innan.

692-1010 Sigríður Hvönn, sölufulltrúi



FALLEGT ÚT Á GÓÐUM STAÐ

HLÍÐARHJALLA, 200 KÓP 39,9 MILLJ.

- Heildarstærð 188,7 fm
- Bílskúr 29,0 fm
- Rúmgóð stofa
- Mikil og falleg útsýni
- Stutt í alla þjónustu
- 2 íbúðir

692-1010 Sigríður Hvönn, sölufulltrúi



FYRIR 60.ÁRA OG ELDRÍ - LAUS !!

EIDISMÝRI, 2.H. SELTJ. 18,9 MILLJ.

- Íbúð 81,9 fm
- Lyfta
- 3.ja herbergja
- Stórar suðursvalir
- Tengir f.þvottavél á baði
- Mjög vel skipulögð íbúð

821-4400 Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteignasali



UPPRUNALEG ÍBÚÐ - VEL UM GENGIN

TORFUFELL, 111 RVK 12,6 MILLJ.

- Heildarstærð 79,8 fm
- 3.rúmgóð herb.
- Rúmgóð stofa
- Mjög rúmgott eldhús
- Stutt í alla þjónustu og skóla
- Snyrtileg sameign

692-1010 Sigríður Hvönn, sölufulltrúi



SJARMERANDI ÍBÚÐ Í GRÓNU HVERFI

ÓDINSGATA, 101 RVK 13,9 MILLJ.

- Heildarstærð 63,3 fm
- Sérsmíðaðar kirsuberjainnréttingar
- Beykiparket á gólfum
- 2 Herb
- Stutt í alla þjónustu
- Á besta stað

692-1010 Sigríður Hvönn, sölufulltrúi



GRANDASVÆÐIÐ-ÍDNADAR-VERSLUNAR-

HÚSNÆÐI FRÁBÆR STADSETNING

STÓR OG GÓÐ LÖÐ

- Góðar innkeyrsludyr
- Klassa eign
- Flott verð

8972338 Kristinn Kjartansson



VEIÐJÖRD/HESTABÚGARDUR/FRÍSTUNDAPARADÍS

BÚJÖRD 30 MILLJ.

- 143,9fm íbúðarhúsn.24,1ha ræktað land,
- Aðeins 2,1/2 tíma akstur frá Rvk
- Húsakostur, fjárhús,hesthús,vélagæmsla
- Bakka rennur um landið þar er silungsvæði
- Miklir úthagar og veiði á Tröllatunguheiði
- Gæsir // Rjúpa // Silungur// Gott berjaland

892-2506 Kári Kort



EIN GÓÐ Í MIÐBÆNUM.

GRETTISGATA - 101 - RVK. 15,9 MILLJ.

- 89 Fm
- 4 Herb.
- Fallegir listar og hurðar
- Nýtt baðherbergi
- Röleggt fjölbýli
- Stutt í miðbæinn

821 4404 Kristján Axelsson sölufulltrúi



BÁSBRYGGJA

RADHÚS 38,9 MILLJ.

- HÚS VIÐ SJÁVARKAMBINN - EINSTAKT ÚTSÝNI
- Hús 203 fm m/innbyggðum bílskúr
- Vandaðar sérsmíðar innréttingar og tæki
- Góð vinnuástaða á jarðhæð
- Gegnheilt eikarparket og flísar á gólfum
- Afhending getur verið með skómmum fyrirvara
- Húsbúnaður getur fylgt

821-4400 Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteignasali



MAGNÚS ÞORKELL BERNHARÐSSON Bók hans Píslarvottar nútímans selst eins og heitar lummur og sýnir svo ekki verður um villst að Íslendingar hafa mikinn áhuga á því að kynna sér málefni Mið-Austurlanda sem best.

Píslarvottar nútímans seljast vel

Það bar til tíðinda að upplag bókar Magnúsar Þorkels Bernharðssonar; Píslarvottar nútímans, skyldi seljast upp um síðustu helgi og bókin skjótast á topp vinsældalista íslensku bókabjódarinnar. Í bókinni er fjallað um sögu stjórnmála og trúarbragða í Íran og Írak; eða þau málefni Mið-Austurlanda sem eru helsta deiluefni heimsins um þessar mundir.

„Þetta er merkilegt því nú eru bókaútsölur í gangi og margar af vinsælustu jólabókunum á tilboði, en engu að síður slær bók Magnúsar aðrar út,“ segir Páll Valsson, útgáfustjóri skáldverka og fræðiritra hjá Eddu útgáfu.

„Þetta sýnir áhuga þjóðarinnar sem tekur vel við sér þegar henni býðst alvöru bók um málefni Mið-Austurlanda.“

Píslarvottum nútímans var dreift í búðir á föstudag fyrir viku og seldist upp í flestum þeirra áður en ný vika hófst.

„Bókin var ekki hugsuð sem metsölubók, en við vissum að áhuginn væri mikill. Þannig var ein vinsælasta bókin í fyrra Arabíukonur eftir Jóhönnu Kristjónsdóttur. En Magnús er virtur og vinsæll fyrirlesari og maður þóttist vita að hann ætti stóran hóp sem tæki honum vel, enda einn helsti sérfræðingur í málefni-

um Mið-Austurlanda í heiminum.“

Og þótt málefni séu þung er bókin aðgengileg. „Menn lesa hana eins og reyfara, þótt þeir finni að efnið er skrifað af mikilli þekkingu og yfirsýn. Mér finnst áhuginn vera hraustleikamerki á þjóðinni og sýna að Íslendingar eru móttækilegir fyrir góðri vöru. Þetta er bók fyrir almenning á öllum aldri sem hefur áhuga á því sem er að gerast í veröldinni. Og óneitanlega gaman að gefa út bók af háum standard um málefni sem eru í brennidepli, enda erfitt að setja punkt því málið er lifandi og alltaf einhverjar kúvendingar.“

thordis@frettabladid.is

ÚTSÖLULOK



VERÐHRUN

dömu & herrafatn.	verðdæmi	útsala	verðhrun
isotex úlpur	17.990,-	9.995,-	4.990,-
isotex jakkar	13.990,-	6.995,-	4.990,-
flíspeysur	5.990,-	2.995,-	1.490,-
smávара	1.990,-	995,-	490,-

barnafatnaður	verðdæmi	útsala	verðhrun
úlpur	7.990,-	3.990,-	1.990,-
flíspeysur	3.990,-	1.990,-	990,-
smávара	1.990,-	990,-	490,-

OPIÐ UM HELGINA
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 17

REGATTA
GREAT OUTDOORS™

ÚTIVIST&SPORT

verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta

Akureyri - Strandgata 3 Sími 464-4450 • Reykjavík - Faxafni 12 Sími 533-1550 • Keflavík - Hofnargata 25 Sími 421-3322

Útsöluinni lýkur í dag!



10% - 70% afsláttur

Öndvegi

HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799 | www.ondvegi.is | ondvegi@ondvegi.is

Opið í dag, laugardag kl. 11 -16.

Með uppbrettar ermar

Georg Kr. Lárússon er nýtekinn við forstjórastarfi Landhelgisgæslunnar. Hann segir brýnt að endurnýja skipa- og flugflota Gæslunnar og vill fara nýjar leiðir í þeim efnunum. Starfsemi Landhelgisgæslunnar hefur breyst í takt við annað í heiminum og ný verkfæri blasa við. Sögur herma að eiturlyf séu flutt milli heimsálfa í gegnum Ísland.

Engan þarf að undra að Georg Kr. Lárússon hafi sótt um starf forstjóra Landhelgisgæslunnar þegar það var auglýst laust til umsóknar fyrir tveimur mánuðum. Hann hefur nefnilega lengi langað til að gegna því. „Landhelgisgæslan hefur alltaf verið mér ofarlega í huga og efst á óskalistanum hvað framtíðarstarf varðar. Skip, flugvélar og annað slíkt hefur verið mitt áhugamál alla ævi og ég hef fylgst vel með starfsemi Landhelgisgæslunnar í gegnum árin. Ég er mjög ánægður og þá fyrst og fremst með það mikla traust sem mér er sýnt með því að fela mér stjórnun þessarar stóru stofnunar sem ég lít svo á að gegni miklu hlutverki í íslensku samfélagi sem á eftir að vaxa enn frekar.“

Georg segir nýja starfið gerólikt hans gamla starfi hjá Útlendingastofnun því þar á bæ hafi flest mál krafist tafarlausrar úrlausnar en hjá Landhelgisgæslunni séu viðfangsefni stærri og tímafrekari og frekar sé horft til framtíðar.

„Hér eru aðkallandi verkefni sem eru fyrst og fremst þau að horfa til breyttra tíma. Þó að lega landsins hafi verið óbreytt frá ómunatíð þá hefur veröldin í kringum okkur breyst verulega og Ísland færst nær öðrum þjóðum í öllum skilningi. Það má segja að fyrr á árum hafi frumverkefni Landhelgisgæslunnar verið að vinna að útfærslu fiskveiðilög-sögunnar og gæta þess að hér væru ekki útlendingar að ólöglegum veiðum og stela frá okkur fiskinum.“

Eiturlyfjum smyglað inn og út

Enn er fiskveiðieftirlitið stór partur af starfsemi og sömu leiðis björgun og leit, bæði á sjó og landi. Georg segir hin nýju verkefni lúta til dæmis að mengunarvörnum, smygli á eiturlyfjum og fólki og ekki hvað síst hugsanlegri hryðjuverkaógn. „Þó svo að sú ógn kunnir ekki að beinast að okkur þá er Ísland í miðju Atlantshafinu og getur því verið notað sem millilendingarstaður fyrir vafasaman mannskap og fyrir flutning á ýmsum ólöglegum varningi, svo sem eiturlyfjum til annarra landa.“ Hann segir sögur á kreiki um að eiturlyfjum sé smyglað til landsins, þó ekki til að koma á markað hérlandis. „Við höfum svo sem heyrt sögur sem styðja að það kunnir að vera reyndin. Eiturlyf geta farið hér í gegn, þeim skipað upp á Íslandi og þau flutt einhvern tíma þegar vel hentar með einhverskonar leiðum frá landinu og yfir til meginlandsins annað hvort í vestri eða austri.“

Georg nefnir líka Schengensamstarfið og bendir á að ekki sé nóg að gæta landleiðanna í Keflavík og á Seyðisfirði. „Við höfum merkt á síðustu árum að hér við stendur landsins er sívaxandi umferð bæði seglskúta og ýmissa annarra farartækja sem vissulega geta borið með sér ólöglegan mannskap, efni og annað þvumlíkt.“



GEORG KR. LÁRÚSSON Í FLUGSKÝLI LANDHELGISGÆSLUNNAR „Við þurfum að ráða yfir skipi sem við getum stjórnað og stýrt og gert við það sem við viljum og við þurfum að ráða yfir flugvél. En við þurfum ekki að eiga þessar græjur. Í stað þess að binda þrjá milljarða í eign sem ónýtt smám saman gætum við greitt ákveðið leigugjald. Það ætti líka að leiða til skilvirkari endurnýjunar á þessum tækjum.“

Varðskip á rekstrarleigu

Floti Landhelgisgæslunnar er kominn til ára sinna og lengi hefur verið rætt um nauðsyn þess að kaupa nýtt varðskip. Georg tekur undir það að vissu leyti en ekki öllu. Hann telur enga nauðsyn á að kaupa nýtt skip en vill þess í stað leigja það.

„Það dylst engum að við höfum ekki staðið okkur sem skyldi í endurnýjun flotans og það liggur fyrir að skipin eru sum hver á fertugs- og fimmtugsaldri. Það sér hver maður í hendi sér að við þurfum að taka okkur á í þessum efnunum og dómsmálaráðherra hefur sýnt þessu verkefni mikinn áhuga. Þá er flugvélin komin til ára sinna og það liggur ljóst fyrir að við þurfum að endurnýja hana innan tveggja ára.“

Georg telur óskynsamlegt að festa kaup á nýjum tækjum enda hægt að fara aðrar leiðir. „Við þurfum að ráða yfir skipi sem við getum stjórnað og stýrt og gert við það það sem við viljum og við þurfum að ráða yfir flugvél. En við þurfum ekki að eiga þessar græjur. Í stað þess að binda þrjá milljarða í eign sem ónýtt smám saman gætum við greitt ákveðið leigugjald. Það ætti líka að leiða

til skilvirkari endurnýjunar á þessum tækjum.“

Rekstrarleiga skipa hefur rutt sér til rúms og til dæmis leigir Íslendinga myndi kosta þrjá milljarða að smíða skip. Við getum auðveldlega leigt skip þar sem við borgum hugsanlega 150 milljónir króna á ári í leigugjöld. Ef við ættum ótakmarkaða peninga væri sjálfsgætt snúguð að láta smíða skip en staðan er nú þannig að við eigum ekki ótakmarkaða peninga.“

Þarf ekki „íslenskt“ skip

„Það fylgir því áttak og erfiði að koma upp nýju skipi. Samkvæmt síðustu útreikningum á skipi fyrir Íslendinga myndi kosta þrjá milljarða að smíða skip. Við getum auðveldlega leigt skip þar sem við borgum hugsanlega 150 milljónir króna á ári í leigugjöld. Ef við ættum ótakmarkaða peninga væri sjálfsgætt snúguð að láta smíða skip en staðan er nú þannig að við eigum ekki ótakmarkaða peninga.“

Georg segir óþarfi að sérhanna nýtt varðskip fyrir Íslendinga, hægt sé að nota samskonar skip og til dæmis Norðmennirnir noti. „Eg lít svo á að öll sú vinna og allir þeir peningar sem hafa verið lagðir í sérútbúið íslenskt skip sé vitleysa. Við getum sótt þessa þekkingu til annarra landa. Þetta er svipað og að við Íslendingar smíðum ekki bíla heldur látum við duga að kaupa bíla frá öðrum löndum því við teljum aðra hæfari í þau mál.“

Öll tæki sem hafa verið keypt hingað frá 1926 hafa verið smíðuð sérstaklega fyrir Ísland, bæði skipin og flugvélin. Undantekningalaust hafa þessi tæki verið keyrð alveg þangað til þau voru búin. Þá erum við í vandræðum og þurfum að setja mikla peninga, milljarða núna ef við ætlum að smíða skip, í fjárfestingu sem við svo sitjum uppi með og reynum að keyra í botn.“

Georg er bjartsýnn á að nýtt varðskip fái sér fyrst en síðar en segir brýnast nú að endurnýja flugvél Gæslunnar enda á síðasta snúningi. Um leið vill Georg skoða hvort ekki sé skynsamlegt að sameina flugrekstur ríkisins, það er, reka sameiginlega flugkost Landhelgisgæslunnar og Flugmálastjórnar.

Vopnabjálfun eflid

Varðskipin eru búin vopnum og hópur starfsmanna Gæslunnar hefur hlotið þjálfun í vopnaburði enda löggæslumenn á hafinu. Georg segir mikilvægt að efla menntun og þjálfun manna í ljósi breyttrar heimsmyndar. „Þó svo að við reiknum alls ekki með að þurfa að eiga við hryðjuverkamenn á hverjum degi þá er þetta

atriði sem við þurfum að horfa til þegar horft er til heildarhagsmuna og öryggis ríkisins. Þó svo að Íslendingar séu herlaus þjóð og vopnlaus þjóð að meginstefnu til verðum við að geta brugðist við aðstæðjandi vá. Við getum ekki verið algjörlega varnar- og bjargarlaus og þó svo að raunveruleikinn verði vonandi aldrei þannig að við þurfum að beita þessum vopnum í miklum mæli þá þurfum við engu að síður að eiga þessi tæki og hafa þessa þjálfun.“

Önnur hlið á þessum peningi er sprengjudeildin sem vaxið hefur á síðustu árum. „Nú er svo komið að sprengjudeildin okkar er talin sú besta á Norðurlöndum. Við höfum gegnt veigamiklu hlutverki í útlöndum til að kenna mönnum og aðstoða við að eyða sprengjum.“ Við þau störf deildarinnar bætast svo á bilinu 70 til 100 verkefni innanlands þar sem sprengjur og tundurdufl eru gerð óvirk.

Georg Lárússon er nýtekinn við stýrinu í Landhelgisgæslunni en hefur þegar brett upp ermar. Margt er í bígerð og meðal annars verða höfuðstöðvarnar fluttar í Skógarhlíð í haust, en þær hafa verið um áratuga skeið á Seljavegi.

bjorn@frettabladid.is

FJARNÁM MEÐ NÝJU SNIÐI
WWW.MENNTAVEFURINN.IS



BYRJADU NÚNA!

ÞÚ LÆRIR Á ÞÍNUM HRADA
OG KEMUR Í PRÓF ÞEGAR ÞÉR HENTAR

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

OFANLEITI 1 103 REYKJAVÍK SÍMI 5 900 600 FAX 5 900 602 WWW.VERSLO.IS FJARNAM@VERSLO.IS

Vandaðar vörur!



„TRINIDAD“ 2 HURDIR MED SPEGLI OG SKÚFFUM

St. 101 x 208 x 63 sm,
2ja hurða. Vandaður og fallegur skápur með spegli og 3 skúffum. Lítur beyki.

„TRINIDAD“ 2 HURÐA:

19.900,-



„TRINIDAD“ 4 HURDIR MED SPEGLI OG SKÚFFUM

St. 201 x 208 x 63 sm.



„TRINIDAD“ 4 HURÐA:

34.900,-

„TRINIDAD“ 3 HURDA FATASKÁPUR MED SPEGLI OG SKÚFFUM

Stærð 151 x 208 x 63 sm.



„TRINIDAD“ 3 HURÐA:

24.900,-



„KOS“ SVEFNSÓFI

Svefnsófi með springdýnu og rúmfatageymslu.
St. 195 x 94 x 96 sm. Útdreginn st. 120x195 sm.
Verð aðeins:

25.000,-



hoie



„HOIE EXCLUSIVE“ SÆNG

Lúxus thermosæng sem má þvo. Mjúkt og þægilegt áklæði. Sængin er saumuð saman úr 2 sængum þannig að á milli þeirra myndast einangrandi loftrúm. Stærð 135x200 sm.

VERÐ AÐUR 6.990,-

SPARADU
2.000,-

4.990,-



„APPLES“ MATARSTELL

16 hlutir saman í einum kassa, fyrir fjóra. Mjög smart matarstell á alveg hreint frábæru verði.

ÁÐUR 1.990

1.690,-



VERÐ FRÁ:

49,-

KÖRFUR

Sniðugar undir smádótið. Fást í nokkrum stærðum og litum.



3 STK. VERÐ AÐUR 990,-

495,-

50%
AFSLÁTTUR

POSTULÍNSVASAR - 3 SAMAN

Stórglæsilegir postulínsvasar, 3 saman. St. 25 sm háir. Flottir vasar með fallegum munstri.

-góð kaup



www.rumfatalagerinn.is

Af flísnum og bjálkum

Á gamlársdag birtist í Fréttablaðinu annáll Hallgríms Helgasonar fyrir 2004 þar sem Davíð Oddsson, fjölmiðlamálið og Íraksstríðið komu mjög við sögu. Kára Stefánsdóttir fannst ekki sómi af þessari grein Hallgríms og rekur hér af hverju hann er á þeirri skoðun.

Á síðustu tveimur til þremur árum hefur orðið töluverð breyting á pólitískri umræðu á Íslandi. Hún er ómálefnalegri, hvassari og persónulegri en hún var og virðist sem flest sé leyfilegt. Ég held að það megi rekja þetta að nokkru leyti til breytinga sem hafa orðið á ritstjórnarstefnu fjölmiðla í landinu. Á gamlársdag síðasta árs birtist í Fréttablaðinu grein eftir Hallgrím Helgason sem mér finnst dæmigerð fyrir þessa breytingu. Þetta var úttekt blaðsins á atburðum ársins 2004. Mér finnst eins og mér renni blóðið eilítið til skyldunnar vegna þess að þegar greinin birtist var ég einn af eigendum Fréttablaðsins. Og ég var líka einn af eigendum DV, sem nokkrum dögum síðar lýsti því yfir að grein Hallgríms væri besta úttektin á 2004 sem boðið hefði verið uppá í fjölmiðlum. Það er býsna gott að vakna að morgni glaður einfaldlega vegna þess að maður er ekki lengur meðal eigenda fjölmiðla.

Geðveiki

Það er ljóst á áramótaúttekt Hallgríms Helgasonar að honum er mikið í mun að sýna okkur samlöndum sínum fram á að ekki sé allt sem sýnist. Það er í sjálfu sér ekkert nýtt vegna þess að sem myndlistarmaður og höfundur skáldsagna hefur hann verið að gera hið sama um árabíl. Og ég þekki mæta menn sem segja mér að hann hafi skemmt þeim töluvert með skrifum sínum. Sjálfum finnst mér Hallgrímur búa að hæfileikum sem rithöfundur þótt á köflum eigi hann erfitt með að hemja sig, sem er ekki endilega löstur á þeim sem spinnar sögur. Það er líka ljóst á áramótaúttekt Hallgríms að honum er lagnara að lýsa veruleika sem hann smíðar að mestu sjálfur en þeim sem við hin búum í. Önnur aðferð við að segja hið sama er að veruleiki Hallgríms einkennist af því að honum finnst allar skoðanir sem stangast á við hans slæmar og að þeir sem berjast fyrir þeim séu vondir og jafnvel geðveikir. Geðveiki er orð sem hann notar oft í greininni sinni og tengir við forsætisráðherra, sjálfsagt í þeirri von að lesendur taki hann alvarlega og fari að líta svo á að maðurinn sem þeir hafa kosið til þess að leiða ríkisstjórn Íslands lengur en nokkur annar maður í sögunni sé ekki með öllum mjalla. Það er nokkuð vinsæl aðferð þegar menn eru á öndverðum meiði við einhvern en treysta ekki þeim röksemdum sem þeir hafa á móti manningum að lýsa því einfaldlega yfir að hann sé galinn. Þetta er einfalt, með öllu ábyrgðarlaust og grefur venjulega meira undan þeim sem segir heldur en þeim sem um er sagt. Oftast hefur þessi yfirlýsing litlar formlegar afleiðingar fyrir þann sem gefur hana út þótt Helgi Tómasson hafi á sínum tíma glatað starfi sínu um stundar sakir þegar hann gaf út yfirlýsingu um geðveilu Jónasar frá Hriflu, enda var hann prófessor í geólækningum. Hallgrímur er hins vegar listamaður og menn reikna með því að hann sé að skálda eða leika sér að nýjum og framandi veruleika þegar hann lýsir menn geðveika og því ekki ólíklegt að honum verði fyrirgefið og þess undan hefur hann ekkert starf sem væri hægt að svifta hann í refsingarskygni. Ég yrði hins vegar ekki hissa ef forseti Íslands sæmdi hann stórriddarakrossi hinar íslensku Fálkaorðu fyrir vikið, sérstaklega vegna þess að hann fíktaði ekkert í hárinu á honum á myndinni sem

fylgdi greininni umræddu.

Það er ljóst af ofansögðu að mér finnst greinin hans Hallgríms honum ekki beinlínis til sóma. Í henni ásakar hann Davíð Oddsson bæði beint og óbeint um ofbeldi, óbilgírni og skort á umburðarlyndi fyrir skoðunum og vilja annarra en gerir þetta hins vegar á þann hátt að greinin er linnulaus yfirlýsing um óbilgírni Hallgríms og skort á umburðarlyndi hans fyrir skoðunum og vilja annarra. Lítum nú á nokkur dæmi:

Lítið lært af New York Times

Í byrjun greinarinnar segir Hallgrímur að Davíð sé raunveruleg drusla vegna þess að hann hafi bent á þann möguleika að forsetinn væri vanhæfur til þess að taka afstöðu til fjölmiðlafrumvarpsins vegna þess að dóttir hans væri starfsmaður fyrirtækis sem ætti töluvert undir því komið hvernig það yrði afgreitt. Þarna sýndi Hallgrímur að þótt það megi vera að hann hafi einhvern tíman opnað New York Times, sem hann lofar síðar í greinni, hefur hann lítið lært af því. Ef það hefði verið forseti Bandaríkjanna sem neitaði að skrifa undir lög sem snertu sérstaklega fyrirtæki sem afkvæmi hans ynni hjá leikur enginn vafi á að NYT hefði bent á mögulegan hagsmunaaðrekskur og vanhæfi og sama hefðu allir aðrir fjölmiðlar þess ágæta lands gert. Og það var sjálfsagt að benda á þetta og með því kom Davíð með málefnalegt framlag til umræðunnar um örlög fjölmiðlafrumvarpsins. Hann var ekki að djöflast á dóttur forsetans einsog Hallgrímur heldur fram og þessi umræða varpaði engum skugga á hana. Ég er hins vegar sammála forsetanum að hagsmunaaðrekskurinn hafi verið það lítil, þótt hann væri til staðar, að hann hefði ekki átt að gera hann vanhæfan til þess að taka opinbera afstöðu í þessu máli. En það voru greinilega ekki allir sammála okkur og það er gott, þannig á það að vera í frjálsum landi. Og það er hætta á því að þær færu að dreifa sér víða druslurnar ef allir væru sem tjá sig opinberlega um viðkvæm mál og eru á öndverðum meiði við Hallgrím.

Annað dæmi um það hvernig Hallgrímur missti sjónar á kjarna lýðræðisins eða tókin á sjálfum sér er þegar hann fjargviðrast út af því að Davíð og aðrir fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafi farið að velta fyrir sér stjórnarskránni þegar forsetinn nýtti sér í fyrsta sinn í sögunni þann rétt sem honum er að öllum líkindum veittur af henni og neitaði að staðfesta lög sem höfðu verið samþykkt af Alþingi. Nú ætla ég ekki að tjá skoðanir á því hvað stjórnarskráin segir um þetta mál vegna þess að ég hef engar. Það er hins vegar vel þess virði að velta því fyrir sér hvað gerðist.

Um fjölmiðlana

Baugur, sem er stórt og kraftmikil fyrirtæki sem Davíð Oddson hafði einhverra hluta vegna séð ástæðu til þess að agnást út í, keypti meirihluta í Fréttablaðinu, DV og Norðurljósum, sem átti Stöð 2 og nokkrar útvarpsstöðvar. Þetta þótti ýmsum, og þar á meðal Davíð, fullmikil samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla. Hann lýsti áhyggjum sínum út af því að aðili sem ætti þetta stóran hluta af íslenskum fjölmiðlum gæti haft óeðlilega mikil áhrif á skoðanamyndun í samfélaginu. Varla var hann búinn að tjá áhyggjur sínar út af fjölmiðlasamsteypunni



KÁRI STEFÁNSSON „Þegar maður er búinn til höfuðsins einsog Hallgrímur Helgason er hætt við því að svona tíð skilji eftir sig kalbletti á heilaberkinum sem geta leitt til þess að menn glati allri tilfinningu fyrir því hvað er við hæfi í samfélagi síðaðra manna.“



HALLGRÍMUR HELGASON Skrifaði úttekt um helstu atburði ársins 2004 sem birtist í Fréttablaðinu á gamlársdag. Greinin vakti mikla athygli og voru skoðanir mjög skiptar um efni hennar.

stóru er hann réðist til atlgju gegn henni eins og hann væri sér ómeðvitaður um þá hættu sem hann hafði þó gefið sem ástæðu fyrir andstöðu sinni. Sú hætta fólst meðal annars í því að svona fjölmiðlasamsteypa gæti breytt skoðunum samfélagsins á öllu milli himins og jarðar og jafnvel snúið því gegn vinsældatrölli einsog honum sjálfum. Hann ákvað að það væri þörf á löggjöf

” Hér var ekki um að ræða fyrsta skiptið sem Ólafur Ragnar Grímsson skipti sér af pólitík. Hann var atvinnupólitikus um áratugaskeið og var meirihluta þess tíma ötull talsmaður stjórnmalaflokks sem var hatramur andstæðingur núverandi stjórnarflokka, stjórnmalaflokks sem var oftast lítill og óvinsæll. Sú staðreynd fór ekki framhjá mér vegna þess að faðir minn var þingmaður fyrir þennan smáa og óvinsæla stjórnmalaflokk.

um eignarhald fjölmiðla en í stað þess að leita samráðs við stjórnarandstöðuna, sem er nokkuð víst að hefði ekki bara samþykkt heldur viljað setja tiltölulega þröngan lagalegan ramma utan um eignarhald fjölmiðla, þá ákvað Davíð að fara einstigi í þessu máli. Ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi frumvarp til laga sem fjallaði aðallega um það hversu mikið menn mættu eiga í fjölmiðlum. Málið var flutt af töluverðri hörku og það urðu miklar deilur um það í samfélaginu og DV og Fréttablaðið birtu margar greinar um það á degi hverjum, nær allar sneisafullar af hvassri gagnrýni á frumvarpið. Og ekki var sparað skít-kastið í garð Davíðs og ríkisstjórnarinnar og má segja að í umfjöllun sinni um þetta mál hafi þessi tvö dagblöð brotið blað í sögu íslenskrar blaðamennsku með hlutdrægni og persónulegum árásum. Að visu hefur mér fundist DV almennt vera sóðapappír upp á síðkastið og brjóta margt fleira en blöð í sögum.

Er stjórnarskráin fullkomin?

Frumvarpið var samþykkt og lög in voru send forsetanum til staðfestingar. Hann tók þá ákvörðun að staðfesta þau ekki þótt slík ákvörðun hefði aldrei áður verið

tekin í sögu lýðveldisins. Þótt ég hefði á sínum tíma lítt mótaða skoðun á þessari ákvörðun var mér strax ljóst að hún hlaut að vekja spurningar um túlkun hans á stjórnarskránni, ákvörðun hans að beita ákvæðinu eins og hann skilur það og síðast en ekki síst spurningar um það hvort stjórnarskráin í núverandi mynd þjóni landsmönnum vel. Það eru til dæmis þeir sem halda því fram að ákvæði stjórnarskránnar sem veitir forseta vald til þess að staðfesta ekki lög hafi að öllum líkindum verið sett til þess að hann gæti komið í veg fyrir stórslys einsog að gráðugir þingmenn seldu Vestmannaeyjar en varla til þess að koma í veg fyrir lög sem fjalla um málefni á borð við eignarhald fjölmiðla. Andstæðingar fjölmiðlafrumvarpsins héldu því margir fram að eignarhald á fjölmiðlum skipti ekki máli vegna þess að það hefði engin áhrif á ritstjórn þeirra. Samkvæmt skoðunum þeirra var forsetinn að kippa þingræðinu úr sambandi vegna heldur lítillvægs málefnis. Er nema von að þessi ákvörðun vekti spurningar. Hér var forsetinn að grípa inn í starf Alþingis á pólitískan hátt og það ber að hafa í huga að hér var ekki um að ræða fyrsta skiptið sem Ólafur Ragnar Grímsson skipti sér af pólitík. Hann var atvinnupólitikus um áratugaskeið og var meirihluta þess tíma ötull talsmaður stjórnmalaflokks sem var hatramur andstæðingur núverandi stjórnarflokka, stjórnmalaflokks sem var oftast lítill og óvinsæll. Sú staðreynd fór ekki framhjá mér vegna þess að faðir minn var þingmaður fyrir þennan smáa og óvinsæla stjórnmalaflokk. Það var því ekki óeðlilegt að ákvörðun forsetans vekti þá spurningu í huga Davíðs og annarra hvort hann hefði tekið þessa ákvörðun vegna pólitískra skoðana sem héldu honum inni á þingi um langan tíma. Og svo eru það menn einsog Bragi Kristjánsson bóksali sem halda því fram að forsetinn sé svo hégómagjarn að hann hafi tekið þessa ákvörðun til þess eins að koma sér í sviðsljósið. Það finnst mér heldur ljót skoðun þótt ekki sé loku fyrir það skotið að hún sé rétt. Sjálfum finnst mér líklegast að forsetinn hafi gert þetta vegna þess að honum þótti málið mikilvægt og að hann var á móti því.

Eignarhald á fjölmiðlum

Án tillits til þess hvaða skoðun menn hafa á því að forsetinn nýtti sér réttinn til þess að skrifa ekki undir lög þá var þetta í fyrsta sinn sem rétturinn var nýttur og

það hefði verið illa komið fyrir Íslandi ef þeir þingmenn sem samþykktu lög hefðu ekki séð ástæðu til þess að velta því fyrir sér hvað væri að gerast og spyrja spurninga um réttmæti þess. Það var verið að máta þetta ákvæði við íslenska þjóðarsál. Og hvernig passaði það? Það er erfitt að segja vegna þess að fjölmiðlafrumvarpið var svo óvinsælt að það er ómögulegt að gera sér grein fyrir því hvort menn tóku afstöðu á móti því og voru reiðubúnir að fórná öllu, meðal annars þingræðinu, til þess að losna við það eða vegna þess að þeir voru raunverulega fylgjandi því að forsetinn hefði nýtt sér ákvæðið umrædda. Það er svo önnur spurning hvers vegna fjölmiðlafrumvarpið var svona óvinsælt. Ein ástæðan er vafalaust sú að frumvarpið var meingallað, önnur að Davíð rak málið af óbilgírni og smekkleysi og sú þriðja sem vegur ekki minnst er sá linnulausi áróður sem ákveðnir fjölmiðlar ráku gegn frumvarpinu. Þetta var áróður af því magni og þunga að hann hefði sjálfsagt nægt til að breyta fjalli og er í sjálfum sér ástæða þess að sett séu lög um fjölmiðla á Íslandi í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að þeir beygli heimsmynd þjóðarinnar til þess að þjóna þröngum hagsmunum fárra. Ég er hins vegar ekki viss um að besta leiðin til þess liggja í gegnum takmörkun á eignarhaldi.

Davíð og Jón Ásgeir

Þriðja dæmið um vegvillu Hallgríms er að finna þar sem hann lýsir aðkomu Halldórs Ásgrímssonar að fjölmiðlamálinu. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn eru búnir að vera saman í stjórn á núnda ári og það hefur aldrei verið meiri velmegun í landinu en á þeim tíma. Það er ekki þar með sagt að ríkisstjórnir þeirra eigi allan heiðurinn skilinn. En þær hafa ýmislegt gott gert einsog að auka frelsi í íslensku viðskiptalífi sem hugmyndaríkir kaupslumenn hafa nýtt sér til þess að búa til mikil verðmæti, ekki bara sér heldur líka samfélaginu til hagsbóta. Einn af þessum kaupslumönnum, af yngri kynslóðinni, sem hafa nýtt sér þetta frelsi er Jón Ásgeir í Baugi og það er mikil synd að Davíð Oddsson og hann hafi ekki borið gæfu til þess að vinna saman. Þeir eru báðir gáfaðir og hugmyndaríkir menn, hvor á sínu sviði, og það eru lítill takmörk fyrir því sem þeir gætu gert fyrir íslenskt samfélag ef þeir legðu hendur á sama plóg.

Það er líka ljóst að þegar flokkar

eins og Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn mynda samsteypustjórn þá er tekist á um hin ýmsu málefni innan stjórnarinnar, enda er hugmyndin sú að flokkarnir haldi sjálfstæði sínu og verði ekki eins heldur leiti að málamiðlun, samnefnara, í flóknum málum. Davíð og Halldór hafa reynt hvor öðrum vel í stjórnarsamstarfinu og á þann hátt hafa þeir reynt samfélaginu vel. Það er ekkert sem bendir til þess að þeir hafi ekki snúið bókum saman í fjölmíðlamálinu og ég fæ ekki betur séð en Halldór hafi stutt Davíð af fullum heilindum þótt ég væri ekki hissa á því að hann hefði á köflum viljað að Davíð bæri sig svoltið öðruvísi að. Hann var ekki að kóa með Davíð einsog Hallgrímur segir í greininni. Hann var að vinna með honum af heilindum einsog góðir leiðtogar flokka í samsteypustjórn gera á erfiðum tímum.

” Einn af þessum kaupslumönnum, af yngri kynslóðinni, sem hafa nýtt sér þetta frelsi er Jón Ásgeir í Baugi og það er mikil synd að Davíð Oddsson og hann hafi ekki borið gæfu til þess að vinna saman. Þeir eru báðir gáfaðir og hugmyndaríkir menn, hvor á sínu sviði, og það eru lítil takmörk fyrir því sem þeir gætu gert fyrir íslenskt samfélag ef þeir legðu hendur á sama plóg.

Kosningasjóðir stjórnálflokka
Fjórdi dæmið um málflutning Hallgríms er umfjöllun hans um samráð olúfólaga. Í millifyrirsögn spyr hann: „Hvar eru blaðamennirnir sem geta sagt okkur hvað samráðsfurstarnir borguðu mikið í sjóði olúfólakanna tveggja sem aldrei fást til að opna sitt eðla bókhald?“ Hér er hann að gefa í skyn að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafi á einhvern hátt verið keyptir af þeim sömu forstjórum olúfólaga sem stóðu að samráðinu. Hann bendir ekki á neinar röksemdir þessu til stuðnings. Honum finnst sjálfsgætt að hann þurfi ekki á því að halda vegna þess að innst inni er hann sammála mér um að markmið hans með greininni sé að vera eins ábyrgðarlaus og kostur er á. Það er líka mikilvægt að hafa það í huga að þegar kemur að bókhaldi stjórnálflokka þá hafa þeir allir, ekki bara þeir tveir fyrrnefndu, tilhneigingu til þess að loka þegar þeim hentar, jafnvel fyrir sjálfum sér.

Það var fyrir alþingiskosningar árið 1999 að stjórnendur Íslenskrar erfðagreiningar ákváðu að ef stjórnálflokkarnir leituðu til fyrirtækisins um stuðning yrði hann veittur upp að ákveðnu, hóflegu, marki. Daginn eftir kosningarnar birtist í Degi grein eftir Stefán Jón Hafstein þar sem hann hélt því fram að undirritaður hefði beyglað lýðræðið í landinu með því að bera fé á Sjálfstæðisflokkinn. Staðreyndir málsins eru hins vegar þær að til okkar leitaði Samfylkingin, það um fé, fékk það og gekk heldur illa í kosningunum. Vinstri grænir leituðu til okkar og fengu og gekk vel í kosningunum, það gerði líka Framsóknarflokkurinn, en gekk illa. Sjálfstæðisflokkurinn leitaði hins vegar ekki til okkar og gekk vel í kosningunum. Þetta er athyglisvert af ýmsum ástæðum. Ein er sú að fjárframlög Íslenskrar erfðagreiningar höfðu greinilega engin áhrif á úrslit kosninganna. Önnur er sú að þótt Stefán Jón Hafstein hafi stjórnað kosningabaráttunni fyrir Samfylkinguna í Reykjavík og sjálfsgætt átt greiðan aðgang að bókum flokksins, og því átt að geta séð að flokkurinn hafði þegið stuðning af Íslenskri erfðagreiningu, þá kaus hann að hafa bækurnar lokaðar. Í huga Stefáns Jóns bauð moðreykurinn einfaldlega upp á skemmtilegra skítkast en staðreyndir og að því leyti virðast þeir Hallgrímur vera af sama toga.

Öll stríð eru vond

Fimm dæmið er afstaða Hallgríms til hugmyndar Þjóðarhreyfingarinnar gegn stríðinu í Írak að kaupa auglýsingu í New York Times til þess að tjá afstöðu hennar. Nú vil ég leggja áherslu á að ég hef andúð á stríðinu í Írak og skil ekki almennilega hvernig Bandaríkjamenn réttlæta þessa vitleysu fyrir sjálfum sér því mér finnst harla ótrúlegt að þeir trú sjálfir þeim skýringum sem þeir gefa opinberlega. Það er svo annað mál hvernig menn tjá þessa afstöðu. Það sem skyggir á hugmyndina að kaupa auglýsingu í NYT er til dæmis sú staðreynd að í gegnum tíðina hafa flestir einræðisherrar heimsins gert hið sama til þess að tjá skoðanir sínar og réttlæta það hvernig þeir niðast á þegnum sínum. Þeir sem koma ekki málum sínum að á annan hátt gera það gjarnan með því að kaupa sér auglýsingar.

Það sem maður gerir ekki

Síðasta dæmið sem ég ætla að taka um klaufaskapinn í grein Hallgríms, sem er kannski svoltið meira en klaufaskapur, er umfjöllunin um sjúkleika forsætisráðherra. Henni kemur hann fyrir í kafla sem hann kallar „Frí frá Davíð“. Davíð Oddsson lenti inni á spítala og var greindur ekki með eitt krabbamein heldur tvö. Hann reyndist vera með tvo lífshættulega sjúkdóma. Og hvernig lýsir Hallgrímur því: „Við þurfum öll á því að halda að fá frí frá Davíð. Og landið líka.“ Og síðan: „Vonandi tækist læknum að skera af honum mestu mestu gallana.“ Ég á erfitt með að koma orðum að þeim hugsunum sem svona sóðaskapur vekur hjá mér og þar sem hugsanir eru ekki til án orða þá er fullt eins líklegt að það sem þessi sóðaskapur Hallgríms framkalli hjá mér séu

ekki hugsanir heldur bara tilfinningar einsog leiði og sorg. Svona talar maður ekki um sjúkdóma nokkurs manns nema það sé eitthvað að hjá manni, eitthvað mikið að hjá manni. Ég ætla hins vegar ekki að halda því fram að Hallgrímur sé geðveikur einsog hann gerði um Davíð, fyrst og fremst vegna þess að ég held ekki að hann sé það. Ég hef því leitað skýringar á þessu vandamáli í áhrifum umhverfis á Hallgrím og hún hljómar svona: Þrátt fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, sem Davíð Oddsson studdi dyggilega sem borgarstjóri, verðum við fyrir töluverðum áhrifum af veðurfari hér á höfuðborgarsvæðinu. Þeir voru svalir tveir síðustu mánuðir ársins 2004 með mörgum frostköldum dögum og þegar maður er búinn til höfuðsins einsog Hallgrímur Helgason er hætt við því að svona tíð skilji

eftir sig kalbletti á heilaberkinum sem geta leitt til þess að menn glati allri tilfinningu fyrir því hvað er við hæfi í samfélagi síðaðra manna.

Þessi grein var ekki skrifuð í reiði út í Hallgrím Helgason heldur til þess að lýsa andúð minni á málflutningi af þeirri gerð sem hann notar í greininni umræddu og markast af persónulegum árásum, tilraunum til þess að meiða, óbilgirnir og skorti á virðingu fyrir þeim gildum sem gera íslenskt samfélag að góðum stað. En nú er nóg sagt í bili og finnst sjálfsgætt flestum bera í bakkafullan lækinn og ég ætla að fara í Þjóðleikhúsið að sjá leikrit sem heitir Þetta er allt að koma eftir Hallgrím Helgason í leikstjórn Baltasars sem er snillingur. Þeir vinna svo vel saman félagarnir. Og ég hlakka til. ■

NÚ OPIÐ TIL KL:
17.00
UM HELGAR
LAU.: 11 - 17 / SUN.: 13 - 17

Útsala!

10-70% afsláttur

ÚRVAL LJÓSA Á FRÁBÆRU VERÐI!

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

Kommablótin í Neskaupstað

Þorrablót Alþýðubandalagsins í Neskaupstað verður haldið í kvöld. Kommablótin svokölluðu hafa verið haldin frá því á sjöunda áratug síðustu aldar. Ráðamenn skrifa skemmtiatriðin og njóta liðsinnis félaga Smirnoffs.

Í hugum flestra er Alþýðubandalagið ekki lengur til og þar af leiðandi engin starfsemi á vegum þess. Það er þó ekki með öllu rétt því enn er starfandi að minnsta kosti eitt Alþýðubandalagsfélag – Alþýðubandalagið í Neskaupstað. Kommúnistar, síðar sósíalistar og enn síðar félagshyggjufólk í Neskaupstað náði þeim stórmerka árangri að halda hreinum meirihluta í sveitarstjórn í 52 ár; frá árinu 1946 til ársins 1998.

Þegar vinstrisinnar í Neskaupstað misstu hreinan meirihluta höfðu þeir haldið völdum þremur árum lengur en kommúnistastjórnin í Kína sem komst til valda 1949. Vandséð er að þessi árangur vinstri aflanna í Neskaupstað verði nokkurn tímann bættur á Íslandi.

Þorrablótsklúbbur

Engin einhlít skýring er á þessum fágæta árangri en að margra mati spilar þar stórt hlutverk almenn þátttaka í félagsstarfi eins og t.d. þorrablótum Alþýðubandalagsins í Neskaupstað. Allt frá miðjum sjöunda áratug síðustu aldar hafa kommablótin, eins og heimamenn kalla þau, verið ein fjölmennasta og vinsælasta skemmtun bæjarbúa.

Í kvöld verður haldið í Egilsbúð 39. kommablótið og sem fyrr er það Alþýðubandalagið í Neskaupstað sem stendur að blótinu. „Starf félagsins í Neskaupstað breyttist eðlilega þegar Alþýðu-

bandalagið gekk af vegi stjórn-málanna og í dag er þetta svona þorrablótsklúbbur,“ segir Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.

Pólítískir villingar

Áður en Alþýðubandalagið í Neskaupstað breyttist í þorrablótsklúbb var ekki vinsælt ef „pólítískir villingar“, fólk úr öðrum flokkum en Alþýðubandalaginu, mætti á blótin. Kvóti var á miðasölunni og aðeins flokksbundnir Alþýðubandalagsmenn gátu keypt tiltekinn fjölda miða. Ef í ljós kom að félagsmaður var ekki búinn að greiða árgjöldin þá voru þau snarlega innheimt um leið og viðkomandi keypti miða á blótið. Fyrir vikið voru skil á árgjöldum Alþýðubandalagsins í Neskaupstað með eindæmum góð sem styrkti hið pólítíska starf flokksins í héraði.

Þorrablótsgestir mynda 15 til rúmlega 20 manna hópa fyrir blót og sjá hóparnir um alla matseld sjálfir. Matnum er komið fyrir í þar til gerðum trogum sem hóparnir taka með á blótið en það er ávallt haldið í Egilsbúð. Algennt er að hver hópur sé með tvö til þrjú trog og með góðgætinu er drukkið bæði sterkt og létt; þó meira af sterku í flestum tilfellum.

Að loknum skemmtiatriðum og miklum söng er farið með trogin heim en hóparnir koma svo í flestum tilfellum saman á ný daginn

eftir blót til að gera matarafgöngum skil og fara yfir helstu atburði blótsins.

Ráðamenn skemmta

Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, og Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar, hafa um áratugaskeið séð um að semja og flytja helstu skemmtiatriðin á blótunum í formi annáls sem tekur að jafnaði um einn og hálfan tíma í flutningi. Þar eru ýmsir máttarstólpar bæjarfélagsins teknir fyrir og þó svo að vont sé að verða með þeim hætti fyrir barðinu á þeim félögum þá er verra að vera sleppt. Smári segir að hann og Guðmundur hafi átt margar dýrðlegar stundir þegar þeir hafa komið saman til að semja annál ársins.

Félagi Smirnoff

„Guðmundur byrjaði að skrifa annálana löngu fyrir 1980 og ég kom að því máli árið 1982. Reyndar má segja að höfundar annálanna hafi lengi vel verið þrír: Ég, Guðmundur og félagi Smirnoff sem létt hefur geð okkar Guðmundar og aukið okkur hugmyndaflug á þessum stundum. Oft hefur ljúfur reykur frá kúbönskum vindlum fyllt loftið og til að fullkomna réttu stemninguna höfum við gjarnan stillt um í kringum okkur kaþólskum Jesúmyndum.“

Smári segir að fyrir tveimur árum hafi þeim fjölgað um tvo sem semja og flytja annálinn en þá bættust Guðmundur R. Gíslason og Jón Björn Hákonarson í hópinn. „Við tókum þessa nýgræðinga að okkur og erum að ala þá upp í annálaritun. Auðvitað þarf að skóla piltana til en þeir eru efnilegir.“

Skömmin

Hefð er fyrir því að annállinn samanstandi af töluðu máli, söng og hljóðfæraleik. Ágúst Ármann Þorláksson hefur lengi séð um tónlistarflutninginn og Helga Steinsson, skólameistari Verkenntaskóla Austurlands, hefur á undanförunum árum komið að söngnum. Efni annálsins er hins vegar alltaf leyndarmál þangað til kemur að flutningi. „Það eru ótrúlegustu menn sem reyna að veida upp úr okkur efni annálsins en við erum ætíð þögulir sem grófin. Maður tekur eftir því að sumir eru í góðu spennuástandi þegar þeir koma í salinn og bíða í ofváeni eftir því hvort þeir verða teknir fyrir. Það fylgir því nefnilega mikil skömm að vera ekki tekinn fyrir og eitt er víst; við tókum sjálfa okkur örugglega fyrir enda úr nógu þar að móða,“ segir Smári.

Blótsstjóri í ár verður Karl Jóhann Birgisson og sem slíkur mun hann meðal annars leiða þorrablótsgesti í söng. „Það er mikið sungið á blótunum, mun meira en gengur og gerist á öðrum þorrablótum. Óflugir og raddsterkir menn eru gjarnan kallaðir upp og látnir taka þátt í að leiða sönginn. Í ár býst ég við mörgum öflugum söngmönnum á blótið enda miklir uppgangstímar á Austurlandi og þá hafa menn hátt. Mér kæmi ekki á óvart þó að Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Síldarvinnslunnar, verði kallaður upp að þessu sinni. Hann er stór-söngvari; leitun er að öðrum eins raddstyrk,“ segir Smári.

Oft hefur heiðursgestum verið boðið á kommablótið en Smári segir að það sé þó engin regla. „Veður eru válynd á þorranum og stundum hafa heiðursgestirnir ekki komist á blótin. Í ár verða engir heiðursgestir en við erum nú þegar búin að bjóða heiðursgesti á þorrablótið að ári.“ Hver það er tekur Smári ekki í mál að



STALÍN MESSAR YFIR LÝÐNUM Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, sem fæddur í hlutverk harðstjórnar.

upplýsa en hlaturinn kraumar í honum þegar talið berst að næsta heiðursgesti.

Allir velkomnir

Starfsemi Alþýðubandalagsins í Neskaupstað í upphafi nýrrar aldar, sem þorrablótsklúbbs, nýtur stuðnings Norðfirðinga úr öllum stjórnmalaflokkum. Tilhlökkun og stemning svifur yfir bænum vikuna fyrir blót og sumir þorrablótsgestana ferðast landshorna á milli til að koma á blótið. Kommablótin í Neskaupstað hafa verið ríkur þáttur í skemmtana- og menningarlífi Norðfirðinga í hartnær fjóra áratugi og ekkert bendir til annars en þau verði það áfram. Allir eru velkomnir á kommablótin í dag og þar geta allir skemmt sér hlið við hlið; sósíalistar og samfylkingarfólk, kratar og kommúnistar, framsóknarfrömuðir og frjálslyndir. Meira að segja íhaldsmenn og afturhaldskommatittir. kk@frettabladid.is



ÞORLÁKUR FRÍÐRIKSSON bóndi á Skorrastaði í Norðfirðarsveit. Lalli var um árabíl í kvartett sem skemmti blótsgestum.



SÁRI SMÁRI GEIRSSON Þegar líkbið var keyptur til Neskaupstaðar var sr. Sigurður Ragnarsson, sóknarprestur Norðfirðinga, svo óheppinn að bjóða eldri borgurum bæjarins að skoða bílinn. Var það tilefni til þess að Smári fór í prestsbúning á næsta kommablóti og leyfði gamla fólkinu að mæta líklistu og prófa bílinn.



ESPRESSO LIST Í IÐU

Í dag býður Lavazza til frumsýningar á ljósmyndum hins hollenska Erwin Olaf fyrir dagatal ársins 2005 í kaffihúsi IÐU, Lækjargötu.

Í tilefni dagsins kynnr Lavazza:

- Kaffiblöndur fyrir allar gerðir espressovéla
- Esspressodrykki frá Lavazza kaffiskólanum í Tórínó
- Glæsilegar espressovélar og tilboð fyrir kaffiunnendur

Lifandi tónlist og léttar veitingar milli kl. 16 og 18

LAVAZZA
EFFETLÉTISKAFFI ÍTALA

ALVÖRU ÚTSÖLUNNI LÝKUR Í DAG

EKKI MISSA AF ÞESSU

CharBroil CB5000



Verð áður 24.900 kr.
Nú aðeins 9.900 kr.

CharBroil CB6000



Verð áður 28.900 kr.
Nú aðeins 15.900 kr.

Pallahitari



Góðar vinnuskyrtur



Ein skyrtu á aðeins 747 kr
Tvær skyrtur á aðeins 1.393 kr
Þrjár skyrtur á aðeins 1.791 kr

Super Ser gasofn



Verð áður 39.190 kr.
Nú aðeins 27.900 kr.

Verð áður 17.900 kr.
Nú aðeins 9.900 kr.

Skór



Verð áður 3.995 kr.
Nú aðeins 995 kr.



Verð áður 5.995 kr.
Nú aðeins 2.995 kr.



Verð áður 3.850 kr.
Nú aðeins 2.888 kr.

**Devold ullarnærföt
20% afsláttur
Flíspeysur
25-80% afsláttur**

Opið í dag laugardag til 16.00

ELLINGSEN

GRANDAGARÐI 2 – REYKJAVÍK – SÍMI 580-8500

Við hrósum...

... Viggó Sigurðssyni landsliðsþjálfara fyrir að kenna ekki dómurinum um tapið gegn Rússum í gær. Viggó hefur talað um dómara eftir hvern leik og ekki vandað þeim kveðjurnar. Hann lét það hins vegar vera í gær og því segjum við; „Batnandi mönnum er best að lífa.“



Við treystum á...

... lið Kúvæt á HM í handbolta í Túnis en Kúvætar eru þeir einu sem geta bjargað rassgatinu á íslenska landsliðinu og komið því í milliriðil. Kúvæt hefur reyndar ekki fengið stig til þessa á mótinu en liðið verður að vinna eða gera jafntefli gegn Tékkum til að Ísland eigi möguleika á að komast áfram. Íslenska liðið þarf jafnframt að vinna sinn leik gegn Alsír, sem er ekki sjálfgefið.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

26 27 28 29 30 31 1

Laugardagur

LEIKIR

14.30 **Ís** og **Pór Ak.** eigast við í Kennaraháskólanum í 1. deild karla í körfuknattleik.

16.00 **Pór Þorl.** og **Höttur** eigast við í Þorlákshöfn í 1. deild karla í körfuknattleik.

SJÓNVARP

12.15 **Enski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá **Southampton** og **Portsmouth**.

14.25 **The World Football Show** á Sýn. Fótbolti um víða veröld.

14.45 **HM í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá leik **Íslands** og **Alsír** í HM í handbolta.

14.50 **Enski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Derby** og **Fulham**.

16.55 **Enski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Man. Utd** og **Middlesbrough**.

20.25 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Sevilla** og **Barcelona**.

LEIKIR GÆRDAGSINS

HM í handbolta í Túnis

A-RÍÐILL

KANADA–GRIKKLAND	23–36
TÚNIS–DANMÖRK	25–22
FRAKKLAND–ANGÓLA	40–18

STAÐAN Í A-RÍÐILNUM

TÚNIS	4	3	1	0	132–91	7
DANMÖRK	4	4	0	1	148–85	6
GRIKKLAND	4	3	0	1	105–90	6
FRAKKLAND	4	2	1	1	129–80	5
ANGÓLA	4	0	0	4	81–152	0
KANADA	4	0	0	4	77–174	0

B-RÍÐILL

ÍSLAND–RÚSSLAND	22–29
SLÓVENÍA–TÉKKLAND	26–28
ALSÍR–KUVÆT	34–29

STAÐAN Í B-RÍÐILNUM

RÚSSLAND	4	4	0	0	120–76	8
SLÓVENÍA	4	3	0	1	127–105	6
TÉKKLAND	4	1	2	1	112–114	4
ÍSLAND	4	1	1	2	120–109	3
ALSÍR	4	1	1	2	112–119	3
KUVÆT	4	0	0	4	79–137	0

DHL-deild kvenna

VALUR–STJARNAN	23–22
----------------	-------

ÍBV–HAUKAR

ÍBV: Anastasia Patsion 8, Darinka Stefanovic 6, Zsafia Pasztor 6, Eva Björk Hlökkversdóttir 4, Alla Gokorian 3.

Haukar: Ragnhildur Guðmundsdóttir 7, Hanna G. Stefánsdóttir 5, Björk Tómasdóttir 5, Ramune Pekaskyte 4.

STAÐAN

HAUKAR	14	13	0	1	423–326	26
ÍBV	14	11	0	3	419–364	22
STJARNAN	14	8	1	5	367–336	17
VALUR	14	8	0	6	343–339	16
FH	13	4	2	7	348–382	10
VÍKINGUR	13	4	0	9	318–348	8
FRAM	13	2	1	10	286–352	5
GRÓTTA/KR	12	2	0	11	284–342	4

Bikarkeppni kvenna í körfu

HAUKAR–KEFLAVÍK	100–72
-----------------	--------

Stig Hauka: Ebony Shaw 36 (10 fráköst), Helena Sværissdóttir 17 (21 fráköst, 11 stoðsendingar, 4 stolnir), Hanna Hálfánardóttir 16 (6 fráköst, hitti úr 7 af 9 skotum), Ragnheiður Theódórsdóttir 9, Pálína Gunnlaugsdóttir 8 (6 fráköst, 6 stoðsendingar), Kristrún Sigurjónsdóttir 6, Ösp Jóhannesdóttir 3, Ingibjörg Skúladóttir 3, Guðrún Ósk Ámundad. 2. **Stig Keflavíkur:** Birna Valgarðsdóttir 21, Bryndís Guðmundsdóttir 16 (4 fráköst, 4 stoðsendingar), Anna María Sveinsdóttir 12 (8 fráköst, 4 stoðsendingar), María Ben Erlingsdóttir 10 (5 fráköst), LaToya Rose 4 (hitti úr 2 af 10 skotum á 23 mínútum), Birna Guðmundsdóttir 3, Halldóra Andrésdóttir 3, Bára Bragadóttir.

Haukar mæta Grindavík í úrslitaleiknum í Laugardalshöll 13. febrúar næstkomandi.

Eru ekki nógu góðir

Íslenska landsliðið í handknattleik á enn langt í land með að ná þeim bestu í heiminum. Það sannaðist gegn Rússum í gær.

HM Í HANDBOLTA Það er morgunljóst að þau markmið sem Viggó Sigurðsson setti fyrir HM í Túnis voru of háleit. Það varð endanlega ljóst í gær þegar Rússar þökuðu Íslendingum saman í síðari hálfleik og sigruðu með sjö marka mun, 22-29, en staðan í hálfleik var jöfn, 12-12. Þar sem Tékkar unnu Slóvena er nokkuð ljóst að liðið kemst ekki áfram í milliriðil og er á leið heim.

Rússar voru yfir, 5-0, þegar sjö mínútur voru búnar af leiknum en þá varð að gera hlé í rúmar tíu mínútur þar sem hluti gólfsins var sleipur og stórhættulegur. Þetta hlé kom íslensku leikmönnum vel því þeir voru mikil grimmar í kjölfarið og áttu stórkostlegan kafla þar sem þeir skorðu fimm mörk í röð og breyttu stöðunni úr 5-9 í 10-9. Hálfleikstölur voru 12-12, sem var ótrúleg staða þar sem Ísland hafði lent fimm mörkum undir og þar að auki klúðrað fjölda dauðafæra og gert marga tæknifeila.

Það var allt of mikill æsingur í strákunum í upphafi síðari hálfleiks. Það átti að keyra yfir Rússa en allur þessi hasar skilaði slæmum skotum og Rússar fengu fjölda dauðafæra sem þeir skorðu úr.

Rússar voru því komnir með fín tök á leiknum snemma í síðari hálfleik og því taki slepptu þeir aldrei heldur bættu þeir við. Íslenska liðið átti engin svör og Rússar unnu mjög verðskuldaðan sigur.

Brotalamirnar í leik liðsins sást greinilega enn á ný gegn Rússum. Varnarleikur liðsins í síðari hálfleik var svipaður og í fyrri leikjum á mótinu – mjög slakur. Það er alveg klárt að íslenska liðið vinnur ekki þjóðir eins og Rússland, Tékkland og Slóveníu á meðan það leikur ekki betri varnarleik. Það er ekki flóknara en það.

Stöðugleikinn er heldur enginn og það er áhyggjuefni hversu illa liðinu gengur í upphafi seinni hálfleikja. Þá hrynur varnarleikurinn endanlega sem og markvarslan. Til að bæta gráu ofan á svart var Ólafur Stefánsson fjarri sínu besta í gær og fann sig hvorki í skyttustöðu né á miðjunni en hann leikur oftast ekki vel á miðjunni gegn 3/2/1 vörn.



GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON Skorar hér eitt af fimm mörkum sínum í leiknum gegn Rússum í gær. Hann er markahæsti leikmaður íslenska liðsins á HM með 22 mörk í fjórum leikjum.

Það eru margir ljósir punktar í leik íslenska liðsins á mótinu. Liðið er efnilegt en er einfaldlega ekki nógu gott til þess að etja kappi við þá bestu eins og staðan er í dag. Þess vegna er það á leiðinni heim. Liðið hefur það með sér að það er ungt að árum og getur

eingöngu tekið framförum á næstu árum. Efniviðurinn er til staðar og Viggó verður að vera þolinmóður í uppbyggingu liðsins. Þetta mót var ekki gott en liðið mættir til leiks reynslunni ríkari á það næsta.

henry@frettabladid.is

	22-29	
ÍSLAND		RÚSSLAND

STÖÐUR ÚR LEIKNUM

Fyrri: 0–5 (7 mín), 2–5, 3–6, 3–8 (16 mín), 5–8, 5–9 (18 mín), 10–9 (24 mín), 11–10, 11–11, 12–11 (28 mín), **12–12**.
Seinni: 13–12, 13–13, 14–13, 14–15 (35 mín), 15–15, 16–16, 16–19 (39 mín), 17–19, 17–23 (45 mín), 18–23, 18–24, 20–24, 21–25 (54 mín), 21–28, 22–28, **22–29**.

TÖLFRÆÐIN

Skotnýting	46%–55%
Tapaðir boltar	12–10
Hraðauppflaupsmörk	7–3
Brottvísanir (mínútur)	8–8
Varin skot/víti	18/1–25
Varin skot í vörn	6–3
Víti fengin (nýting)	5 (80%)–3 (33%)

MÖRK-SKOT ÍSLANDS

Alexander Petersson	5–6 (83%)
Guðjón Valur Sigurðsson	5–10 (50%)
Ólafur Stefánsson	5/4–10/5 (50%)
Markús Máni Michaelsson	2–4 (50%)
Dagur Sigurðsson	2–5 (40%)
Einar Hólmgeirsson	2–7 (29%)
Vignir Svavarsson	1–2 (50%)
Vilhjálmur Halldórsson	0–1 (0%)
Róbert Gunnarsson	0–3 (0%)

VARIN SKOT ÍSLANDS

Roland Valur Eradze	14/0 af 37/1 (38%)
Birkir Ivar Guðmunds.	4/1 af 10/1 (40%)

STOÐSENDINGAR ÍSLANDS

Ólafur Stefánsson	7 (0 inn á línu)
Markús Máni Michaelsson	2 (1)
Alexander Petersson	2
Vignir Svavarsson	1 (1)
Einar Hólmgeirsson	1
Guðjón Valur Sigurðsson	1

FISKUÐ VÍTI ÍSLANDS

Róbert Gunnarsson	3
Guðjón Valur Sigurðsson	1
Markús Máni Michaelsson	1

HRAÐAUPPHLAUPEMÖRKIN

Guðjón Valur Sigurðsson	4
Alexander Petersson	2
Vignir Svavarsson	1

HVAÐAN KOMU MÖRKIN

Langskot	Ísland 8– Rússland 11
Úr hornum	3–2
Af línu	0–8
Með gegnumbroti	0–4
Úr hraðauppflaupum	7–3
Úr vítum	4–1



SKRIFAR UM HM Í HANDBOLTA FRÁ TÚNIS

HENRY BIRGIR GUNNARSSON

Niðurstaðan er vonbrigði



SPÁÐ Í SPILIN
ÍSLAND MÆTTI RÚSSUM
Á HM Í HANDBOLTA Í
TÚNIS Í GÆR

GEIR SVEINSSON

SÉRFRÆÐINGUR FRÉTTABLAÐSINS

Því miður lítur út fyrir að leikurinn á morgun skipti engu máli. Og það að treysta á að Kúvæt vinni Tékkland er eins og að treysta á að Múhameð flytji fjöll. Hvað leikinn á móti Rússum varðar gef ég drengjunum fyrstu einkunn fyrir metnað og viljan og þeir lögðu sig mjög vel fram. Það var í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að við skyldum tapa gegn Rússunum. Það þýðir samt ekki að við hefðum ekki getað gert betur. Það kom berlega í ljós á fyrstu mínútnum að þessi 3-3 vörn sem lagt var upp með var engan veginn að skila því sem til var ætlast. Það kemur fyrst og fremst til að það eru bara ekki nægilega góð-

ar vinnureglur í varnarleiknum. Síðan kemur liðið gríðarlega sterkt eftir að hafa verið 5-0 undir. Það sýndi mikinn styrk að liðið skyldi komast yfir í hálfleiknum og það segir mér að leikmenn voru vel stemmdir.

Ég verð samt að setja spurningarmerki við ákveðnar uppstillingar sem voru ekki að skila árangri hvað sóknarleikinn varðar. Ég furðaði mig á því að Ólafur Stefánsson skyldi hafa verið notaður svona mikið á miðjunni. Ef tilgangurinn hefur verið sá að finna Ólafi eitthvað betra hlutverk en sína gömlu góðu stöðu af því að hann var ekki að spila eins og við öll vonuðumst eftir, þá held ég að það hafi verið fyrir fram dauðadæmt.

Þessar vangaveltur með Ólaf sem miðjumann byrjuðu þegar Guðmundur var að þjálfa liðið. Hann á kannski að detta inn á miðjuna í eina og eina mínútu en það er ekki hlutverk Ólafs svona almennt.

Varnarleikurinn og markvarslan í 20 mínútur í fyrri hálfleik voru til fyrirmyndar og megum við vera

stolt af þessum kafla.

En það var ýmislegt sem vantaði upp á í seinni hálfleik og við vorum til dæmis í vandræðum með vinstri vænginn. Hann komst upp með ansi marga hluti og Einar átti í vandræðum með hann. Það hefði hugsanlega mátt prófa að spila 5 plús 1 vörn á þann væng.

Mér fannst of lítið gert til að brjóta upp sóknarleikinn þeirra. Sjálfir vorum við ekki með nægilega margar lausnir sóknarlega séð til að mæta þeirra vörn og höfðum í raun of fáar lausnir til þess að hjálpa Ólafi að spila betur.

Það bendir allt til þess að þátttöku í þessari keppni sé lokið. Það þýðir að við erum ekki á meðal tólf bestu, sem eru auðvitað ákveðin vonbrigði. Ég taldi liðið hafa burði til að komast áfram en kannski ekki mikið meira. Niðurstaðan í sjálfu sér vonbrigði en ekki svo langt frá því sem ég átti von á. Auðvitað er enn smá von en það er erfitt að treysta á aðra og hvað þá Kúvæta.

Guðjón Valur Sigurðsson:

Veltur á vörn og markvörslu

HM Í HANDBOLTA „Við erum með þá um tíma en svo springum við á limminu í síðari hálfleik og eigum okkur ekki viðreisnar von eftir það.“ sagði hornamaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson, sem skoraði fimm mörk í leiknum.

„Það veltur allt á vörn og markvörslu hjá okkur. Fyrri hálfleikur hefur oftast verið góður og þá eru menn vel á tánum. Svo í seinni hálfleik verist eitthvað sem verður að laga en það er ljóst að vörn og markvarslan hrynja ávallt í síðari hálfleik og það gengur einfaldlega ekki. Það eru margar ástæður fyrir þessum töpum en þegar leikir verða spennandi virðumst við ekki ná að halda saman sem lið í vörn. Það er samt margt jákvætt í þessu og framtíðin er okkar.“ ■

Aftur á byrjunarreit

Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari var ekki sáttur við sína menn eftir tapleikinn gegn Rússum.

HM Í HANDBOLTA Þau voru þung sporin hjá landsliðsþjálfaranum Viggó Sigurðssyni eftir leikinn enda ljóst að hann nær ekki því markmiði í Túnis að lenda í einu af sex efstu sætunum.

„Mér fannst þessi leikur tapast í huga leikmanna í síðari hálfleik. Mér fannst liðið ekki trúa því að það væri með þessa finu stöðu í hálfleik eftir mjög slaka byrjun. Við förum illa með dauðafæri og lykilskyttur bregðast. Við sköpum fín færi sem við misnotum gegn miðlungsmarkverði sem ver eins og heimsmeistari og það er okkur að þakka en ekki honum,“ sagði Viggó, sem kann fáar skýringar á slökum byrjunum í síðari hálfleik.

„Við erum að gera ótrúlega einföld byrjendastök í vörninni og erum hreinlega á byrjunarreit aftur. Það er langt frá því að okkar markmið náist hér í Túnis. Ég er mjög ósáttur við spilamennskuna hjá liðinu,“ sagði Viggó en hver er ástæðan fyrir þessu gengi?

„Það er erfitt að meta það núna. Ég þarf að skoða leikina betur en það er ljóst að það vantar allan stöðugleika í liðið. Við megum svo ekki við því að vera án Óla



VIGGÓ SIGURÐSSON Kennir lélegri vörn um tapið gegn Rússum.

annan leikinn í röð. Það er alveg ljóst. Svo er vörnin bara ekki nógu góð og það vantar klárlega varnarmola í vörnina,“ sagði Viggó og bætti við að gott hefði verið að hafa Sigfús Sigurðsson með í þessu móti. ■

Ólafur Stefánsson:

Spilum ekki um verðlaun

HM Í HANDBOLTA Ólafur Stefánsson lét óvenjulítið að sér kveða í leiknum og þegar hann er ekki betri en hann var í gær á Ísland litla möguleika á að leggja Rússa.

„Vörnin var alls ekki nógu góð í síðari hálfleik. Liðið hefur gott af því að komast í millriðil svo menn geti náð sér í reynslu en það er ljóst að við munum ekki leika um verðlaunasæti. Það er ekki möguleiki,“ sagði Ólafur, sem var augljóslega mjög svekktur.

„Auðvitað er þetta sárt því með sigri hefðum við átt möguleika á að fara með þrjú stig í milliriðil. Ég var að berjast og leggja sálina í þetta og ég held að allir hafi verið að því. Ég nenni ekki að svekkja mig á þessum leik því ég var búinn að svekkja mig nóg eftir Slóvenaleikinn því þar var ég að klikka.“ ■



FJÖGUR AF FIMM Ólafur Stefánsson skoraði úr fjórum af fimm vítum sínum gegn rússneska markverðinum Kostygov, sem varði eins og berserkur í leiknum.



SÓFAR, LEDURSÓFAR, STÓLAR, SÓFABORÐ, BORDSTOFUSTÓLAR, BORDSTOFUBORÐ, SKÁPAR, SKENKAR, LAMPAR OG SKEMMTILEG GJAFAVARA.

ÚTSÖLULOK

ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR



A R T HÚSGÖGN

þar sem stillinn byrjar!

Bæjarlind 4 - Sími: 544 5464

Opíð: mánudaga til föstudaga kl. 10-18

Laugardaga kl. 11-16. Sunnudaga kl. 13-16.

Farðu á 2 Meistaradeildarleiki fyrir 10 krónur!

Chelsea – Barcelona
og
Arsenal – Bayern München

Allir sem tippa fyrir klukkan 2 í dag geta unnið ferð, gistingu og miða fyrir 2 á Chelsea – Barcelona og Arsenal – Bayern München 8. og 9. mars.

Upplifðu Meistaradeildina í návígi!

Dregið úr öllum seldum röðum – því fleiri raðir því meiri möguleiki.

Við tippum!

1X2
www.1x2.is

Helgarblað DV

Hættur í fréttum og er á leið á sjóinn



Róbert Marshall í ítarlegu helgarviðtali



Hefur þú séð DV í dag?

STUÐ MILLI STRÍÐA : Ósnertanlegur á risastórum jeppa

FREYR BJARNASON SKRIFAR UM JEPPAFERÐIR SÍNAR UM HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ.



Tilfinningin að sitja í jeppa og keyra um höfuðborgarsvæðið er öðruvísi en ég hafði gert mér í hugarlund.

Hingað til hafa fordómar mínir í garð jeppa og jeppaeigenda verið miklir. Mér fannst þeir vaða yfir allt og alla, leggja þar sem þeir vildu, svina fyrir aðra, flauta á smærri bíla og jafnvel fara yfir á rauðu án þess að kippa sér upp við það.

Með því að komast hinum megin við borðið er ég loksins farinn að skilja betur það tillits-

leysi sem jeppaeigendur hafa oft verið sakaðir um. Eins rólegur ökumaður og ég vanalega er umbreyttist ég þegar ég settist undir stýri á himinháu tryllitækni í nokkra daga. Það greip um mig frelsistilfinning og áður en ég vissi af var ég orðinn að því sem ég hafði fyrirhugað svo lengi.

Af því að ég var skyndilega orðinn stærri og sterkari í umferðinni fannst mér ég geta gert það sem mér sýndist. Ég leit niður á litlu bílanum og glotti þegar þeir færðu sig af vinstri akrein yfir á þá hægri þegar ég mætti á svæðið á fljúgandi siglingu. Hefðu þeir ekki vikið hefðu þeir orðið fastir í tannhjóli mínu. Þegar annar jeppi

mætti til leiks vildi ég hann í burtu, því hann ógnaði nýfengnum yfirráðum mínum. Helst hefði ég viljað vera eini jeppinn í heiminum.

Ég var ósnertanlegur og ihugaði jafnvel að þrusa yfir á rauðu ljósi því ég myndi hvort sem er sleppa óskaddaður. Svo brenslaður var ég orðinn.

Það er gott að sjá báðar hliðar á málunum, ekki síst hvað varðar akstur á litlum bíl og jeppa. Fordómar mínir gagnvart jeppum hafa minnkað, svo mikið er víst. Gæti ég orðið jeppaeigandi í framtíðinni? Hugsanlega. Fyrst þyrfti ég þó að læra að stilla mig og einsetja mér að keyra eins og á að keyra í umferðinni. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



STÓRÚTSALA

30-90% AFSLÁTTUR*



MÚSÍK

2CD



999kr.



1.299kr.



999kr.



1.499kr.



499kr.



799kr.



1.299kr.




999kr.



1.299kr.




1.299kr.



999kr.



999kr.



2DVD

999kr.



999kr.




799kr.



DVD



LEIKIR



1.299kr.




1.299kr.



1.499kr.

999kr.



Boðsmiði á The Aviator í kaupbæti ef keypt er fyrir **2.000kr.** eða meira!

Myndin er tilnefnd til 11 Óskarsverðlauna!

Takmarkað magn! Fyrstir koma fyrstir fá!

* Af afsláttarvörum.

10% afsláttur af öðrum vörum við kassa.



...skemmtir þér ;)

LEIKIR • MÚSÍK • DVD • LEIKIR • MÚSÍK • DVD • MÚSÍK • DVD • LE

Á döfinni í Gerðubergi

Sýningar **Strengjaleikhússins** á nýrri íslenski barnaóperu, **Undir drekaevng**, eftir Mist Þorkeldsdóttur og Messíönu Tómasdóttur hefjast í **Gerðubergi** á morgun, sunnudag. En ýmislegt fleira áhugavert er á döfinni á því góða menningarheimili. Í byrjun mars verður haldið **málþing um barnamenningu** á Íslandi. Þá mun Gerðuberg stofna formlega listaverkasafnið **Gagn og gaman** og gefst gestum málþingsins kostur á að sjá tölvumyndasýningu með úrvali mynda úr safninu. Gerðuberg býður stofnunum og fyrirtækjum að fá tilbúna sýningu úr safninu til að lifga upp á andann! **Ljósberahópurinn** opnar sýninguna **Hratt og hömlulaust – Raunveruleiki íslensku fjölskyldunnar?** um miðjan mars en þar munu meðal annarra nemar á listabraut úr **Fjölbrautaskólanum í Breiðholti** koma á framfæri sýn sinni á íslensku fjölskylduna. Eftir páskana mun **Vilborg Dagbjartsdóttir** sitja fyrir svörum á **Ritþingi**. Í lok apríl opnar sýningin **Stefnumót**



FJÖLSKYLDUVÆN MENNINGARMÍÐSTÖÐ Börnin og fjölskyldan setja svip sinn á Gerðuberg næstu vikurnar.

við safnara sem sló svo eftirminnlega í gegn í fyrra.

EKKI MISSA AF...



... **Myrkum músíkdögum** kl.14.00 á morgun, **sunnudag**, í **Menningarmiðstöðinni** í Gerðubergi. Barnaóperan **Undir drekaevng** eftir **Mist Þorkeldsdóttur** og **Messíönu Tómasdóttur**.

... **Kammersveit Reykjavíkur** í **Listasafni Íslands** kl. 20.00, undir stjórn **Bernharðs Wilkinssonar**. Á efnið eru verk eftir **Pál P. Pálsson**, **Karólínu Eiríksdóttur**, **Gunnar Andreas Kristínsson**, **Jón Nordal** og **Tryggva M. Baldvinsson**.

menning

menning@frettabladid.is

Fossar Rúríar í Listasafninu

Mikill áhugi á verkinu hjá erlendum listasöfnum.

Sýning á Archive – Endangered Waters, listaverki Rúríar sem vakti heimsathygli á Feneyjartvíæringnum á Ítalíu árið 2003 verður opnuð í Listasafni Íslands í dag. Verkið hefur ekki verið sýnt á Íslandi áður, en staldrað við á heimleið bæði í Museum het Domein í Hollandi og Passage de Désir í París. Rúri segir að það sé vissulega gaman að sýna verkið hér, einkum eftir að búið er að setja það upp. Það er þó handleggur, því það samanstendur af 52 myndrömmum með 47 íslenskum fossum – með hljóðmynd og öllu saman. Hljóð hvers foss var tekið upp úti í náttúrunni – og því býsna mikilfenglegt að upplifa verkið.

Sýningin í París vakti gífurlega athygli, 580 manns mættu á opnunina, sem er mjög mikið í París nema þegar um frægar safnsýningar er að ræða. Sýningin fékk mikla umfjöllun og í kjölfarið hafa borist fyrirspurnir um verkið frá nokkrum löndum, t.d. Þýskalandi, Austurríki, Spáni, Englandi og Bandaríkjunum. Svo veit maður ekki hvað verður.

Reyndar var verkið á leið til Þýskalands þegar því var snúið hingað heim.

„Ég varð að flytja það heim áður en ár væri liðið frá því tollskírteini var gefið út. Það hafði fengist framlenging á skírteininu til þess að sýna verkið í Hollandi

og Frakklandi og hefði þurft enn eina framlengingu til að sýna það í Þýskalandi. Ég var búin að fá mjög skýr skilaboð um að sú framlenging fengist ekki. Ég þurfti að flytja það heim til þess að fá ekki ofur-refsitolla. Það var tíu sinnum ódýrara að flytja



DETTIFOSS Einn af íslensku fossunum 47 sem Archive – Endangered Waters samanstendur af.

verkið heim og aftur út – en að lenda í refsitollum. Þá var tækifærið auðvitað notað til þess að sýna verkið hér heima, því það hefur verið stefna Listasafns Íslands síðustu árin að sýna Feyneyjaverkin sem fara héðan.“

Þegar Rúri er spurð hvort verk hennar fari síðan til Þýskalands, segir hún það mjög óvíst. „Niðurstaðan er sú að sýningarsalurinn er í miklum vafa um hvort það eigi að leggja í þann kostnað að flytja verkið aftur út. Þetta er gremjulegt vegna þess að við

þurfum á því að halda að íslensk myndlist sé gerð gjaldgeng erlendis. Það er mjög algengt að erlend gallerí óski eftir því að fá íslensk verk til sýninga, þótt þau séu ekki alltaf svona stór. Tollamálín hér hafa verið akkilesarhæll fyrir íslenska listamenn. Ef

við viljum að íslensk menning sé þekkt í umheiminum verðum við að finna leiðir sem gera henni það kleift.“

Rúri segir þó ánægjulegt að miklar fyrirspurnir um verkið séu í gangi í Þýskalandi. Hún segir það hafa verið skemmtilega upplifun í París hvað áhorfendur voru hrifnir af verkinu. „Þetta var fólk sem er vel að sér í myndlist, geip inntak þess mjög fljótt og hafði skoðun á því. Það var gaman fyrir mig að finna að verkið hefur ríkan tilgang.“

Myndlistarmaðurinn sem píslarvottur?

MYNDLIST

GODDUR

Gallerí Fugl

Hannes Lárusson

Gefið er í skyn að sú djöfullega tala ellefu snúi jörðinni með samtakamætti og leikur grunur á að samsæri sé hér á ferðinni. Eða eru þetta kannski ellefu listamenn í hlutverki píslarvætta?

Gallerí Fugl er nýtt gallerí á horni Bergstaðastrætis og Skólavörðustígs, staðsett inni í skyrtubúðinni hjá Indriði klæðskera. Að því stendur nýtt félag um gagnrýna list – Fugl. Það kæmi mér ekki á óvart að að sá félagsskapur væri stofnaður til höfuðs þeim nýrómantísku ornum sem næra myndlistarjarðveg borgarinnar um þessar mundir. Ekkert fer meir í taugarnar á rómantíkum en gagnrýni – og gagnrýnum listamönnum er verst við alla rómantík, nánast skammaryrði. Tákmynd hins nýja félags er ákulegur fugl væntanlegra ormaæta með hangandi haus, ófleygur og reyttur en þó með sundfitjar – útskorinn í anda hins heimóttarlega íslenska handverks.

Í hliðarsal verslunarinnar er gallerípláss og þar sýnir fyrstur og fremstur meðal jafningja í hópi gagnrýnna listamanna Hannes



HRINGRÁS Ekkert fer meir í taugarnar á rómantíkum en gagnrýni – og gagnrýnum listamönnum er verst við alla rómantík, nánast skammaryrði.

Lárusson. Á þessari sýningu er hann með nýtt verk unnið með blandaðri tækni: steini, málm, myndbandi og tau og nefnist sýningin HUB eða ÁS. Á miðju gólfinu hefur hann komið fyrir hringlaga tonnatakai ættuðu úr Laugarnesinu, sannkölluðu grettistaki með ellefu örmum sem þó líta út eins og snúningsveifur, þó fastar séu. Á vegg er varpað mynd af ellefu listamönnum að honum sjálfum meðtöldum, vel klæddum úti í kuldanum með höfuðföt, flestir þunglyndislegir og niðurlítir í stíl við merki félagsins. Þeir eru sýndir snúandi grettistakinu með samtakamætti sínum, allir heldur ákulegir undan þunganum. Það hefur verið fullyrt að steinninn eða grjótið sé ein af tákmyndum, jafnvel „frummyndum“, sem skjóta upp kollinum víða í myndlist Hannesar. Steinninn standi einfaldlega fyrir jörðina og íslenska náttúru – gefið er í skyn að sú djöfullega tala ellefu snúi jörðinni með samtakamætti og leikur grunur á að samsæri sé hér á ferðinni. Eða eru þetta kannski ellefu listamenn í hlutverki píslarvætta?

Hvernig eða hvort þetta verk tengist hinu veggverkinu í salnum er ekki gott að segja en tveir tugir af hálstai úr 100% polyester hanga á veggnum til hliðar við takið og síbyljusnúninginn. Á hverju bindi er bleksprautuprentaður einn stór ormur og margir litlir sem mynda undirliggjandi áferð. Bindin eru framleidd á heimóttarlegan hátt í verksmiðju á Flúðum í Hrunamannahreppi. Það er freistandi að bera þau saman við ítölsku handofnu silkibindin sem Indriði klæðskeri saumar og leggur stoltur á borð í salnum við hliðina. Ormurinn gefur silkið í þráðinn hans og stenst lífvana 100% polyester gerviefni Hannesar engan samanburð. Hinn lifandi rómantíski ormur endurmyndar, endurreisir. Hann hreinsar jörðina, nærst innan hennar og dillar sér listilega í gegnum erfiðar aðstæður. Í slóð hans er nærandi líf og jákvæðni. Í slóð hins er þungi, þó með háðskum undirtóni sem ekki er gott að átta sig á hvert stefnir eða hvort sé yfirleitt að stefna eitthvað, nánast lífvana píslarvottur sem er út af fyrir sig svolítið rómantískt eins og gengur í dag. Hin endalaus hringrás. ■



eftir Böðvar Guðmundsson

Leikgerð: Bjarni Jónsson
í samvinnu við Þórhildj Þorleifsdóttur,
Vytautas Narbutas og leikhópin.

„Sýningin er veisla fyrir augað og gædd glæsilegum skyndiáhlaupum í lýsandi mannlegum örlögum sem opna stór svið tilfinninga: ótta, vonar, ósigurs og vinninga, hláturs og harma.“

Þetta er glæsilega hugsuð og velbyggð leiksýning sem er öllum þeim til sóma sem að henni standa.“

PBB DV

Viðskiptavinir KB banka fá **20% afslátt** af miðaverði á Híbyli vindanna í febrúar.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Reykjavík
Miðasala 568 8000 • www.borgarleikhus.is



KB BANKI

– hugar leikstjóri íb

NOTAÐU SKYNSEMINA!

Himinn og hafi / SIA - 9040688

UMFERÐIN SNÝST UM LÍF!

Ef þú notar ekki sjálfsgóðan öryggisbúnað hættirðu lífi þínu og annarra.
Notaðu skynsemina og spennu beltin!


UMFERDARSTOFA

VODKAKÚRINN

AUSTURBÆR

Lau. 29/01 2005 kl. 20:00 Sæti laus
Fös. 04/02 2005 kl. 20:00 Sæti laus
Lau. 05/02 2005 kl. 20:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
www.vodkakurinn.is og www.midi.is

TENÓRINN

Fös. 4. feb. kl. 20 örfá sæti
Sun. 13. feb. kl. 20
Sun. 20. feb. kl. 20 örfá sæti
Sun. 27. feb. kl. 20

Sýningum fer fækkandi

ÍÐNÓ Miðasala í síma 562 9700
www.idno.is

FADIR VOR

lau. 29. jan. kl. 20.00

Síðasta sýning

Tangóball Þriðjudaginn 1. febrúar Tangósveit lýðveldisins

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

NÍTJÁNHUNDRUÐ MAGNAÐUR EINLEIKUR!

■ Stóra sviðið kl. 20.00

ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA - Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur
Í kvöld lau. 29/1 uppselt.

DÝRIN Í HÁLSASKÓGI - Thorbjörn Egner
Sun. 30/1 kl. 14:00 uppselt, sun. 6/2 uppselt, sun. 13/2 uppselt, sun. 20/2 nokkur sæti laus, sun. 27/2. Síðustu sýningar.

EDITH PIAF - Sigurður Pálsson
Fös. 4/2 uppselt, sun. 13/2 uppselt, lau. 19/2 uppselt, lau. 26/2 uppselt, fös. 4/3 örfá sæti laus, fös. 11/3 örfá sæti laus, fös. 18/3 nokkur sæti laus.

ÓXIN OG JÖRÐIN - Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.
8. sýn. lau. 5/2 nokkur sæti laus, 9. sýn. lau. 12/2 nokkur sæti laus, 10. sýn. fim. 17/2, 11. sýn. fös. 25/2.

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00

NÍTJÁNHUNDRUÐ - Kaffileikhús - Alessandro Barrico
Í kvöld lau. 29/1 örfá sæti laus, fös. 4/2 nokkur sæti laus, fös. 11/2. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ Litla sviðið kl. 20.00

BÖNDIN Á MILLI OKKAR - Kristján Þórður Hrafnsson
Í kvöld lau. 29/1 örfá sæti laus, fim. 3/2 nokkur sæti laus, fös. 11/2. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Opíð kl. 13:00-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 13:00-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

HÍBÝLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarsögu Böðvars Guðmundssonar
Í kvöld kl 20 - UPPSELT, Su 30/1 kl 20,
Lau 5/2 kl. 20, Sun 6/2 kl 20,
Fi 10/2 kl 20 - UPPSELT,
Fö 11/2 kl 20 - UPPSELT,
Lau 12/2 kl 20 - UPPSELT, Fi 17/2 kl 20,
Fö 18/2 kl 20 - UPPSELT, Lau 19/2 kl 20
Fö 25/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20

HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Fö 4/2 kl 20, Su 13/2 kl 20
Síðustu sýningar

LÍNA LANGSOKKUR
e. Astrid Lindgren Su 30/1 kl 14,
Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14,
Su 20/2 kl 14 - AUKASÝNING,
Su 27/2 kl 14 - AUKASÝNING Síðustu sýningar

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

NÁMSKEIÐ UM VESTURFARNA HEFST Í BORGARLEIKHÚSINU 2. FEBRÚAR
Kennarar: Viðar Hreinsson, 2/2 Upphaf vesturfara Gíslí Sigurðsson, 9/2 Sagnalist Vestur Íslendinga Helga Ögmundardóttir, 16/2 Lífskjör og aðstæður frumbyggjanna Böðvar Guðmundsson, 23/2 Bréfin frá Vestur-Íslendingum. Skráning hjá Mími Símenntun á www.mimi.is eða í síma 5801800. Þátttakendum verður boðið á sýningu á Híbýlum vindanna

Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhusid.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhusid.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

VIÐ ERUM ÖLL MARLENE DIETRICH FOR
e. Ernu Ómarsdóttur og Emil Hrvatin
Aðalæfing Fi 3/2 kl 20 - kr. 1.000
Frum-sýning Fö 4/2 kl 20 - UPPSELT
Hátíðarsýning Su 6/2 kl 20
Mi 9/2 kl 20, Fi 10/2 kl 20,
Fö 11/2 - LOKASÝNING

BELGÍSKA KONGÓ
e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Su 30/1 kl 20 - UPPSELT,
Lau 5/2 kl 20 - UPPSELT,
Lau 12/2 kl 20 - UPPSELT,
Su 13/2 kl 20, Fi 17/2 kl 20, Su 20/2 kl 20
Sýningum lýkur í febrúar

AUSA eftir Lee Hall
Í samstarfi við LA. Í kvöld kl 20, Su 6/2 kl 20,
Fö 11/2 kl 20 Ath: Miðaverð kr. 1.500

SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI, SÖGN ehf. og LA
Fö 4/2 kl 20, Su 13/2 kl 20

SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
eftir Agnar Jón Egilsson. Í samstarfi við TÓBÍAS.
Su 30/1 kl 20, Lau 5/2 kl 20,
Lau 12/2 kl 20, Fö 18/2 kl 20

BOUGEZ PAS BOUGER
Frönsk - japönsk nýsirkussýning
Í kvöld kl 20 - UPPSELT
Su 30/1 kl 14 AUKASÝNING
Aðeins þessar sýningar.

LEIKHÚSMÁL: FASTRÁÐNINGAR LISTAMANNA
Í samstarfi við Leiklistarsamband Íslands
Frummælendur: Arnar Jónsson, Karen María Jónsdóttir, Viðar Eggertsson
Í dag kl 16 - Öllum opið

Slavnesk tónskáld og Bjarni Bö

Á Tíbráttónleikum í Salnum í Kópavogi í dag flytja þau Alina Dubik messósópran og Jónas Ingimundarson píanóleikari fjölbreytta dagskrá með söngvum slavneskra tónskálda, þeirra Tsjaikovski, Kartowitz, Chopin – auk íslenskra laga. Til dæmis verða flutt lög eftir Bjarna Böðvarsson sem eru mjög sérstök og flytjendum þykir ástæða til að flytja oft en gert er. Tónleikarnir hefjast klukkan 16.00.

Alina, sem er pólsk að ætt og uppruna, hefur búið um árabil á Íslandi og fyrir löngu skipað sér í fremstu röð íslenskra söngvara. Hún lærði söng við Tónlistarskólann í Gdansk og lauk burtfararprófi árið 1985. Kennari hennar þar var Barbara Iglkowska. Alina var fastráðin við óperuna í Kraká um tíma og söng víða um Evrópu, m.a. í Þýskalandi, Ítalíu og Sviss. Hún fluttist til Íslands árið 1989. Á Íslandi hefur hún haldið fjölda tónleika, sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og einnig með fjölda kóra. Hún starfar nú sem söngkennari við Nýja tónlistarskólann og Tónlistarskólann í Reykjavík.

Það sem kemur mest á óvart er tvímælalaust Bjarni Bö. „Mér finnst hann ótrúlega skemmtilegur“, segir Alina. „Hann er svo öðruvísi en allir aðrir.“ Annars er Alina ekkert endilega að fara troðnar stóðir á tónleikumum í dag. Á efnisskránni eru Aria Voina (Stríðsarian) úr Kantötu Mokva eftir Tsjaikovski. „Hún



ALINA DUBIK „Etláði að vera hér í nokkra mánuði þegar ég kom fyrir sextán árum.“

hefur aldrei verið sungin hér áður að mér vitandi“, segir Alina, „en er ákaflega falleg. Síðan syng ég fimm ljóð eftir Chopin og ljóð eftir póska tónskáldið Kartowitz sem var uppi á 19. öld.“

Þegar Alina kom til Íslands fyrir sextán árum ætlaði hún aðeins að dvelja hér í nokkra mánuði ásamt eiginmanni sínum sem einnig er tónlistarmaður. „Svo ákváðum við að vera aðeins lengur og síðan fæddust börnin fæddust hér, fóru í leikskóla og skóla og lífið bara gerðist. Synir okkar eru í Landakotsskóla, dóttir okkar í Listháskólanum í fiðlunámi hjá Guðnýju Guðmundsdóttur og þau líta á sig sem Íslendinga. Ég hef spurt þau hvort þau telji sig Íslendinga eða Pólverja og þau svara því til að þau líti á sig sem Íslendinga, jafnvel þótt við höfum alltaf talað pólsku á heimilinu. Þau tala bæði tungumálin mjög vel, án hreims og geta því vel ákveðið í hvoru landinu þau vilja búa. Þau vilja vera hér.“

Alina segist ekkert velja því fyrir sér hvernig líf hennar hefði orðið ef hún hefði ekki villst hingað til lands. „Þetta er mitt líf. Ég er að kenna í Nýja söngskólanum og hefur líkað vel. Síðan kem ég öðru hverju fram á tónleikum – og það er í rauninni það sem tónlistarfólk gerir.“ ■

Frum-sýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT

TOSCA

Landbankinn

2. sýning 13. feb. kl. 19.00 – NOKKUR SÆTI LAUS
3. sýning 18. feb. kl. 20.00 – NOKKUR SÆTI LAUS
4. sýning 20. feb. kl. 19.00 – 5. sýning 25. febrúar kl. 20.00
6. sýning 27. febrúar kl. 19.00 – 7. sýning 4. mars kl. 20.00
8. sýning 6. mars kl. 19.00 – 9. sýning 12. mars kl. 19.00

Miðasala á netinu: www.opera.is

www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN

Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 virka daga.

Ávæxtakarfan

AUSTURBÆR

Forsýning : Fös 04. feb kl. 12:00 sæti laus
Lau 05. feb kl. 15:00 örfá sæti laus
Frum-sýning : Sun 06. feb kl. 14:00 örfá sæti laus

Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 alla daga

www.midi.is

KRINGLUKRÁIN UM HELGINA

Hljómsveitin Í GEGNUM TÍÐINA um helgina

• Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
• Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
• Hópmatseðill
• Sérstakur fyrir hópa

Borðapantanir í síma 568-0878
www.kringlukrain.is

Frítt inn

Hljómsveitin Fimm á Richter heldur uppi studinu föstudag og laugardag.
Ídól á breiðtjaldi, Poolbor og boltinn í beinni alla helgina.

Með Geira Sæm í fararbroddi

Classic Sportbar Ármúla 5
Við Miðana á gamla Hollywood

SPÍTALASKIPID NEMENDALEIKHÚSIÐ
eftir Kristínu Ómarsdóttur

5. sýn. í kvöld kl. 20
6. sýn. mið. 2. feb. kl. 20
7. sýn. fim. 3. feb. kl. 20
8. sýn. fös. 4. feb. kl. 20
9. sýn. lau. 5. feb. kl. 20
10. sýn. mið. 9. feb. kl. 20

Miðaverð 1000 kr.
Sýnt í Smiðjunni - Sölvhólsgötu 13
552-1971 - leiklistardeild@hi.is

LANDIÐ VIFRA

Leiksýning byggð á barnaljóðum Þórarins Eldjárn

2. sýn. sun. 30. jan. kl. 14:00
3. sýn. sun. 13. feb. kl. 14:00

Miðaverð kr. 1.200

Miðasala s. 562 5060
WWW.moguleikhusid.is

Leikfélag Mosfellssveitar

Peysufatadagurinn
eftir Kjartan Ragnarsson í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ Leikstjóri Örn Árnason

12. sýning laugard. 29. jan. kl. 20:00

Hrunn Ólafsdóttir gagnrýnandi Mbl sagði m.a. þetta um sýninguna: „Metnaður og nákvæm vinnubrögð eru aðalmerki sýningar LM á Peysufatadeginum sem færir áhorfendur næstum sjöttu ár aftur í tímann og skal þeim óskað til hamingju með góða og láttusa sýningu.“

Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1800,-

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?
JANÚAR

26 27 28 **29** 30 31 1

Laugardagur

KVIKMYNDIR

16.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir **Andrei Rúbljov** eftir **Andrei Tarkovskí** í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

TÓNLEIKAR

15.00 Tvíeykið **Hínir** koma fram á hiphop tónleikum í Smekkleysu Plötubúð ásamt **Mezzo**.

16.00 **Alina Dubik** mezzósópran og **Jónas Ingimundarson** pianóleikari flytja söngva slavneskra tónskálda, Chopin, Karłowitz og Tschairowsky, auk íslenskra laga í Salnum í Kópavogi.

22.00 Hljómsveitirnar **Skátar** og **Brite Light** blása til sameiginlegrar útgáfuveislu í Stúdentakjallaranum við Hringbraut. Aðgangseyrir eru litlar 250 kr.



22.00 **Brain Police** og **Driver Dave** verða með tónleika á Dillon.

23.00 Kántríblús-hljómsveitin **Dandalion**, sem er afsprengi reggí-sveitarinnar Hjalma, spilar á Grand Rokk. **Lára Rúnarsdóttir** hitar upp.

LEIKLIST

20.00 Leikfélag M.H. sýnir **Martröð á jólanótt** í Loftkastalanum.

LISTOPNANIR

14.00 **Álfheiður Ólafsdóttir** opnar sýningu í Saltfisksetrinu, Hafnargötu 12a Grindavík. Sýninguna kallar hún fjallið mitt.

15.00 Tvær sýningar verða opnaðar í Listasafni Íslands. Önnur nefnist **Íslensk myndlist 1930-1945**, en hin er sýning á verki **Rúriar, Archive-Endangered Waters** sem sýnt var á Feneyjartvíæringnum 2003.

16.00 Tvær sýningar verða opnaðar í Safni, Laugavegi 37. **Stephan Stephensen** sýnir nýjar ljósmyndir í seríu sem kallast AirCondition og **Jóhann Jóhannsson** verður með innsetningu sem tengist tónverki hans „Virðulegu forsetar“.

17.00 Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, opnar sýninguna „Frá fútúrísma til mögulegrar framtíðar í ítölskum nútíma arkitektúr“ í Klink og Bank, Brautarholti 1.

SKEMMTANIR

23.00 **Fimm á Richter** leikur fyrir dansi á **Classic Rock**, Ármúla 5.

23.00 Hljómsveitin **Í gegnum tíðina** leikur á Kringlúkránni.

Trúbadorinn **Junior** skemmtir gestum Búálfisins í Hólagarði.



Sálin hans Jóns míns í Sjallanum á Akureyri.

Stuðmenn skemmta í Klúbbnum við Gullinbrú.

Dúettinn **Acoustic** spilar í Ara í Ögri.

Áki Pain og **Nonni 900** á Pravda.

Gleðisveitin **Tvöföld áhrif** verður í dúndurstuði á Odd-vitanum, Akureyri.

Pröstur 3000 á Sólon.

Hin þokkafulla **María** dansar Bollywood dansa í litríkum klæðum og sýnishornum af **Bollywood** kvikmyndahéðinni verður varpað upp á vegg á Kaffi Kúlture í Alþjóðahúsinu. Indverskir réttir verða á sérstöku tilboði og indverskt te verður á boðstólum.

Addi M. spilar og syngur á Catalinu.

Benni á 22.

Atli skemmtanalögga og **Erpur Eyvindar** snúa skífum á Kaffi Akureyri.

Hljómsveitin **Vítamín** heldur uppi dúndrandi stemmningu í Vélsmiðjunni á Akureyri.

FYRIRLESTRAR

14.00 Ítalski arkitektinn **Livio Sacchi** heldur fyrirlestur í Norræna húsinu um sýningu á ítölskum nútíma arkitektúr sem opnuð verður í Klink og Bank í dag.

FUNDIR



16.00 **Arnar Jónsson**, **Karen María Jónsdóttir** og **Víðar Eggertsson** fjalla um fastráðningar listamanna við leikhúsin á málfundi um leikhús í borgarleikhúsinu.

16.30 **Grikklandsvínafélagið Hellas** efnir til fundar í Kornhlöðunni við Bankastræti þar sem fjallað verður um fjallað um þjóðflokkinn **Herúla** sem fyrr á tímum áttu sér heimkynni við strendur Svartahafs en eiga samkvæmt kenningum fræðimanna á síðustu öld að vera forfeður Íslend-

inga. **Freysteinn Sigurðsson** jarðfræðingur flytur framsöguerindi.

SAMKOMUR

14.00 **VIMA**, vináttu- og menningarfélag **Miðaustralanda**, efnir til fundar á Kornhlöðulofninu í Bankastræti þar sem **Mörður Árnason** alþingismaður segir frá upplifun sinni, reynslu og lærdómi af **VIMA**ferð til Líbanons og Sírlands haustið 2003 og **Ragnheiður Gyða Jónsdóttir** dagskrárgerðarmaður segir frá þremur vinsælum arabískum söngkonum og spilar geisladiska með söng þeirra.

17.00 **Þorsteinn frá Hamri**, **Guðmundur Andri Thorsson**, **Kristján Eiríksson**, **Svanhildur Óskarsdóttir**, **Dórunn Sigurðardóttir** og **Margrét Eggertsdóttir** lesa kvæði eftir Hallgrím Pétursson í suðursal Hallgrímskirkju.

19.00 Þorablot Styrks, samtaka krabbameinssjúkra og aðstandenda þeirra, verður í húsi Krabbameinsfélagsins, 4. hæð.

SÝNINGAR

20.00 Franski sirkusflokkurinn **Óki Haiku Dan** sýnir „Hreyfa ekki hreyfa“ þar sem unnið er með líkamshreyfingar innan hárnákvæmra forma.

SÖNGLEIKIR

Ball með hljómsveitinni **Buff** á Gauk á Stöng.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

tilboðs dagar

Bogart Vandað leðursófasett með bycast áferð
 3+2+1 Verð aðeins kr. 229.000.- Verð áður kr. 289.000.-
 3+1+1 Verð aðeins kr. 198.000.- Verð áður kr. 249.000.-

Portland Vandaður hornsófi með slitsterku áklæði
 M/áklæði verð aðeins kr. 129.000.- Verð áður kr. 159.000.-
 M/leðri verð aðeins kr. 159.000.- Verð áður kr. 198.000.-

Val húsgögn
 Armúla 8 - 108 Reykjavík
 Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið virka daga 10-18 Laugard 11-16 - Sunnud. 13-16

ADALHLUTVERK:

JÓNSI
 HERA BJÖRK
 LINDA ÁSGEIRS
 ANDREA GYLFA
 VALUR FREYR
 HJÁLMAR HJÁLMASS

næstum
meðallt á hreinu

Nú er árshátíðin tryggð

Hvernig væri að lyfta sér upp og fara í leikhús á skemmtilega sýningu og eiga frábæra kvöldstund?

NÚ ÞEGAR HAFA TÆPLEGA 10.000 MANNS SÉÐ SÝNINGUNA OG GEFIÐ HENNI FRÁBÆRA DÓMA. NÆSTU SÝNINGAR HJÁ OKKUR Á „MEÐ NÆSTUM ALLT Á HREINU“ ERU: 19. FEBRÚAR, 4. (uppselt), 5., 19. MARS OG 2., 9., 16., 22. APRIL.

EKKI MISSA AF ÞESSARI STÓRKOSTLEGU SÝNINGU SEM SKARTAR NOKKRUM AF VINSÆLUSTU SKEMMTIKRÖFTUM LANDSINS

VERÐ:
 *SÝNING OG DANSLEIKUR 2.900 kr.
 *PRIGGJA RÉTTA MATSEÐILL, SÝNING OG DANSLEIKUR 6.400 kr.

BROADWAY WWW.BROADWAY.IS
 Netfang: broadway@broadway.is s: 533-1100
 Veffang: broadway.is

Háskólabíó

LEONARDO DICAPRIO
AVIATOR
 11 tilnefningar til Óskarsverðlauna, þ.á.m. besta mynd, besta leikstjóri, besta leikari: Leonardo DiCaprio.
 Sýnd kl. 2.45, 6 og 9.10

★★★★ Ian Nathan/EMPIRE
ALEXANDER
 STÆRSTA KJÓÐSÖN ALLRA TÍMA VAR SONN
 Epísk stórmynd sem fólk verður að sjá. Frá leikstjóranum Oliver Stone.
 Sýnd kl. 2.30, 5.45 og 9

Peningabíllinn (Le convoyer) ★★★ Kl. 8 DV
Grjóthaltu kjafiti (Tais Toi) Sýnd kl. 10
Einkadætur (Filles Unique) Sýnd kl. 4
Frá degi til dags (A La Petite Semaine) Kl. 6

Langa trúlofunin (Un long dimanche de fiançailles) Sýnd kl. 3.15, 8 og 10.30

SMÁRA BÍÓ

SIDEWAYS
 „Sideways er eins og eðalvín með góðri fyllingu. Hún er bragðgóð, þægileg og skilur eftir sig fínt eftirbragð“
 Hlaut tvönn Golden Globe verðlaun Besta myndin Besta handritið
 „Fullkomlega ómissandi mynd“ S.V. MBL ★★★★★
 Sýnd kl. 2, 5, 8 og 10.40 B.i. 14 ára
 Sýnd í LÚXUS kl. 2, 5, 8 og 10.40

TAXI
 Sýnd kl. 3.45 og 8 b.i. 10

★★★★ SV Mbl
 „Ein snjallasta mynd ársins... Ögleymanleg... ljúf kvikmyndaperla.“
FINDING NEVERLAND
 Tílnefnd til 7 Óskarsverðlauna þ.á.m. besta mynd, leikari og handrit.
 Sýnd kl. 5.50 og 10.15

★★★★ NMJ
 Kvikmyndir.com
THE INCREDIBLES
 Tílnefnd til 4 Óskarsverðlauna
 Kl. 3 og 5.30 m/isl. tali Yfir 36.000 gestir

Búi og Símon m/isl.tali. Sýnd kl. 2. TILBOÐ 400 KR.

FRÁBÆR SKEMMTUN
SAMBÍÓIN

★★★★ Ian Nathan/EMPIRE
ALEXANDER
 Sýnd kl. 5, 8.30 og 10.30 b.i. 14
 Sýnd í LÚXUS VIP kl. 2.15 og 10.30

FRÁ FRAMLEIÐINGUM SOUTH PARK
kvikmyndir.is
 „Algjör sníld. Ein af fyndnustu myndum ársins.“
TEAM AMERICA
 Sýnd kl. 2, 4, 6, 8.15 og 10.30 B.i. 14. ára

MEET THE FOCKERS Forsýnd kl. 8 Forsýnd í Lúxus VIP kl. 8

Yfir 36.000 gestir
THE INCREDIBLES
 Kl. 2.15, 3.30 og 5.45 ísl. tali kl. 1.30, 3.45, 6 & 8.15 enska
NEWLINE
 Kl. 1.30, 3.45, 6, 8.15 & 10.30
 Sýnd kl. 10.30

ALFABAKKI 587 8900 www.sambioin.is

SAMBÍÓIN FRÁBÆR SKEMMTUN

EIN VINSÆLASTA GRÍNMYND ALLRA TÍMA 3 VIKUR Á TOPPNUM Í USA



Meet the Fockers
 Misery loves family.

FORSÝND Í KVÖLD KL. 8
 Í SAMBÍÓUNUM ALFABAKKA OG KEFLAVÍK ATH: EINNIG Í VIP

Robert De Niro Ben Stiller Dustin Hoffman Barbra Streisand Blythe Danner Teri Polo

■ KVIKMYNDIR

Þrjár stuttmyndir keppa um verðlaun

Tvær stuttmyndir voru valdar á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Rotterdam sem hófst fyrir skömmu og stendur yfir til 6. febrúar. Um er að ræða myndirnar Síðasti bærinn í leikstjórn Rúnars Rúnarssonar og Skagafjörður í leikstjórn Peter Hutton. Síðasti bærinn er hluti af dagskrá sem nefndist The Ties That Bind en Skagafjörður tekur þátt í flokknum Ghostreader þar sem sýndar eru ljóðrænar og þöglar myndir þar sem ljós og skuggar eru í aðalhlutverki. Þess má geta að Nói albinói eftir Dag Kára Pétursson hlaut ein aðalverðlaun hátíðarinnar árið 2003. Að auki tekur stuttmyndin Síðustu orð Hreggvíðs í leikstjórn Gríms Hákonarsonar þátt í stutt-



SÍÐASTI BÆRINN Jón Snæbjörnsson og Rúnar Rúnarsson við tölur á Síðasta bænum.

myndahátíð í Clermont-Ferrand. Sú hátíð stendur yfir til 5. febrúar. Í tengslum við hátíðina er haldin markaðsmessa fyrir stuttmyndir þar sem Kvikmyndamiðstöð Íslands í samvinnu við systurstofnanir sínar á Norðurlöndum þar

sem sýndar verða stuttmyndirnar Síðasti bærinn, Sympathy í leikstjórn Eyrúnar Sigurðardóttur, Jóníar Jónsdóttur og Sigrúnar Hrólfsdóttur (Gjörningaklúbburinn) og Með mann á bakinu í leikstjórn Jóns Gnarr. ■

■ SÝNING

Kaffiþyrstar slöngur og tígrar

Drekka tígrisdýr espresso? Svo virðist vera, miðað við það sem hollenski ljósmyndarinn Erwin Olaf festi á filmu í sirkusferð sinni fyrir ítalska kaffiframleiðandann Lavazza, en myndir hans af sirkuslífi og hreyfiorku kaffibaunarinnar skreyta dagatal Lavazza þetta árið. Lavazza-dagatölin eru fyrir löngu orðin viðburður í listsköpun heimsins; konfekt fyrir augað. Allt frá 1994 hefur Karl K. Karlsson, innflytjandi Lavazza á Íslandi, haldið sýningar á myndum almanaksins og í dag opnar ellefta sýningin í Iðu, Lækjargötu. „Nýju myndirnar verða sýndar í kaffihúsinu en á neðri hæðum verða sýndar nokkrar af eldri myndum

Lavazza,“ segir Eygló Björk Ólafsdóttir, markaðsstjóri Karls K. Karlssonar, sem stendur í ströngu að lyfta hulunni af listaverkum ársins. „Heimskunnir ljósmyndarar skapa listaverk Lavazza, en Helmut Newton reið á vaðið. Síðan hafa myndasmíðir eins og Ellen Von Unwert og David LaChapelle hafa lagt hönd á plóg og galdrað fram þessa einstöku safngripi, en almanakið er gefið út í ögleymanlegu upplagi,“ segir Eygló um listasmíð Lavazza sem skipað hefur veigamikinn sess í kaffimenningu Ítala frá árinu 1895. Opnun sýningarinnar er milli kl 16 og 18. Veitingastaðurinn Sowieso



TÍGRISTEMJARINN TÍGULEGI Pema Lavazza-almanaksins í ár er sirkusinn í öllu sínu veldi; með mikilfenglegum hreyfanleika og töfrum þeirra sem vinna og lífa þar. Hollenski ljósmyndarinn Erwin Olaf á heiðurinn af myndsköpuninni. verður með pinnamat og annað góðgæti með bragði Lavazza og sælkeraverslunin Yndisauki verður með tilboð og veitingar í boði sem tengjast ítalskri kaffimenningu. thordis@frettabladid.is

STELPUÐAGAR
 Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI DAGANA 28. janúar - 3. febrúar

PRINCESS DIARIES 2 kl. 4:30-6:45 • 300 kr.
FairyTale Story kl. 4:30-6:30 • 300 kr.
Alfie kl. 8:30-10:30 • 300 kr.
BRIDGET JONES THE EDGE OF REASON kl. 9-11:15 • 300 kr.
Shall We Dance? kl. 9-11:15 • 300 kr.

ÁDEINS 300 kr. Á ÞESSAR MYNDIR

ALFABAKKI 587 8900

STELPUDAGAR SAMBÍÓIN
Kringlan

THE UNFORTUNATE EVENTS
Ein vinsælasta myndin í USA í 4 vikur samfleytt.
SV - MBL

THE INCREDIBLES
Yfir 36.000 gestir

Sýnd kl. 12, 2.15, 4.30 og 6.45 Sýnd kl. 12 og 2.15 **isl. tali**

STELPUDAGAR 300 kr. miðaverð á allar stelpumyndir frá 28. janúar til og með 3. febrúar

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. miðaverð á allar myndir kl. 12 um helgar í Sambíónum Kringlunni

POLAR EXPRESS **m/isl.tali.** Sýnd kl. 12 og 2.15

REGNBÖGINN
Hverfisgata 22 101 9000 Nýr og bestur

Elektra
Svakalega flott ævintýraspennumynd með hinni sjóðheitu Jennifer Garner
Sýnd kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.10

SIDEWAYS
„Fullkomlega ómissandi mynd“ S.V. MBL *****
Sýnd kl. 5.20, 8 og 10.40 B.i. 14 ára

FINDING NEVERLAND
„Ein snjállasta mynd ársins... Ógleymanleg... ljúf kvikmyndaperla.“
Sýnd kl. 3.20, 5.40 og 10.20

Birth
Sýnd kl. 10

Blade
Sýnd kl. 4, 6 og 8

www.regnboginn.is

SÍMI 553 2075 **LAUGARÁS BÍÓ** - bara lúxus

LEONARDO DICAPRIO
AVIATOR
Tilnefningar til 11 Óskarsverðlauna, þ.á.m. besta mynd, besti leikstjóri, besti leikari: Leonardo DiCaprio.
Sýnd í GLÆNÝJUM A-SAL kl. 4.30, 8 og 11.10

Birth
Sýnd kl. 5.40 og 10.10 **b.i. 16**

BLADE
Sýnd kl. 8 **b.i. 16**

BUI & SIMON
Miðaverð 400 kr.
Sýnd kl. 4 **isl. tali**

www.laugarasbio.is

Ómissandi jarðarför


[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Ég elska þessi örfáu skipti sem ég er búinn að lesa gagnrýndur nánast missa sig yfir einhverri plötu og svo þegar hún berst mér til eyrna, stenst hún þær fáránlegu væntingar sem slík skrif hafa skapað. Núna ætla ég að gera heiðarlega tilraun til þess að missa mig, þið ákveðið svo bara hvort, eða hvernig, þið viljið bregðast við.

Þetta er meistarastykki, svo einfalt er það. Hér er sálarfullum trega blandað saman við hamrandi gítara, svalan bassa og trommuundirleik og fallegar melódíur. Þau missa sig þó aldrei í sjálfsvorkun, sem er stór og hættuleg gryfja einlægra listamanna.

Þessi sveit er með hefðbundna skipan, en hikar ekki við að skreyta lög sín með harmonikkum eða tregafullum strengjalnum. Áhrifin eru víða, til dæmis hljómar strengjalánan í laginu Neighbourhood 2 (Laika) eins og hún sé ættuð úr Crouching Tiger, Hidden Dragon en undirspilið gæti verið Talking Heads eða Modest Mouse. Önnur lög minna á Blonde Redhead eða jafnvel Pixies. Eitt laganna, Crown of Love,



THE ARCADE FIRE

NIÐURSTAÐA: Það er ótrúleg sál í þessari fyrstu breiðskífu The Arcade Fire. Svipuð fegurð og í tónlist Godspeed og Sigur Rósar, skilað með minni trega, hefðbundnari lagasmíðum og hljómsveitarskipan. Ekki láta þessa framhjá ykkur fara.

hljómar svo eins og poppsmíð frá sjötta áratugnum.

Andi og yfirbragð plötunnar er þó mýkra en fyrrnefndar sveitir og kannski skyldara síðrokkssveitum á borð við Godspeed eða Sigur Rós. The Arcade Fire missir sig þó blessunarlega aldrei í óþarfa endurtekingar, eða lagalengingar, þeirrar stefnu.

Úps, ég gleymdi að missa mig alveg... hmm, plata ársins?! Æi, nei... hún kom út í fyrra... og endaði ekki á listanum mínum af því að ég var ekki búinn að heyrna hana.

Birgir Örn Steinarsson

KVIKMYNDIR

Stelpudagar í Kringlunni

Svokallaðir Stelpudagar hófust í Sambíónum Kringlunni í gær og standa þeir yfir til 3. febrúar. Verður þá fjöldi stórglæsilegra mynda, sem höfða til stelpna á öllum aldri, sýndur og verður miðaverð aðeins 300 krónur.

Um er að ræða fimm hugljúfar myndir. Fyrst ber að nefna framhaldsmyndina skemmtilegu Bridget Jones: Edge of Reason með Renée Zellweger í hlutverki þessarar skonndu fyrrverandi piparjúnku. Alfie með hjartaknússaranum Jude Law í aðalhlutverki verður einnig sýnd ásamt Shall We Dance með Richard Gere og Jennifer Lopez í aðalhlutverki. Loks eru myndirnar Princess Diaries 2 og Cinderella Story, með ungstirninu Hillary Duff, sýndar á Stelpudögum. ■



BRIDGET JONES Framhaldsmyndin Bridget Jones: Edge of Reason verður sýnd á Stelpudögum í Sambíónum Kringlunni.

KRINGLAN SAMBÍÓIN FRÁBÆR SKEMMTUN!

HÁDEGISBÍÓ - 400 kr.

THE UNFORTUNATE EVENTS
Sýnd laugardag og sunnudag kl. 12

THE INCREDIBLES
FRÁ FRAMLEIÐENDUM FINDING NEMO
BÍÐU ÞIG UNDIR HIÐ ÓTRÚLEGA!
Sýnd laugardag og sunnudag kl. 12 með íslensku tali

THE POLAR EXPRESS
ÓTRÚLEGT FERÐ EN HUGGT ER ÁBÍGNDAR BERI
Sýnd laugardag og sunnudag kl. 12 með íslensku tali

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. miðaverð á allar myndir kl. 12 um helgar í SAMBÍÓNUM Kringlunni

F2 Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir

ÚTSÖLULOK!

Á MORGUN, SUNNUDAG, LÝKUR ÚTSÖLUNNI. HJÁLPAÐU OKKUR AÐ RÝMA FYRIR NÝJUM VÖRUM OG SPARAÐU ÞÚSUNDIR.

NÝTT! KRÓNUKARFAN - Í HENNI FINNURÐU VÖRUR Á EINA KRÓNU!

byggto og búið
Kringlunni
Smáralind 554 7760 568 9400
Útsölubúðin þín!

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Jungle Book 2 8.00 Western 10.00 Just Visiting 12.00 Little Secrets 14.00 Jungle Book 2 16.00 Western 18.00 Just Visiting 20.00 Little Secrets 22.00 Bugs (Bönnuð börnum) 0.00 15 Minutes (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 Get Carter (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Bugs (Bönnuð börnum)

OMEGA

18.00 Robert Schuller 19.00 Jimmy Swaggart 20.00 Billy Graham 21.00 Believers Christian Fellowship 22.00 Kvöldljós með Ragnari Gunnarsyni (e) 23.00 Robert Schuller 0.00 Miðnæturhróp C. Parker Thomas 0.30 Næturþónvarp Blönduð innlend og erlend dagskrá

AKSJÓN

7.15 Korter 18.15 Korter 19.15 Korter 20.15 Korter 21.00 Bravó 22.15 Korter

POPP TÍVI

7.00 Meiri músík 14.00 Sjáðu (e) 15.00 Game TV (e) 17.00 Íslenski popp listinn (e) 21.00 Meiri músík

Í TÆKINU

KATE LEIKUR Í MYNDINNI JUDE KL. 21.00 Á SKJÁ EINUM Í KVÖLD

Algjör grallari

Kate Elizabeth Winslet fæddist 5. október árið 1975 í Reading á Englandi. Hún fæddist inn í leiklistarfjölskyldu þar sem foreldrar hennar voru bæði leikarar á sviði og amma hennar og afi ráku leikhús í Reading. Kate byrjaði líka snemma og fékk fyrsta verkefnið þegar hún var aðeins ellefu ára í auglýsingu fyrir morgunkorn. Næstu árin birtist hún reglulega á sviði og fékk nokkur lítil hlutverk í gamanþáttum. Fyrsta stóra tækifærið fékk hún árið 1994 þegar hún lék gelgju í myndinni Heavenly Creatures. Kate var enn þá tiltölulega óþekkt og fór í áheyrnarprufu fyrir Sense and Sensibility árið 1995. Hún heillaði strax stjórnun kvikmyndarinnar, Emmu Thompson, og fékk hlutverk Marianne Dashwood. Fyrir það hlutverk fékk hún bresku leiklistarverðlaunin og tilnefningu til

Óskarsverðlaunanna sem besta leikkona í aukahlutverki. En hlutverkið sem breytti Kate í alþjóðlega stjórnun er hlutverk Rose DeWitt Bukater í myndinni Titanic árið 1997. Fyrir það hlutverk fékk hún einnig tilnefningu til Óskarsverðlauna. Eftir það hefur hún fengið fjölda hlutverk í vinsælum myndum og er tilnefnd til Óskarsverðlauna í ár fyrir hlutverk sitt í myndinni The Eternal Sunshine of the Spotless Mind. Hún giftist leikstjóranum Sam Mendes árið 2003 og eiga þau saman dótturina Miu en skótuhiúin búa bæði í London á Englandi og New York í Bandaríkjunum.

Prjór bestu myndir
Kate:

Heavenly Creatures – 1994. Titanic – 1997. Eternal Sunshine of the Spotless Mind – 2004.



PURINA PRO PLAN LIFE PLAN

NUTRITION PROGRAMME

Pro Plan fæðulinan sérsniðin fyrir hundinn þinn

GARÐHEIMAR

Söluaðili:
Garðheimar í Mjódd • Stekkjarbakka 6
109 Reykjavík • sími 540 3300 • www.grodur.is

ECHINACEA

Sólhattur

Styrkir og verndar

NÚ ENN MEIRI AFSLÁTTUR!

50-70%

CHANGE

S M Á R A L I N D
Sími 517 7007

LAGERÚTSALA

Jerzees 408 útvistarjakki 5.000 kr
Fullt verð 15.000 kr

Dömpólóbólur Krep 500 kr

T-bolir frá 300 / Flíspeysur frá 500
Kuldagallar 1.000 / Pólóbólir frá 500
Samfestingar 1.000 / Skyrstur 1.000
Jakkar frá 1.000 / Háskólapeysur frá 500
Svuntur fyrir mótuneyti 500 / Töskur
Íþróttafatnaður / Húfur / Handklæði

Opið 9-17 virka daga
og laugardaga 11-17
Höfðabakka 9

Tanni
auglýsingavörur

Í sama húsi og Tækniháskólinn, lagerhúsnæði að norðanverðu

20.30

Gaman

Spaugstofan. Karl Ágúst, Pálmi, Sigurður, Randver og Örn eru mættir á skjáinn og gera grín að líðandi stundu.

SIJONVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar 8.01 Bú! 8.13 Brandur lögga 8.23 Bubbi byggir 8.37 Bitti nú 9.02 Ævintýri H.C Andersens 9.28 Gæludýr úr geimnum 9.55 Stundin okkar 10.25 Siggí og Gunnar 10.30 Krakkar á ferð og flugi 11.00 Viltu læra íslensku? 11.20 Kastljósið 11.45 Óp

12.15 Íþróttir 14.25 Handboltakvöld 14.45 HM í handbolta. Upphitun fyrir beina útsendingu frá leik Íslands og Alsirs sem hefst kl. 15.15. 16.45 HM í handbolta. Síundur verður leikur Þjóðverja og Júgóslava. 18.00 Táknmalfréttir 18.10 Geimskipið Enterprise

18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Laugardagskvöld með Gísla Marteini Gísl Marteinn Baldursson tekur á móti gestum í myndveru Sjónvarpsins. Stjórn upptöku: Egill Eðvarðsson.

20.30 Spaugstofan
21.00 Ást og stríð (Love And War) Bresk/kanadísk bíómynd frá 2001. Myndin gerist í seinni heimstyrjöldinni og segir frá Lundúna-stúlkunni Lily sem verður ástfangin af kanadískum hermanni. Hún flyst með honum á slétturarnar í Alberta en þar biður hennar ekki það draumalíf sem hún sá í hillingum. Leikstjóri er Lyndon Chubbuck og meðal leikenda eru Anna Friel, Brenda Fricker, Aden Young, Julie Cox, Loren Dean og Molly Parker.

22.45 Shaft Bandarísk spennumynd frá 2000. Þetta er endurgerð eldri myndar um lögreglumanninn Shaft. Hér stendur yngri frændi gamla Shafts í stórræðum og rannsakar morð sem teygir anga sína inn í valdastéttir. Leikstjóri er John Singleton og meðal leikenda eru Samuel L. Jackson, Vanessa L. Williams, Jeffrey Wright, Christian Bale og Busta Rhymes. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólk yngra en 16 ára.

0.20 Mæður Ísaks 2.00 Útvarpsfréttir í dag-skrárlök

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
6.00 Sunrise 10.00 News on the Hour 17.00 Live at Five 19.00 News on the Hour 22.00 SKY News at Ten 22.30 SKY News 23.00 News on the Hour 0.30 CBS News 1.00 News on the Hour 5.30 CBS News

CNN
12.30 People In The News 13.00 World News 13.30 World Report 14.00 World News 14.30 Diplomatic License 15.00 World News 15.30 World Sport 16.00 World News 16.30 Design 360 17.00 World News 17.30 Inside Africa 18.00 World News 18.30 World Business This Week 19.00 World News 19.30 Next@CNN 20.00 World News 20.30 The Daily Show With Jon Stewart: Global Edition 21.00 World News 21.30 World Sport 22.00 World News 22.30 International Correspondents 23.00 World News 23.30 World Sport 0.00 World News 0.30 People In The News 1.00 World News 1.30 Design 360 2.00 Larry King Weekend 3.00 World Business This Week 3.30 Global Challenges 4.00 World News 4.30 World Report

EUROSPORT
7.30 Bobsleigh: World Cup St Moritz 8.30 Football: Top 24 Clubs 9.00 Bobsleigh: World Cup St Moritz -10.30 Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy 10.45 Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy 12.15 Figure Skating: European Championship Torino Italy 16.00 Ski Jumping: World Cup Zakopane Poland 16.45 Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open 18.15 Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy 18.30 Snooker: Welsh Open Newport Wales 20.00 Boxing 22.00 Xtreme Sports: Yoz Mag 22.30 News: Eurosport-news Report 22.45 Fight Sport: Fight Club 0.45 News: Eurosport-news Report

BBC PRIME
12.00 Diet Trials 12.30 Diet Trials 13.00 Diet Trials:

21.15

Bíó

The League of Extraordinary Gentlemen. Vísindasasar um ævintýramanninn Allan sem þarf að bjarga mannkyninu frá illmennni.

SKJÁREINN

7.00 Barnatími Stöðvar 2 (Svampur, í Eirilborg, Lina langsokkur, Sullukollar, Með Afa, Véla Villi, Beyblade) 10.15 Börnin í Ólátagarði 11.45 Bold and the Beautiful

13.30 Idol Stjórnuleit (e) 15.00 Idol Stjórnuleit (e) 15.25 The Apprentice 2 (16:16) (e) 16.15 Sjálfstætt fólk (e) 16.55 Oprah Winfrey 17.40 60 Minutes (e)

18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.54 Lottó
19.00 Íþróttir og veður
19.15 Whose Line is it Anyway (Hver á þessa línu?) Kynnir er Drew Carey og hann fær til sín ýmsa kunna grínista.

19.40 Surviving Gilligan's Island (Eyðieyja Gilligans) Efniviðurinn er söttur í vinsælan sjónvarpsþátt sem sló eftirminnilega í gegn. Gilligan og félagar hreppa óveður á hafi úti en bjargast naumlega á land á ókunnri eyju þar sem hvert ævintýrið rekur annað. Aðalhlutverk: Bob Denver, Dawn Wells, Russell Johnson. Leikstjóri: Paul A. Kaufman. 2001. Leyfð öllum aldurs-hópum.

21.15 League of Extraordinary Gentl (Lið afburða herramanna) Illmennni hafa alltaf verið hluti af sögunni. Fyrir margt löngu kom það í hlut ævintýramannsins Allans Quatermain og féлага hans að bjarga mannkyninu frá glötnum. Brjálaður maður bjó yfir vopnum sem áttu sér ekki hlíðstæðu og hugðist sölsa undir sig heiminn. Aðalhlutverk: Sean Connery, Naseeruddin Shah, Peta Wilson, Tony Curran. Leikstjóri: Stephen Norrington. 2003. Bönnuð börnum.

23.10 The Big Fix (Stranglega bönnuð börnum) 0.55 The Fast and the Furious (Bönnuð börnum) 2.40 No Alibi (Stranglega bönnuð börnum) 4.10 Fréttir Stöðvar 2 4.55 Tónlist-armyndbönd frá Popp TÍVI

20:40

Grín

The Drew Carey Show. Wick neitar að leyfa Drew að taka þátt í fyrirtækjamóti í hafnabolta og Drew stofnar þá sitt eigið lið.

SKJÁREINN

14.20 Caddilac Man 15.55 Dennis the Menace: Strikes Again 17.10 Junior

19.00 Dragnet (e) Dragnet fjallar um störf úrvalssveitar lögreglunnar í Los Angeles, Rán- og morðdeildarinnar undir stjórn Joe Friday rannsóknarlögreglumanns.

20.00 Grínklukkutíminn – Gírfriendis
20.20 Ladies man Jimmy Stiles lifir ekki þrautalaus lífi enda eini karlmaðurinn á heimili fullu af konum.

20.40 The Drew Carey Show Bandarískir gamanþættir um Drew Carey. Wick neitar að leyfa Drew að taka þátt í fyrirtækjamóti í hafnabolta. Drew ákveður þá að stofna eigið lið og leyfa öllum að spila með. Steve bróðir hans er í liði Winfred-Louder og mikil samkeppni hefst milli bræðra. Drew fær Steve til að snúa leiknum upp í „björbolta“.

21.00 Jude Dramatísk kvikmynd um fólk sem býr saman utan hjónabands í upphafi seinustu aldar. Bæjarbúar afneita þeim og þau reyna að draga fram lífið í sámi fátækt. Með aðalhlutverk fara Kate Winslet, Christopher Eccleston og Rachel Griffiths.

23.00 The Long Firm (e) 23.45 Law & Order – lokabáttur (e) 0.30 Law & Order: Criminal Intent (e) 1.15 Tvöfaldur Jay Leno (e) 2.45 Östðvandi tónlist

23.00 The Long Firm (e) 23.45 Law & Order – lokabáttur (e) 0.30 Law & Order: Criminal Intent (e) 1.15 Tvöfaldur Jay Leno (e) 2.45 Östðvandi tónlist

DISCOVERY
8.00 Rex Hunt Fishing Adventures 8.30 Virtual History 9.00 Walking With Dinosaurs 10.00 Dinosaurs Planet 11.00 Extreme Machines 12.00 Crowded Skies 13.00 The Atlantis 14.00 Extreme Engineering 15.00 Dream Machines 15.30 Ultimate Cars 16.00 Building the Ultimate 16.30 Massive Machines 17.00 Virtual History 19.00 Ultimates 20.00 American Chopper 21.00 Rides 22.00 Secret Life of Formula One 23.00 Trauma – Life in the ER 0.00 Letters from a Serial Killer 1.00 Rides 2.00 Rex Hunt Fishing Adventures 2.30 Mystery Hunters 3.00 Hunt Whites Down Under 4.00 Ray Mears' Extreme Survival

MTV
12.30 The Fabulous Life of 13.00 The Fabulous Life of 13.30 Filthy Rich 14.00 All Access – Rock's Rich List 15.00 TRL 16.00 Dismissed 16.30 Globally Dismissed 17.00 Dance Floor Chart 18.00 European Top 20 19.00 Exit Short Films 19.30 The Fabulous Life of 20.00 Viva La Bam 20.30 The Assistant 21.00 Top 10 at Ten 22.00 MTV – I Want A Famous Face 22.30 MTV Mash 23.00 Just See MTV 2.00 Chill Out Zone 4.00 Just See MTV

VH1
9.00 Then & Now 9.30 VH1 Classic 10.00 Love Is? Top 10 11.00 Smells Like the 90s 11.30 So 80's 12.00 When Star Wars Ruled the World 13.00 When Abba Ruled the World 13.30 When Disco Ruled the World 15.00 When Queen Ruled the World 15.30 When Rock Ruled the World 16.00 So 80's 17.00 Fabulous Life of 17.30 Birth of Madonna 18.00 Smells Like the 90s 19.00 VH1 Classic 19.30 Then & Now 20.00 When Super Models Ruled the World 21.00 When Playboy Ruled the World 22.00 Viva la Disco

CARTOON NETWORK
10.00 Dexter's Laboratory 10.25 Courage the Cowardly

VIÐ MÆLUM MEÐ...

SOUTHAMPTON – PORTSMOUTH

SÝN kl. 12.15

Stórleikur helgarinnar

Bæði liðin eru frá suðurströnd Englands.

Leikurinn er upphafsleikur fjórðu umferðar í ensku bikarkeppninni og stefnir í að þetta verði stórleikur helgarinnar. Southampton hefur verið sigursæla í viðureignum sínum við Portsmouth í bikarkeppninni og hefur unnið allar þrjár. Tölfræðin er Southampton líka í víl því liðið hefur ekki tapað heimaleik síðan um miðjan september.

Portsmouth og Southampton hafa hvort um sig unnið bikarkeppnina einu sinni. Portsmouth hefur þó aðeins unnið tvo af sjö leikjum síðan Velimir Zajec var ráðinn knattspyrnustjóri. Portsmouth er fjórum sætum hærra en Southampton og koma Southamptonmenn því tveifdir til leiks til að vinna upp muninn.



Allt stefnir í hörkuleik á milli þessara tveggja liða í bikarkeppninni.

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Now then, tell me. What did Miggs say to you? Multiple Miggs in the next cell. He hissed at you. What did he say?“

Svar: Hannibal Lecter úr kvikmyndinni The Silence of the Lambs frá árinu 1991.



► 16:55 Íþróttir

Enski boltinn. Bein útsending frá leik Manchester United og Middlesbrough í 4. umferð bikarkeppninnar.

SÝN

9.55 US PGA 2005 – Monthly 10.50 Bestu bikarmörkin 11.45 Enski boltinn. Ítarleg umfjöllun um 4. umferð bikarkeppninnar.

12.15 Enski boltinn. Bein útsending frá leik Southampton og Portsmouth í 4. umferð bikarkeppninnar. 14.25 The World Football Show 14.50 Enski boltinn. Bein útsending frá 4. umferð bikarkeppninnar. ► 16.55 Enski boltinn. Bein útsending frá leik Manchester United og Middlesbrough í 4. umferð bikarkeppninnar.

19.10 World Supercross (Angel Stadium of Anaheim) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Hér eru vélhjólakappar á öflugum trylli-tækjum (250rsm) í aðalhlutverkum. Keppt er víðsvegar um Bandaríkin og tvisvar á keppnistímabilinu bregða vélhjólakapparnir sér til Evrópu.

20.00 Inside the US PGA Tour 2005 (Bandaríska mótaröðin í golfi) Vikulegur fréttabáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt. Hér sjáum við nærmynd af fremstu kylfingum heims og fáum góð ráð til að bæta leik okkar á golfvælinum. Ómissandi þáttur fyrir golfáhugamenn.

20.25 Spænski boltinn (Sevilla – Barcelona) Bein útsending frá leik Sevilla og Barcelona. Gestirnir gefa ekkert eftir toppbaráttunni og hafa sjö stiga forystu á Real Madrid. Heimamenn erusjálfrí í fjórða sæti deildarinnar og stefna ótrauðir á þátttöku í Meistaradeildinni næsta vetur.

22.25 K-1 Það er ekkert gefið eftir þegar bardagaþróttir eru annars vegar. Hér mætast sannkölluð hörkutól í spark-boxi, karate og fjölmörgum öðrum greinum semallar falla undir bardagaþróttir. Sýnt er frá K-1 úrtöku-móti í Bandaríkjunum.

1.10 Hnefaleikar (Arturo Gatti – Leonard Dorin) 2.00 Hnefaleikar. (Arturo Gatti – Jesse James Leija) Bein útsending frá hnefaleikakeppni í Atlantic City.

Dog 10.50 Time Squad 11.15 Sheep in the Big City 11.40 Evil Con Carne 12.05 Top Cat 12.30 Looney Tunes 12.55 Tom and Jerry 13.20 The Flintstones 13.45 Scooby-Doo 14.10 Ed, Edd n Eddy 14.35 The Powerpuff Girls 15.00 Codename: Kids Next Door 15.25 Dexter's Laboratory 15.50 Samurai Jack 16.15 Courage the Cowardly Dog 16.30 The Pagemaster 17.55 Tom and Jerry 18.20 The Flintstones 18.45 Wacky Races

FOX KIDS

9.20 Eerie, Indiana 9.45 Black Hole High 10.10 So Little Time 10.35 Princess Sissi 11.05 Braceface 11.30 Lizzie McGuire 11.55 Totally Spies 12.20 Digimon I 12.45 Inspector Gadget 13.10 Iznogoud 13.35 Life With Louie 14.00 Three Friends and Jerry II 14.15 Hamtaro 14.40 Uboos 15.05 Goosebumps 15.30 Goosebumps

MGM

7.10 Safari 3000 8.40 Ring of the Musketeers 10.05 Who Was Geli Bendi? 11.35 The Kentuckian 13.20 Pieces of Dreams 15.00 Vigilante Force 16.30 Signs of Life 18.00 Vietnam Texas 19.30 Midsummer Night's Sex 21.00 Electra Glide in Blue 22.50 Gate II 0.25 Straight Out of Brooklyn 1.50 Inside Out 3.15 A Trip with Anita

TCM

20.00 Buddy Buddy 21.35 The Philadelphia Story 23.30 Pride of the Marines 1.30 Operation Crossbow 3.25 Eye of the Devil

HALLMARK

8.00 Not Just Another Affair 9.45 My Louisiana Sky 11.30 McLeod's Daughters 12.15 Dynasty: Behind the Scenes 13.45 The Magical Legend of the Leprechauns 15.15 Not Just Another Affair 17.00 My Louisiana Sky 18.45 McLeod's Daughters 19.30 The Mystery of Natalie Wood 21.00 Sworn to Vengeance 22.30 Lifepod

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Samfélagið í nærmynd 8.05 Músik að morgni dags 9.03 Út um græna grundu 10.15 Forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu 11.00 Í vikulokun
12.20 Hádegisfréttir 13.00 Laugardagsþátturinn 14.00 Til allra átta 14.30 Í upphaldi 15.20 Með laugardagskaffinu 15.45 Íslenskt mál 16.10 Orð skulu standa 17.00 Rökkurrokk
18.00 Kvöldfréttir 18.28 Í þjónustu hennar há-tignar 19.00 Íslensk tónskáld 19.30 Stefnumót 20.15 Leiðarljós og spegilmynd 21.05 Fimm fjórðu 22.15 Lestur Passíusálma
22.25 Púlsinn á föstudegi 23.10 Danslög

BYLGIJAN FM 98,9

7.00 Reykjavík Síðdegis - Það Besta Úr Vikunni 9.00 Sunnudagsmorgunn á Bylgjunni
12.00 Hádegisfréttir 12.20 Rúnar Róbertsson 16.00 N á tali hjá Hemma Gunn
18.30 Kvöldfréttir 19.00 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan
12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.08 Með grátt í vöngum
18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 PZ-senar 22.10 Næturgalinn
2.03 Næturtonar 6.05 Morguntónar

ÚTVARP SAGA FM 99,4

10.03 Lífsleikni (Ásdís Olsen) 11.00 Morgun-stund með Rósu Ingólfs 11.03 Rósa Ingólfs
12.25 Smáauglýsingar 13.00 Heil og sæl (endurfl.) 14.00 Menningabátturinn 16.00 Endurflutningur frá vikunni sem er að líða

ÚTSAKA Þetta er aðeins brót af úrvalinu

20" **18% afsláttur**

ELFUNK 2009 Verð áður 16.995
20" sjónvarp með textavarp. Scart tengi. Allar aðgerðir á skjá. Fullkomin fjarstýring.

25% afsláttur

5.995 Verð áður 7.995
PCD-910PLLMP MP-3 ferðageislaspilarí með útvarpi og hristivörn
44% afsláttur

8.995 Verð áður 15.995
XP-ER800R Ferðageislaspilarí með útvarpi og hristivörn

Frábært verð!

28" Verð áður 28.995
25.995

CTV-2834KTNB 28" sjónvarp. Ísl. textavarp. 2 Euro scart tengi. Heyrnatólatengi. Allar aðgerðir á skjá. Fullkomin fjarstýring.

Spilar öll kerfi **38% afsláttur**

4.995 Verð áður 7.995

DVS-550 DVD spilarí sem spilar öll svæði. Spilar: DVD/VCD/SVCD DVD+RW/DVD+R/DVD-R/DVD-R/JPG/MP-3/KODAK diska. Dolby Digital.

ZX-T30F Hljómteki með geislaspilara, útvarpi og víðarhátölurum.

6.995 Verð áður 9.995

30% afsláttur

20.000 afsláttur

20" LCD

ELFUNK LT-2001 20" LCD sjónvarp. Upplausn 1280X768. Nicam stereo. AV inngangur. PC inngangur. 2 scart tengi. S-Video. Heyrnatólatengi. Gengur fyrir 12 og 200 Voltum.

69.995 Verð áður 89.995

23% afsláttur

9.995 Verð áður 12.995

70044 2000 watta ryksuga

14" **9.995**

Komin aftur ELFUNK 1433 14" sjónvarp með textavarp.

20% afsláttur

7.995 Verð áður 9.995

MWO2390GD 23 lítra örbylgjuofn með grilli. Stafrænn 900/1000 wött

80.000 afsláttur

27" LCD

ELFUNK LT-27 27" LCD sjónvarp. Breiðtjaldssjónvarp. Upplausn 1280X768. Nicam stereo. AV inngangur. PC inngangur. 2 scart tengi. S-Video. Heyrnatólatengi.

119.995 Verð áður 199.995

www.radio.is
RADIÓBÆR
ARMÚLA 38 • SÍMI 553 1133



HRÓSIÐ

... fæst Auður Jónsdóttir fyrir bók sína Fólkið í kjallaranum. Auður hlaut í fyrradag Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fagur-bókmennta.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

Lárétt: 2 ata, 6 jökull, 8 dropi, 9 skálda, 11 einkennisstafir flugvéla, 12 lélegt, 14 lífir, 16 ekki, 17 fljótið, 18 að utan, 20 einkennisstafir, 21 kröftuga. Lóðrétt: 1 vörumerki, 3 veisla, 4 aflið, 5 eignir látins manns, 7 írinn, 10 fyrrum leiðtogi, 13 veitingastaður, 15 væta, 16 viðartegund, 19 komast.

Lausn:

7 keldinn, 10 mað, 13 krá, 15 raki, 16 el, 19 ná. Lóðrétt: 1 boss, 3 át, 4 máttinn, 5 arf, 6 kára. Lárétt: 2 kama, 6 ok, 8 tár, 9 sem, 11 tí, 12 slátt, 14 tónn, 16 el, 17 ána, 18 ínn, 20 nk, 21

5STELPUR SPURÐAR

Kveðjustundin?



Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir: Margt óupplifað

Ég hef aldrei upplifað hana. Ég á svo margt óupplifað í lífinu og kveðjustundin er eitt af því.

Edda Björgvinsdóttir: Bless í beli

Ég hata kveðjustundir!! Hvað getur maður sagt? „Bless í beli“ eins og stúlkan í bakariinu sagði alltaf í gamla daga? Eða „Eigi skal bogna sagði munkurinn og skeit standandi“ eins og pabbi segir

stundum? Hvað með kveðjuorðin: „...erekkibaralliristuði... ha?????“ Og svo sjáumst við í leikhúsinu.

Guðrún Ásmundsdóttir: Með kveðjufælmi

Ég er mjög lukkleg yfir að kveðjustundin skuli koma einmitt nú, þar sem ég hef nýlengi námskeiði í kveðjustundum. Hef ég allt mitt líf verið haldin vissri kveðjufælmi. Og sögðu góðir vinir mínir að nú væri kominn prófessor frá Nýja Sjálandi til landsins og væri hann sérfræðingur í fjölfælni og væri nú að hefja námskeið í algengustu fælinni

sem væri kveðjufælmi. Er ég nú að losna úr viðjum allskyns fælni og ætla að nota mér orð meistarans, en þau hrutu af vörum hans okkur til heilla í síðustu viku. „Hafið þið stundina nógu einfalda vinir mínir,“ sagði hann „seg-iði bara bless“.

Unnur ÖspStefánsdóttir: Siffelldar kveðjustundir

Við erum alltaf að kveðja...kveðja verkefni, kveðja tímabil, kveðja hvort annað. Á kveðjustund fyllumst við tómatilfinningu og trega en á sama tíma er hún upphafið á einhverju nýju. Ég

kveð ykkur nú með von um að kalt hvítvín, grillaður kjúklingur og bjartar sumarnætur taki sem fyrst á móti okkur. Umfram allt kveð ég með einlægri von um að við hittumst sem fyrst á næsta horni ;) Með þökkum fyrir ljúfar stundir.

Björk Jakobsdóttir: Ópolandi

Poli þær ekki. Ef ég nauðsynlega verð að ganga gegnum þær er best að hafa þær eins stuttar og hægt er. Og ekki kveðja að eilífu. Sjáumst seinna er mín kveðja til ykkar allra.



GIORGIO ARMANI OG ALVARO CALVI Á GÓÐRI STUND Á VEITINGASTAÐ ARMANIS, NOBU Armani bauð Alvaro Calvi, starfsmanni Sævars Karls, á einkasýningu vetrarlinunnar 2005 til 2006 í Milanó um síðustu helgi. Þeir Alvaro ræddu heima og geima, en Armani hefur enn ekki heimsótt Ísland, sem þó er eitt fárra landa sem selja sérsaumuð Armani-jakkaföt.

ALVARO CALVI: NAUT HÖFÐINGLEGS FÉLAGSSKAPAR GIORGIO ARMANI

Laus við stjórnustæla

Það var fyrir sléttri viku sem Alvaro Calvi, verslunarstjóra hjá Sævari Karli, var boðið á einkasýningu ítalska fatahönnuðarins Giorgio Armani í Milanó. Armani sjálfur var á staðnum; geislandi mikilúðlegum sjarma; hlýlegur og gestrisinn.

„Það var frábært að hitta Armani. Hann tekur vel á móti fólki og ræddi við mig áhugasamur um Ísland,“ segir Alvaro sem fyrr um daginn sat tvær sýningar á vetrarlinu Armani 2006 til 2006. Um kvöldið var partí á veitingastaðnum Nobu, sem er í eigu Armani.

„Við ræddum málin vítt og breitt en mér fannst áberandi hvað Armani var almennilegur og laus við alla stjórnustæla og mont. Ég vona að hann sé þannig við alla. Hann sagðist aldrei hafa komið til Íslands, en vissi að landið liggur að Norðurpólnum. Honum þótti undur og stórmerki að í Reykjavík væri verslun sem selur sérsaumaðan Armani-fatnað, en það gera sárafaár búi-ir í heiminum.“

Það var árið 1983 sem Sævar Karl hóf að selja Armani á Íslandi, en vinsældir þess vörumerkis hafa verið miklar og stígan-andi ár frá ári.

„Armani hefur átt þessari miklu velgengni að fagna því hann býður alltaf það besta og minnkar aldrei gæðin. Efni, snið og saumaskapur er það flottasta sem fæst í veröldinni. Fötin eru fyrir alla sem vilja líta vel út og eru þægileg, en það leggur Armani út frá. Hann sér ávallt um að kynna sína hönnun sjálfur; jafnvel þótt það þýði sex tísku-sýningar á dag. Þá er Armani þekktur fyrir að hanna mikið sjálfur, þótt auðvitað hafi hann marga hönnuði á sínum snærum,“ segir Alvaro sem sjálfur heldur mikið upp á Armani.

„Jakkaföt frá Armani kosta frá 88 þúsund og eru alls ekki dýr miðað við gæði, en menn verða að kunna að meta gæðin. Armani klæðir alla og hægt að sérsauma eftir máli þótt menn séu ekki eins og gínur í laginu; við höfum efnin og tókum mál

sem við sendum beint til Armani á Ítalíu.“

Alvaro segir ljóst að Armani passi vel upp á Íslurnar og útlitið, en ítalska góðið var valið eitt af fimmtíu fegurstu manneskjum á jörðinni 1991 og lítur síst út fyrir að vera kominn á áttaræðisaldurinn. „Maður sér að hann passar sig og stundar líkamsrækt. Á honum eru engin aukakíló og hann hefur líkama ungs manns. Armani er auðvitað fagurkeri sem lifir og hrærist í því að láta sér líða vel og líta vel út. Hann er sólbrúnn en eftir nýjustu tækni, eins og allir Ítalir sem vilja líta vel út. Hvort hann hafi svo farið í lýtaaðgerð veit ég ekki, né vil vita,“ segir Alvaro hlæjandi og kærir sig kollóttan. Hann er sjálfur fæddur í Bólívíu en er af ítölskum ættum.

„Jú, ætli tískuáhuginn skrifist ekki á ítölsku genin. Ég hef unnið í búðinni hjá Sævari Karli í áratug. Þetta er frábært starf og á vel við mig. Svo var bara hreinn plús að hitta Armani.“

thordis@frettabladid.is

Ferð fyrir tvo á U2-tónleika

Almenningi er nú boðið að giska á sigurvegara Íslensku tónlistarverðlaunanna í eins konar veðbanka á visir.is. Verðlaunin verða afhent í Þjóðleikhúsinu þann 2. febrúar. Á síðunni er hægt að giska á hver muni vinna í hverjum flokki og eru vegleg verðlaun í boði fyrir þann sem nær flestum réttum. Vinningshafinn hlýtur ferð til Kaupmannahafnar með Ícelandair ásamt gistingu fyrir tvo, miða á tónleika með U2 í Parken og 2.000 krónur danskar í gjaldreyri frá Landsbankanum. Einnig er hægt að taka þátt í kosn-

ingu á vinsælasta flytjanda Íslands með netkosningu á visir.is. Netkosningin stendur til klukkan 18 að kvöldi 1. febrúar. Daginn eftir hefst svo síma- og SMS-kosning og stendur valið á milli þeirra fimm efstu í netkosningunni.

Vinsælasti flytjandi ársins er valinn úr hópi þeirra sem hlutu tilnefningu í Popp- og Rokkflokki og Jazzflokki. Niðurstaðan í vali almenningssins á vinsælasta flytjenda ársins 2004 verður svo kynnt í lok útsendingar frá hátíðarsamkomu tónlistarmanna í Þjóðleikhúsinu. Tveir heppnir þátttakend-



U2 Sá sem kemst næst því að veðja á rétta sigurvegara Íslensku tónlistarverðlaunanna á visir.is hlýtur ferð fyrir tvo á U2-tónleika.

ur verða dregnir úr potti að kvöldi 1. febrúar og fá miða fyrir tvo á hátíð Íslensku tónlistarverðlaunanna. ■

ÚTSÖLULOK
ÚTSÖLULOK
ÚTSÖLULOK
ÚTSÖLULOK
ENN MEIRI AFSLÁTTUR

Dæmi:
85%
afsláttur af fluguhnýtingaefni í tilboðskassa, yfir 2.000 stk.

70% afsláttur af skotlinum
45% afsláttur af LOOP Black line flugustöngum
45% afsláttur af LOOP goretex vöðlujakka.
30% afsláttur af öllum LOOP stöngum

Opið:
Laugardag 10-17
Sunnudag 11-15

15-20% aukaafsláttur á kassa á mörgum vörum!

ÚTIVIST og VEIÐI
www.utivistogveidi.is

Síðumúla 11 • 108 Reykjavík • S: 588-6500



Góð ávöxtun vegur þungt

– og þar erum við á toppnum!

ÁVÖXTUN ÁRIÐ 2004

Innlend hlutabréf*



Hlutabréfasjóður ÍV

Úrvalsbréf Landsbankans
Sjóður 10
ÍS-15 Íslensk hlutabréf
Einingabréf 9

Íslensk verðbréf - Eignastýring hf.

Landsvaki hf. 55.0%
Rekstrarfélag ÍSB hf. 51.2%
Rekstrarfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf. 47.0%
Rekstrarfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf. 43.7%

56,4%

*Fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003 sem hafa rými heimildir til fjárfestinga en verðbréfasjóðir og þar með eru þeir í eðli sínu áhættumeiri fjárfesting

Íslensk skuldabréf - löng**



Verðbréf 1- Ríkisskuldabréf

Ríkisverðbr.sj.- langur (áður Húsbréfad.)
Sjóður 7
Skuldabréfasjóðurinn
Skuldabréfasjóður Landsbankans

Íslensk verðbréf - Eignastýring hf.

Rekstrarfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf. 14,3%
Rekstrarfélag ÍSB hf. 13,9%
SPH rekstrarfélag hf. 12,2%
Landsvaki hf. 11,4%

15,3%

**Verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 sem fjárfesta eingöngu í ríkistrygðum bréfum

Allir sem fjárfesta í sjóðum hjá Íslenskum verðbréfum hf. fyrir lok febrúar 2005 fá **100%** afslátt af mismun á kaup- og sölugengi.

Sjóðir í sölu Íslenskra verðbréfa hf., í innlendum hlutabréfum og löngum skuldabréfum eru með bestu ávöxtun eins og sjá má hér að ofan.

Athygli fjárfesta er vakin á því að nálgast má útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu hjá Íslenskum verðbréfum hf.

Skoðaðu nánar á síðu Lántrausts hf., www.sjodir.is
Hlutlaus aðili - réttur samanburður.

Íslensk verðbréf hf. er eina sérhæfða fyrirtækið á sviði eignastýringar á Íslandi og stýra í dag um 55 milljörðum króna fyrir hönd fjárfesta.

Skoðaðu heimasíðu okkar www.iv.is

Eignastýring er okkar fag!



ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

Hjarðeðlið

Það er alveg sama hversu margar popphljómsveitir syngja um það að maður eigi að vera maður sjálfur og það er alveg sama hversu margir sálfræðilega þenkjandi einstaklingar fjalla um mikilvægi þess að maður finni sjálfan sig. Eflí sérkenni sín. Ekkert af þessu skiptir nefnilega máli þegar hjarðeðli mannsins er annars vegar. Málið er nefnilega það að við erum meira eða minna öll eins. Að minnsta kosti erum við miklu meira eins en við þorum að viðurkenna. Held ég.

ÉG skal bara nefna dæmi. Um daginn hélt ég að ég væri mikill sérvitringur. Alveg á skjön við samfélagið. Ég var nefnilega spá í að skrá mig á námskeið um Íran og Kóraninn og þess háttar. Maður hefði haldið að fáir hefðu áhuga á því nú á þessum tímum þegar allir eru uppteknir af því að kaupa hús og innrétta íbúðir. En nei takk. Það var ekki þannig. Greint var frá því í fréttum, áður en ég hafði hreyft legg eða lið, að metþátttaka væri á námskeiðinu. Íslendingar voru allt í einu orðnir sérstakir áhugamenn um Kóraninn (eða Kóralinn eins og einn góður maður kallaði hina merku bók). Þetta er alltaf svona. ALLTAF er maður eins og allir aðrir.

ÉG keypti mér brúnan leðurjakka einu sinni. Las það auðvitað skömmu síðar í tveggja mánaða gömlu tísku- blaði að nú væru allir í brúnum leðurjökkum vegna þess að Brad Pitt hefði verið í svoleiðis jakka í einhverri bímynd. Hvernig stendur á þessu? Er maður kannski bara læmingi? Hópdýr? Stekkur fram af bjargbrúninni á sama tíma og allir aðrir? Í öllu falli leið mér nákvæmlega þannig þegar ég ætlaði einu sinni að græða peninga. Það var í gegnum keðjubréf. Fleiri höfðu fengið sömu hugmynd. Ég reyndist vera aftastur í keðjunni, sem var ekki gott.

NÆRRI undantekningalaust þegar mér finnst einhver stelpa sæt kemur í ljós að öllum öðrum strákuum finnst hún sæt líka. Maður má ekki eiga neitt í friði. Ég man til dæmis eftir vonbrigðunum einu sinni þegar ég sá það í blaði, sem menntaskólastrákur, að stelpa sem ég var hrifinn af var valin af einhverjum ljósmyndara sem ein af kynþokkafyllstu stelpum Íslands. Hvurs lags eiginlega er þetta?

Í EINA skiptið sem mér hefur tekist að vera eitthvað spes var þegar allir unglingar áttu BMX-hjól. Þá átti ég nefnilega hjól sem bar skammstöfunina CBX og var framleitt í Bandaríkjunum rétt áður en BMX-æðið byrjaði. En þá kom upp alveg spánnýtt vandamál. Mér leið alltaf hálf asnalega á hjóli sem hét ekki sama nafni og öll hin.

ÞETTA er hjarðeðlið. Maður getur rakið dæmin endalaust. Allan daginn. Allan ársins hring. Ég hélt til dæmis á tímabili að ég tilheyrði minnihlutahópi með því að vera á móti því að Ísland styddi Íraksstríðið. En það var nú aldeilis ekki. Hjörðin veit nefnilega sínu viti og er alls ekki jafn vitlaus og sumir halda. Sem betur fer. ■

Hreint skipulag

20. janúar til 20. febrúar



690,-
PRESSA strauborð fyrir borð
73x32x13 sm



ANTONIUS hirsla
44x54x77 sm 3.265,-



SKUBB hilluhengi
15x120x35 sm 1.190,-



PRESSA þvottaklemmur
21 stk. 125,-



895,-
MANGEL þurrkgrind
81x54x90 sm



SLUGIS geymslukassi með hjólum 56x35x30 sm 785,-




LINNAN hirsla
30x22x34 sm 550,-



895,-
RUTER strauborð
108x33x90 sm



RIGGA fataslá
118x160 sm 1.490,-



BUMERANG herðatré
8 stk. 490,-



SLUGIS geymslukassi
35x27x13 sm 245,-



490,-
JÄLL þvottakarfa
41x43x64 sm



Sænskar kjötbollur með kartöflum, týtuberjasultu og rjómasósu, 10 stk.

350,-

IKEA Restaurant

